


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Heilsa










# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
4. ágúst 2011
179. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Brot af því besta

*Listasafn ASÍ opnar sýningu í tilefni af fimmtíu ára afmæli safnsins.*

**tímamót** 22

## Klappstýra Íslendingum

*Þeir Alexander og Pétur kynna klappstýruíþróttina á Íslandi.*

**fólk** 42



## Eyjamenn á flugi

*Eyjamenn mættu ferskir eftir Þjóðhátíð og minnkuðu forskot KR í tvö stig.*

**Sport** 36

### veðrið í dag




**BEST NORÐAN TIL** í dag má búast við NA- og A-átt, yfirleitt 3-8 m/s. Víða verður þungbúið og búast má við smá vætu í flestum landshlutum, síst norðanlands. Bætti í úrkomu A-til er líður á daginn. **VEÐUR 4**



**SVIÐIÐ BÍÐUR** Mikið var um dýrðir á fjórtándu Draggkeppni Íslands sem haldin var í Hörpunni í gærkvöld. Undirbúningur stóð yfir í allan gærdag og kepptust kóngar og drottningar um sæti í förðunarstólum tónlistarhússins. Hér sjást þau Chiga, Guðjón og Sigga B. tilbúin að stíga á svið. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Kostar 1,8 milljarða að breyta

**Það kostar nánast það sama að breyta Vífilsstöðum í fangelsi og að reisa nýtt og fullkomið húsnæði. Aðrir kostir en nýbygging eru nú í athugun hjá ráðuneytinu.**

**FANGELSISMÁL** Kostnaður við að breyta Vífilsstöðum í fangelsi nemur 1,8 milljörðum króna, samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu. Kostnaður við byggingu nýs gæsluvarðhalds- og öryggisfangelsis er áætlaður um tveir milljarðar króna.

Stjórnvöld eru nú að kanna ýmsa aðra kosti en nýbygginguna, meðal annars Víðines, Vífilsstaði og Arnarholt. Innanríkisráðuneytið vinnur að úttekt á kostunum og mun hún líta dagsins ljós á næstu dögum. Samkvæmt henni myndi kostnaður við að breyta hjúkrunarheimilinu í Víðinesi í fangelsi vera umtalsverður, en ekki er ljóst á þessari stundu hve hár hann yrði.

> Það er ekki óeðlilegt að menn fari rækilega yfir málin áður en ráðist er í stórframkvæmdir.
>
> ÖGMUNDUR JÓNASSON INNANRÍKISRÁÐHERRA

Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu er það talinn mjög óheppilegur kostur og ekki fullnægja þeim markmiðum sem stefnt er að. Talið er að verði sú leið farin muni það seinka því að hægt verði að taka nýtt fangelsi í notkun um eitt ár, miðað við nýbygginguna.

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir með ólíkindum á hvaða plan umræða um fangelsismál sé komin. Mikið ferli sé að breyta eldra húsnæði í fangelsi og óvíst sé hvort það henti. „Hugmyndir af þessu tagi eru því algjörlega út í hött.“

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir að málið verði til lykta leitt á borði ríkisstjórnarinnar. „Það er ekki óeðlilegt að menn fari rækilega yfir málin áður en ráðist er í stórframkvæmdir.“ Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir alla kosti til skoðunar og ákvörðun verði tekin í þessum mánuði.

**- kóp, jss /** **sjá síðu 6**






Svíi gæti átt yfir höfði sér allt að tveggja ára fangelsi vegna tómstundagamans:

# Reyndi að kljúfa atóm í eldhúsinu

**SVÍÞJÓÐ, AP** Rúmlega þrítugur Svíi, Richard Handl, getur átt yfir höfði sér allt að tveggja ára fangelsi eftir að hann var handtekinn í síðasta mánuði fyrir að reyna að kljúfa atóm í eldhúsinu sínu.

Handl sagði lögreglunni að iðjan væri einungis tómstundagaman. Í samtali við AP-fréttastofuna segir hann að í íbúð hans í Suður-Svíþjóð hafi verið geislavirku efnin radíum, ameríkín og úraníum þegar lögreglan birtist og handtók hann fyrir að hafa þau undir höndum. Slíkt er ólöglegt. Handl segir að hann hafi reynt að útbúa kjarnaklúf heima hjá sér mánuðum saman og hélt úti bloggi um tilraunir sínar, þar sem hann lýsti því meðal annars hvernig hann hefði búið til lítið kjarnorkuslys á eldavélinni sinni.

Það var ekki fyrr en síðar að Handl áttaði sig á því að tómstundagaman hans gæti hugsanlega verið ólöglegt. Því sendi hann fyrirspurn til sænskra geislavarnaryfirvalda, sem svöruðu með því að gera lögreglunni viðvart.

„Ég hef alltaf haft áhuga á eðlis- og efnafræði,“ segir Handl og bætir við að hann hafi einungis viljað komast að því hvort hægt væri að kljúfa atóm heima við.

Mælingar sýndu þó fram á að geislavirkni í íbúð Handls var undir hættumörkum. **- sv**







## SPURNING DAGSINS



*Anna Kristine, væri ekki betra að reisa lúxusskattahótel?*

„Nei, það væri betra að koma öllu slíku fyrir kattarnef.“

Anna Kristine Magnúsdóttir, formaður Kattavinafélagsins, segir að til standi að gera kattahótelið í Kattholti að lúxuskattahóteli.

Hagnaður 365 miðla árið 2010 nam 360 milljónum króna eftir skatta og handbært fé var 1.106 milljónir:

# Tap útgáfufélags snýst í hagnað á milli ára

**VIÐSKIPTI** Hagnaður 365 miðla, útgáfufélags Fréttablaðsins, árið 2010 var 360 milljónir króna eftir skatta og handbært fé frá rekstri 1.106 milljónir. Eigið fé var rúmir tveir milljarðar um áramót. Eru þetta upplýsingar úr ársreikningi 365 miðla ehf. fyrir árið 2010.

Heildarvelta félagsins nam 8.550 milljónum króna síðasta ár og var EBITDA-hagnaður 1.004 milljónir króna. Er það um 25 prósentum meiri hagnaður en árið 2009. Þá nam EBITDA-hagnaðurinn 808 milljónum króna og tapið eftir skatta var 344 milljónir.



ARI EDWALD

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segir útkomuna ánægjulega, sér í lagi í ljósi þess að félagið hafi náð að snúa tapi í hagnað á milli ára. „Það er sérstaklega ánægjulegt miðað við þær aðstæður sem hafa verið,“ segir Ari. „Við erum bæði búin að vera að glíma við skuldir og háan rekstrarkostnað en það er hlutur sem hefur breyst mikið á milli ára.“

Ari segir félagið vera á réttri leið í sínum rekstri og sú þróun hafi haldið áfram á þessu ári. Allir miðlar undir hatti 365 hafi styrkt stöðu sína á markaðnum. Fjárhagsstaðan hafi styrkst verulega. Í lok mars í fyrra hafi hlutafé verið aukið um milljarð króna og því fé hafi að mestu leyti verið ráðstafað til niðurgreiðslu skulda. Jafnframt hafi náðst samningar við viðskiptabanka 365 miðla um endurfjármögnun á öllum lánum félagsins. Gert sé ráð fyrir að lánin verði greidd hratt niður á næstu árum. Fjármagnskostnaður hafi þegar lækkað verulega vegna þessa og betri vaxtakjara.

Ingibjörg S. Pálmadóttir á 90 prósent af A-hlutabréfum 365 miðla ehf. og öll B-hlutabréf, sem ekki fylgir atkvæðisréttur í félaginu en þau eru fimmtungur hlutafjár. Ari Edwald á sex prósenta hlut af A-hlutabréfum og fimmtán aðrir hluthafar eiga fjögur prósent. **- sv**



**ÞJÓÐHÁTÍÐ** Sálgæsluteymi Þjóðhátíðar segir að hugsanlega gæti þurft að auglýsa þjónustuna betur en hefur verið gert. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Segja gæslu til fyrirmyndar:

## Stígamót koma ekki í staðinn

**SAMFÉLAGSMÁL** Sálgæsluteymi Þjóðhátíðar í Eyjum segir að gæsla á hátíðinni í ár hafi verið til fyrirmyndar. Í yfirlýsingu sem send var út í gær vegna þeirrar umræðu sem hefur skapast eftir að tilkynnt var um fimm nauðganir á hátíðinni í ár, segir enn fremur að samtök á borð við Stígamót og Nei-hreyfinguna geti aldrei komið í stað þess fagteymis sem venjulega er á vakt yfir hátíðina.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði í fréttum RÚV að nauðsynlegt sé að endurskoða reglur um gæslu á útihátíðum. **- sv**

Alvarlegt bílslys við Hellu:

## Barn flutt með þyrlu á spítala

**SLYS Alvarlegt bílslys varð á þjóðveginum norðan við Hellu á sjötta tímanum í gær. Þyrla Landhelgisgæslunnar var send á staðinn og flutti alvarlega slasaða sex áta stúlku á Landspítalann í Fossvogi. Þyrlan lenti við Borgarspítalann klukkan korter yfir sjö.**

**Samkvæmt lögreglunni á Hvolsvelli var um einn jeppa að ræða en ekki var hægt að fá frekari upplýsingar um slysið að svo stöddu. Málið var enn í rannsókn þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld. Vakthafandi læknir gat ekki tjáð sig um málið.** **- sv**

# Endurheimti bíl úr óskilum frá Eyjum

**Munavarslan í Eyjum kemur bíl til eiganda síns en hann hafði týnt bíllyklunum á Þjóðhátíð. Starfsmenn munavörslunnar leggja oft í rannsóknir til að finna eigendur óskilamuna. Komu upp um þjófnað á farsíma á Þjóðhátíð í fyrra.**

**FÓLK** Sigurgeir Snævar Árnason varð hæstánægður í gær þegar Anna Louise Ásgeirsdóttir, frá munavörslunni í Vestmannaeyjum, kom akandi á bílnum hans upp á hlað. Hann hafði nefnilega týnt lyklinum að bílnum þegar hann var á Þjóðhátíð í Eyjum og gat því ekki komið á honum heim með Herjólfi að hátíð lokinni.

Nokkuð minna var um óskilamuni í ár en í fyrra, enda voru þjóðhátíðagestir mun færri nú. Viðtökurnar voru þó engu síðri í ár þegar Anna Louise bankaði upp á þótt eflaust hafi fáir verið jafn fegnir og Sigurgeir Snævar. „Hann faðmaði mig og knúsaði alveg í bak og fyrir,“ segir hún.

Anna Louise gladdi þó mun fleiri, því meðal óskilamuna sem hún kom til eigenda sinna í gær voru fimmtán farsímar, nokkrar myndavélar og forláta hálsmen. Hún segir að oft fylgi því mikil rannsóknarvinna að hafa uppi á eigendum munanna.

„Það sem kom okkur á sporið með hálsmenið var að upphafsstafir eigandans voru skráðir á það og eins fæðingardagur þannig að við höfðum samband við Þjóðskrá og fengum nafnið á honum en hann ætlaði ekki að trúa okkur þegar við höfðum samband við hann og spurðum hvort hann saknaði einhvers frá Eyjum,“ segir hún.

Munavarslan bauð Þjóðhátíðargestum að hlaða síma á hátíðarsvæðinu og þar upplýsti Anna Louise eitt þjófnaðarmál í fyrra þótt það sé ekki í hennar verkahring.

„Það kom stelpa til okkar að hlaða símann,“ segir hún. „Og hún byrjaði að segja ótrúlegar sögur um símann þannig að það vöknuðu hjá mér grunsemdir um að hún væri réttmætur eigandi svo ég hringdi í systur mína og fékk hana til að fara inn á Íslendingabók og fletta stelpunni upp og finna þannig mömmu hennar. Þá komst ég að því að það kom ekki heim og saman við þá mömmu sem var skráð fyrir símanum. Við höfðum samband við þá mömmuna sem var skráð og þá kom upp úr dúrnum að dóttir hennar hafði tapað símanum á Þjóðhátíð árinu áður.“

Í fyrra hafði Anna Louise einnig uppi á lögreglumanni sem hafði týnt bakpoka sínum, en í honum var myndavél á við þær sem fagmenn notast við. „Það vildi honum til happs að hann var með launaseðil í bakpokanum svo það var auðvelt að hafa uppi á honum,“ segir hún. **jse@frettabladid.is**




**LYKLAVÖLDIN** Sigurgeir Snævar var að vonum kátur að fá lykilinn úr höndum Önnu Louise. Hann hafði týnt honum á Þjóðhátíð og varð að skilja bílinn eftir í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Hann faðmaði mig og knúsaði alveg í bak og fyrir.
>
> ANNA LOUISE ÁSGEIRSDÓTTIR
> STARFSMAÐUR MUNAVÖRSLU

## Gunnar J. Friðriksson látinn

Gunnar J. Friðriksson iðnrekandi lést á Landakotsspítala í gær. Gunnar fæddist í Reykjavík 12. maí 1921.



Gunnar varð forstjóri Sápugerðarinnar Frigg árið 1946 og gegndi því starfi allan sinn starfsaldur. Hann sat í fjölda stjórna og gegndi fjölmörgum trúnaðarstörfum. Eftirlifandi eiginkona Gunnars er Elín Margrethe Kaaber, fædd 1922. Hann lætur eftir sig sjö uppkomin börn.

Bíður réttarhalda á Sogni:

## Grunaður morðingi metinn ósakhæfur

**LÖGREGLUMÁL** Hálfþrítugur maður, sem sætir ákæru fyrir að hafa orðið barnsmóður sinni að bana í Heiðmörk í maí, var fyrir síðustu mánaðamót úrskurðaður ósakhæfur af réttargeðlæknum.

Maðurinn er grunaður um að hafa kyrkt stúlkuna og komið líki hennar fyrir í farangursgeymslu bifreiðar sinnar. Hann kom síðan akandi á Landspítalann í Fossvogi, gaf sig fram og vísaði á líkið í skottinu. Hann hefur við yfirheyrslur borið við minnisleysi um það sem gerðist. Maðurinn hefur síðan verið vistaður á réttargeðdeildinni á Sogni.

Ríkissaksóknari hefur höfðað mál á hendur manninum og krefst refsingar eða til vara að hann verði dæmdur til vistunar á viðeigandi stofnun. Dómari úrskurðar endanlega um sakhæfi hans. **- sh**






Hart sótt að norska listmálaranum Odd Nerdrum beggja vegna hafsins:

# Skuldar 44 milljónir á Íslandi

**DÓMSMÁL** Norski listmálarinn Odd Nerdrum skuldar um 44 milljónir króna í opinber gjöld hér á landi, en hann hefur verið ákærður fyrir stórfelld skattsvik í Noregi.

Nerdrum, sem er jafnframt með íslenskan ríkisborgararétt og hefur verið hér búsettur, mætti fyrir rétt í Noregi í fyrradag en þar er hann ákærður fyrir að hafa ekki greitt skatt af 14 milljónum norskra króna sem hann fékk fyrir sölu á verkum sínum á árunum 1998 til 2002. Það jafngildir um 300 milljónum íslenskra króna.

Í réttarhöldunum bar málarinn af sér sakir, sagðist ekki talnaglöggur en hann vissi ekki betur en að hann hefði gengið samviskusamlega frá sínum málum bæði gagnvart norskum og íslenskum yfirvöldum. Verði hann fundinn sekur á hann von á himinhárri sekt og jafnvel fangelsisdómi, að því er fullyrt er í norskum fjölmiðlum.

Hér heima hefur Tollstjórinn í Reykjavík síðan krafist gjaldþrotaskipta á búi einkahlutafélagsins Odds N ehf., sem er í eigu listmálarans. Félagið skuldar tæpar 44 milljónir í opinber gjöld og var fyrirkall vegna gjaldþrotaskiptabeiðninnar birt nýlega í Lögbirtingablaðinu. Þar er skorað á Nerdrum að mæta í Héraðsdóm Reykjavíkur 7. september þar sem beiðnin verður tekin fyrir.

Nerdrum bjó sem áður segir um skeið á Íslandi í gamla Borgarbókasafninu við Þingholtsstræti, sem hann keypti af Guðjóni Má Guðjónssyni, kenndum við Oz. Nerdrum seldi athafnakonunni Ingunni Wernersdóttur húsið árið 2007 og flutti aftur til Noregs. **- sh**



**FJÁRMÁLIN Í ÓLESTRI** Odd Nerdrum segist ekki talnaglöggur maður. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


Kringlan
Opið til 21 í kvöld
ÚTSALA
Lokahelgin
Götumarkaður
og ótrúlegt verð!
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

## GENGIÐ 03.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,77 | 115,31 |
| Sterlingspund | 188,2 | 189,12 |
| Evra | 164,39 | 165,31 |
| Dönsk króna | 22,067 | 22,197 |
| Norsk króna | 21,387 | 21,513 |
| Sænsk króna | 18,104 | 18,21 |
| Japanskt jen | 1,4874 | 1,496 |
| SDR | 184,1 | 185,2 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 221,3388

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Segir Vegagerðina ekki fara með rétt mál varðandi veglagningu í Laugardal:

# Verkið margfaldaðist frá útboði

**SAMGÖNGUR** Sævar Eiríksson, eigandi Vélgröfunnar, er ósáttur við ummæli forsvarsmanna Vegagerðarinnar um ástæður tafa við veglagningu í Laugardal, milli Laugarvatns og Geysis. Hann segir verkið hafa margfaldast frá útboði og því ekki nema von að tafir hafi orðið á verkinu.

„Þeir hefðu betur átt að segja frá þeirri magnaukningu sem orðið hefur í verkinu. Þegar við skrifum undir verksamning er ákveðið magn í ýmsum liðum sem klára á fyrir tilsettan tíma í útboðsgönum. Á verktímanum hefur það magn margfaldast.“

Sævar tekur sem dæmi að fyllingarefni hafi aukist um 200 prósent, endafrágangur um 250 prósent og lögn stálröra, og ýmislegt því tengt, um 600 prósent. Það gefi augaleið að meiri vinna taki meiri tíma.

Þórður Tyrfingsson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni, sagði í Fréttablaðinu í gær að það standi upp á verktakann að ljúka verkinu, en því átti að vera lokið 15. júní.

Vegurinn er mjög holóttur og illa farinn og hefur ofaníburður úr honum fokið. Þórir Garðarson, framkvæmdastjóri Iceland Excursion, gagnrýndi í Fréttablaðinu í gær að vegurinn væri mjög grófur og ekki nægilega vökvaður.

Sævar segir að fyrirtæki sitt hafi heflað veginn einu sinni til tvisvar í viku og hann hafi verið vökvaður. Auðvitað megi ýmislegt gera betur, en efnið sem í veginn sé notað komi frá Vegagerðinni. Hann keyri það einfaldlega á staðinn. **- kóp**



**HOLÓTTUR VEGUR** Leiðin frá Laugarvatni að Geysi er fjölfarin. Ferðaþjónustuaðilar hafa margir gagnrýnt tafir á verkinu sem staðið hefur í allt sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINUNN

Innreið kapítalismans á Kúbu:

# Leyfa farsíma og fasteignakaup

**KÚBA** Frá og með næstu áramótum geta Kúbverjar keypt fasteignir en þó aðeins eitt íbúðarhús hver.



RAÚL CASTRO

Raúl Castro, forseti Kúbu, hefur þegar gert ýmsar róttækar breytingar til að auka veg einkageirans í landinu. Reglur í innflytjendamálum hafa verið rýmkaðar og nú er löglegt að eiga farsíma.

Engin breyting er þó jafnmikil og leyfið til fasteignakaupa, að sögn sérfræðinga í málefnum Kúbu. Það er mat sérfræðinga að fasteignakaup séu upphafið að kapítalisma á Kúbu. **- ibs**

## LEIÐRÉTTING

Í grein Fréttablaðsins, föstudaginn 29. júlí síðastliðinn, var ranglega hermt að þjálfari í Karatefélagi Hafnarfjarðar hefði verið rekinn vegna kynferðisbrota í starfi. Maðurinn starfaði hjá öðru íþróttafélagi. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Ranghermt var í blaðinu hinn 28. júlí að María Damanaki, sjávarútvegsstjóri Evrópusambandsins, hefði hótað að innflutningsbann yrði sett á íslenskar sjávarafurðir og að aðildarviðræður Íslendinga við ESB yrðu frystar, yrðu Íslendingar ekki við viðvörunum sambandsins vegna makrílveiða. Hið rétta er að hagsmunaaðilar frá Noregi og ESB hafa þrýst á Maríu Damanaki að hún beiti þessum hótunum. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Á heimilissíðu Fréttablaðsins 25. júlí var Kaffi Költ á Akureyri talið fyrsta kaffihúsið á landinu sem jafnframt væri hannyrðaverslun. Það er ekki rétt. Heitt á prjónunum á Ísafirði kom á undan og er beðist velvirðingar á þessari rangfærslu.



**LANGÞRÁÐUR KVÖLDVERÐUR** S.M. Nasir Uz Zaman, sem hér situr til hægri og er fjær, segir það kærkomna stund þegar sól sest í hafið og hægt er að setjast að snæðingi nú í Ramadan-mánuði, föstumánuði múslíma. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Bíða eftir bænapresti

**Bænaprestur sem starfa mun við Menningarsetur múslima á Íslandi bíður eftir því að fá dvalarleyfi hér á landi. Vonast er til að hann komi fyrir lok Ramadan.**

**TRÚMÁL** Söfnuðurinn í Menningarsetri múslima á Íslandi bíður eftir Taha Sidique, bænapresti sínum, eða imam, en hann hefur ekki fengið dvalarleyfi þó að umsóknin hafi verið til afgreiðslu í rúma þrjá mánuði.

Söfnuðurinn vonast eftir því að hann komi áður en Ramadanmánuðurinn rennur sitt skeið á enda hinn 29. ágúst. Þá er haldin svokölluð Eid al-Fitr hátíð, sem er sambærileg jólahátíðinni fyrir kristna.

S.M. Nasir Uz Zaman, talsmaður Menningarsetursins, segir að haft hafi verið samband við Útlendingastofnun í gær og þau svör fengist að umsóknin hafi fengið jákvæða umsögn þar en síðan hafi hún verið send til Vinnumálastofnunar, þar sem hún verði líklega afgreidd í næstu viku.

Hanna Rún Sverrisdóttir, lögfræðingur hjá Útlendingastofnun, segir að stofnunin áskilji sér þrjá mánuði til að afgreiða umsóknir og sé miðað við þann dag þegar öll gögn liggi fyrir.

Um 400 manns eru í söfnuðinum. Einnig er starfrækt hér á landi Félag múslíma og eru félagsmenn 410 talsins. Það hefur einnig innan sinna vébanda tvo íslenska bænapresta. Salmann Tamimi, formaður félagsins, segir að minnsta kosti eitt þúsund múslima búa hér á landi.

Föstumánuðurinn Ramadan hófst á mánudag en þá er múslimum fyrir lagt að borða hvorki þurrt né vott frá sólarupprás til sólarlags. S.M. Nasir Uz Zaman segir það ekki erfitt hér fast upp við norðurheimskautið þó að dagurinn sé afar langur.

„Þessa dagana getum við ekkert borðað frá klukkan þrjú um nótt til klukkan hálf ellefu,“ segir hann. „Ég fékk mér því vel að borða eftir næturbænir fyrir klukkan þrjú í nótt,“ bætir hann við. Á næsta ári verður fastan erfiðari hjá múslimum því Ramadan ber þá upp hinn 20. júlí og stendur til 18. ágúst.

Ljósmyndari Fréttablaðsins leit við á Menningarsetrinu þegar nokkrir voru að fá sér í svanginn í fyrradag. Var hann fræddur um grundvallarlíkindi með kristni og íslamstrú, en Menningarseturs-menn vilja styrkja tengsl þar á milli. **jse@frettabladid.is**

Sea Shepherd af stað á ný:

# Hyggjast trufla grindhvalaveiðar

**SKOTLAND Paul Watson og félagar hans í Sea Shepherd eru nú á leið til Færeyja til að freista þess að trufla grindhvalaveiðar heimamanna.**

**Skip samtakanna, Steve Irwin, fékk að sigla úr höfn á Hjaltlandseyjum í gær eftir að Sea Shepherd hafði reitt fram tryggingafé sem jafngildir um 100 milljónum króna, að því er fram kemur í frétt BBC. Skipið var kyrrsett vegna óuppgerðra mála við maltverskt fiskeldisfyrirtæki.**

**Kafarar Sea Shepherd eyðilögðu í fyrra net í kvíum þar sem bláuggatúnfiskur var alinn og sluppu um 600 fiskar við það. - þj**

Reyndist ekki hafa byssuleyfi:

# Fundu haglabyssu við húsleit

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Borgarfirði lagði hald á haglabyssu og skotfæri á heimili í Búðardal á þriðjudagskvöld eftir húsleit.

Lögreglan stöðvaði þá bíl rúmlega þrítugs manns vegna gruns um að hann æki undir áhrifum fíkniefna. Í bílnum fundust haglaskot og landaflaska, en maðurinn er ekki með byssuleyfi. Því var leitað á heimili hans þar sem óskráð haglabyssa fannst auk skota. Hald var lagt á byssuna, sem talið er að hafi verið stolið í innbroti fyrir nokkrum árum. **- þeb**

## SAMFÉLAGSMÁL

### Samkeppni um kennimerki

Samkeppni stendur nú yfir um kennimerki félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps. Sameiginleg félagsþjónusta er fyrir Árneshrepp, Kaldrananeshrepp, Strandabyggð og Reykhólahrepp. Tillögur sendist á skrifstofu félagsþjónustunnar á Hólmavík.


HÓPKAUP.IS Í DAG

2.000 kr. inneign/gjafabréf á skólatösku

788 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð ~~2.000~~ kr. | Afsláttur 61% | Afsláttur í kr. 1.212 kr.

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið




Ath. aðeins eitt gjafabréf gildir með hverri tösku. Nýttu þér þetta gjafabréf og athugaðu að gjafabréfið gildir með öllum öðrum tilboðum í verslunum okkar. www.office1.is

HÓPKAUP í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HÆGVIÐRI** Það lægir smám saman næstu daga, þó búast megi við vindstrengjum SA-til og á Vestfjörðum. Á morgun verður vætusamt um mestallt land en á laugardaginn léttir til er líður á daginn. Hiti breytist lítið, þó kólnar eitthvað austanlands.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 33° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 23° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 24° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 27° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 22° |
| París | 23° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



**Tjöld og Svefnpokar**
**40% afsláttur**

**Sumarleikföng**
**40% afsláttur**

**Tré garðhúsgögn**
**50% afsláttur**

# RÝMINGAR SALA

## aðeins í 4 daga!



**Allar veiðivörur**
**30% afsláttur**

**Reiðhjól og hjólafylgihlutir**
**30% afsláttur**

**Plast-garðhúsgögn**
**30% afsláttur**

**Omega 200 grill**
**30% afsláttur**



**Allar garðplöntur**
**50% afsláttur**

blómaval

**Plast búsáhöld**
**40% afsláttur**

**Allar ferðavörur**
**40% afsláttur**

Aflsáttur gildir ekki af vörum merktum lægsta lága verðið.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Gildir meðan birgðir endast. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

## KJÖRKASSINN



*Þekkir þú einhvern sem hefur orðið fyrir kynferðisbroti á útihátíð?*

| | |
|---|---|
| Já | 13,3% |
| Nei | 86,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Þætti þér óþægilegt ef fangelsi risi nærri þinni heimabyggð?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Vísir

Réttarhöld hafin yfir fyrrum forseta Egyptalands vegna manndrápa og spillingar:

# Múbarak lýsir yfir sakleysi sínu

**KAÍRÓ, AP** Hosní Múbarak, fyrrum forseti Egyptalands, kom fyrir rétt í gær þar sem hann lýsti sig saklausan af ákærum um spillingu og fyrir að hafa fyrirskipað dráp á mótmælendum í uppreisninni í landinu í febrúar. Um 850 borgarar létu lífið í árásum öryggissveita til að kæfa niður friðsamleg mótmæli.

Múbarak, sem er 83 ára, hefur átt við erfið veikindi að stríða allt frá því að hann var hrakinn frá völdum. Hann lá á sjúkrarúmi sínu í járnbúri í réttarsalnum, eins og tíðkast í réttarsölum þar í landi. Þar voru ásamt Múbarak níu aðrir sakborningar, þar á meðal tveir synir hans sem eru sakaðir um spillingu.



**Á SJÚKRABEÐI** Hosní Múbarak stríðir við veikindi og lá á sjúkrarúmi í járnbúri sakborninga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttarhöldin voru sýnd í beinni sjónvarpsútsendingu, en þetta er í fyrsta sinn sem Múbarak sést opinberlega síðan hann kom fram í sjónvarpi hinn 10. febrúar og sagðist ekki vera á leið að hætta. Hann hvarf úr embætti daginn eftir og hefur upp frá því dvalið í strandborginni Sharm-el-Sheik.

Mannfjöldi safnaðist saman utan við réttarsalinn, flestir til að úthrópa Múbarak, en mikill þrýstingur hefur verið á herforingjastjórnina að láta forsetann svara til saka fyrir meinta glæpi sína.

Réttarhöldin halda áfram hinn 15. þessa mánaðar. - þj

Þjófur í hjólastól gómaður:

# Stal framdekkjum af hjólastól

**SVÍÞJÓÐ Maður sem bundinn er við hjólastól hefur verið ákærður fyrir að stela tveimur framdekkjum af hjólastól á sjúkrahúsi í Borås í Svíþjóð. Öryggisvörður kom að manninum þegar hann hafði skrúfað dekkin af og komið þeim fyrir í tösku sinni.**

**Dekkin eru metin á rúmar fimmtán þúsund íslenskar krónur og er þjófnum gert að mæta fyrir rétti í Borås. Hann viðurkennir stuldinn og segir ástæðuna vera þá að hans eigin dekk hafi verið orðin ónýt.** - ibs





Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is


# Allir fangelsiskostir enn til athugunar

**Engir kostir hafa verið útilokaðir varðandi nýtt fangelsi. Innanríkisráðuneytið vinnur úttekt á kostnaði við breytingar á eldra húsnæði. Fjármögnun er enn óútkljáð. Ríkisfjármögnun þýðir tveggja milljarða bókfærðan halla á þessu ári.**

**FANGELSISMÁL** Engin ákvörðun hefur verið tekin um hvernig staðið verður að því að auka við fangelsisrými. Innanríkisráðuneytið vinnur nú úttekt á kostnaði og hagkvæmni þess að breyta ýmsum húsum ríkisins í fangelsi. Engir kostir hafa verið útilokaðir.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Meðal þeirra kosta sem liggja undir eru hjúkrunarheimilið í Víðinesi, Vífilsstaðaspítali, Arnarholt og vinnubúðir við Reyðarfjörð. Í Fréttablaðinu í gær var ranghermt á málin hefðu verið rædd á ríkisstjórnarfundi á þriðjudag. Hið rétta er að það var gert fyrir viku.

Kostnaður liggur ekki fyrir við alla kostina en þó er ljóst að það mun kosta 1,8 milljarða króna að breyta Vífilsstöðum þannig að húsnæðið nýtist sem öryggis- og gæsluvarðhaldsfangelsi. Bygging nýs fangelsis kostar tvo milljarða króna.

Umtalsverður kostnaður er við að breyta Víðinesi í fangelsi en nákvæmur kostnaður liggur ekki fyrir þar né á öðrum kostum. Sérfræðingar í innanríkisráðuneytinu telja að sú leið tefji vígslu nýs fangelsis um eitt ár, miðað við nýbygginguna.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra telur að bygging nýs fangelsis sé ódýrasti og hagkvæmasti kosturinn fyrir skattborgara. Rekstrarkostnaðurinn sé minni á slíkri byggingu en á eldra húsi. Þá segir hann sérfræðinga sem að málinu hafa komið fullyrða að það sé ekki góður kostur að breyta eldra húsnæði.

„Við settum í stöðugleikasáttmálann ýmis verkefni sem eru atvinnuskapandi. Ég fullyrði að fá verkefni eru eins til þess fallin að skapa mörgum atvinnu og að reisa nýtt fangelsi." Spurður hvað dvelji ákvörðun um málið segir hann að verið sé að horfa í ríkisbudduna. Öllum steinum hafi verið velt til að finna hagkvæmustu lausnina.

Enn er deilt um fjármögnun fangelsisins en Ögmundur telur að ríkissjóður eigi að standa fyrir henni. „Það hefur legið fyrir að fangelsi verður fjármagnað úr ríkissjóði, hvaða form sem verður á því. Þeir sem þar gista borga hvorki húsnæði né fæði."

Ákvörðun um framkvæmdina verður tekin í þessum mánuði.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**KÓPAVOGSFANGELSI** Aðstæður í kvennafangelsinu í Kópavogi þykja ekki boðlegar, né í fangelsinu á Skólavörðustíg. Nýtt húsnæði á meðal annars að bæta úr þeim málum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Deilur um fjármögnun tefja ákvörðun

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig fjármögnun fangelsisins verður háttað. Ögmundur Jónasson hefur talað fyrir því að um hefðbundna ríkisframkvæmd verði að ræða sem fjármögnuð verði af ríkissjóði. Aðrir hafa bent á að halli sé á ríkissjóði og hann eigi óhægt um vik með fjármagn nú um stundir.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að bygging nýs fangelsis hafi verið ein þeirra framkvæmda sem ræddar hafi verið við lífeyrissjóði varðandi fjármögnun, ásamt Landspítala og ýmsum vegaframkvæmdum. Þá þykir koma til greina að stórir byggingarverktakar taki að sér að reisa húsið en ríkið leigi það síðan af verktökunum til 30 til 40 ára og eignist það síðan að fullu.

Meðal þess sem stendur í sumum er að verði tekin ákvörðun um að fjármagna framkvæmdina úr ríkissjóði verður kostnaðurinn bókfærður nú þegar í ríkisbókhaldið. Það mundi þýða tveggja milljarða króna aukinn fjárlagahalla. Þá er ótalinn kostnaður við lántöku, komi til hennar.


# 60 ára og eldri

**Frábær félagsskapur, aðhald og stuðningur**

**Hópþjálfun tvisvar í viku með einföldum æfingum**

Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal



- Lokað námskeið (4 vikur)
- Mán og mið kl. 11-12
- Þjálfari Helga Sigmundsdóttir, lýðheilsufræðingur
- **Verð kr. 9.900,-**

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010

HEILSUBORG

*Faxafeni 14 www.heilsuborg.is*



TRÚLOFUNARHRINGAR

*falleg minning á fingur*



JÓ 40 JÓN & ÓSKAR 1971-2011

PIPAR\TBWA • SÍA • 111301

www.jonogoskar.is LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN


Ótækt að nota eldra húsnæði sem fangelsi segir forstjóri Fangelsismálastofnunar:

# Snýst ekki um geymslu á föngum

**FANGELSISMÁL** „Það er alveg með ólíkindum á hvaða plan þessi umræða er komin," segir Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins, um þau tíðindi að ríkisstjórnin sé með þann möguleika uppi á borðinu að nýta eldra húsnæði í eigu ríkisins undir nýtt gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi.

Páll segir að innanríkisráðherra sé búinn að setja sig vel inn í stöðu fangelsismála eins og hún sé í dag.

„Hann áttar sig á að þetta snýst ekki um geymslu á föngum, eins og einhverjir virðast halda, heldur um gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi," segir Páll.



**PÁLL WINKEL**

„Þetta snýst um öryggissjónarmið í fyrsta lagi, rannsóknarhagsmuni lögreglu í öðru lagi og síðast en ekki síst heilbrigðan og hagkvæman rekstur á fangelsi til lengri tíma, sem verður ekki leyst með neinum af þeim stöðum sem hafa verið nefndir. Það eina sem gerist þegar verið er að draga í sífellu fram einhverja nýja staði er að það tefur málið."

Páll bendir enn fremur á að ríkið eigi lóð á Hólmsheiði sem sé komin inn á deiliskipulag. „Ef taka á einhverja aðra lóð, sama hvar hún er, þá þyrfti að fara í gegnum aðalskipulagsbreytingu, deiliskipulagsbreytingu og fleira sem tekur óratíma."

Páll segir að fara þurfi í gegnum skipulagsbreytingar og gerbreyta eldra húsnæði til að hægt sé að nýta það sem fangelsi. „Hugmyndir af þessu tagi eru því algerlega út í hött," segir Páll. - jss

# ÚTSALA




# SÍÐASTI SÉNS!

# 50%

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

## af öllum útsöluvörum!

| UPPHAFLEGT VERÐ | ÚTSÖLU VERÐ | 50% VIÐBÓTAR AFSLÁTTUR |
|---|---|---|
| ~~799-999~~ kr. | ~~500~~ kr. | 250 kr. |
| ~~1299-1699~~ kr. | ~~1000~~ kr. | 500 kr. |
| ~~1999-2499~~ kr. | ~~1500~~ kr. | 750 kr. |
| ~~2999-3999~~ kr. | ~~2000~~ kr. | 1000 kr. |
| ~~4499-6999~~ kr. | ~~3000~~ kr. | 1500 kr. |

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvaðan var Sævar Ciesielski jarðsunginn?

2 Hver er skólastjóri Kvikmyndaskóla Íslands?

3 Hvar fór Draggkeppni Íslands fram í ár?

**SVÖR**

1. Frá Dómkirkjunni í Reykjavík. 2. Hilmar Oddsson. 3. Í Hörpu.



**KÓKAÍNFARMUR** Söluverðmæti kókaínsins nemur tugum milljarða króna.

Stór fíkniefnafundur:

## Tugmilljarða kókaínfarmur

**BRETLAND** Tollayfirvöld í Bretlandi lögðu nýverið hald á 1,2 tonn af kókaíni sem falin voru vandlega í lystisnekkju sem var á leið frá Karíbahafi til Hollands.

Samkvæmt frétt BBC hefur aldrei áður fundist jafn mikið magn af hörðum eiturlyfjum þar í landi. Sex voru handteknir í Hollandi vegna málsins fyrr í vikunni.

Söluverðmæti efnisins er talið geta numið að jafnvirði ríflega 50 milljörðum króna. - þj

# Sérstök deild rannsakar hryðjuverkin

**Lögreglan í Ósló hefur sett upp sérstaka deild til að rannsaka hryðjuverkin í Ósló og Útey. Lögregla vill vita hvernig Breivik fjármagnaði árásirnar. Kortum og bréfum við dómkirkjuna verður safnað saman og þau varðveitt á söfnum.**

**NOREGUR** Sett verður upp sérstök deild innan norsku lögreglunnar sem mun rannsaka hryðjuverkaárásirnar hinn 22. júlí, sem urðu 77 manns að bana.

Lögreglan hélt blaðamannafund í gær þar sem meðal annars var greint frá þessu. Mikill fjöldi lögreglumanna kemur að rannsókninni og lögregla nýtur aðstoðar evrópsku lögreglunnar Europol og FBI, bandarísku alríkislögreglunnar.

Anders Behring Breivik var yfirheyrður í þriðja sinn í gærdag. Þrátt fyrir að hann hafi játað á sig verknaðinn er mörgum spurningum ósvarað. Lögreglan hefur lagt áherslu á að komast að því hvernig hann fjármagnaði verknaðinn og við hverja hann hefur haft samskipti undanfarið. Lögreglan hefur sérstakan áhuga á því að skoða bankareikninga sem Breivik gæti hafa opnað og tæmt.

Sjálfur hefur Breivik sagst vera hluti af stærri samtökum sem hafi hryðjuverkasellur um Evrópu, en lögregla hefur ekki fundið nein merki um að það eigi við rök að styðjast. Þá hefur verið upplýst að Breivik hringdi sjálfur í lögregluna frá Útey og sagði meðal annars að verkefninu væri lokið. Símtalið tók aðeins um þrjár sekúndur.

Mikill fjöldi fólks hefur sótt útfarir fórnarlamba hryðjuverkanna. Nokkrir hafa verið jarðsettir á hverjum degi fram til þessa, en tugir verða jarðsettir í dag og á morgun. Ráðherrar og aðrir háttsettir innan Verkamannaflokksins hafa verið viðstaddir útfarirnar, og hefur að minnsta kosti einn fulltrúi flokksins verið við hverja útför ungmennanna sem létust í Útey.

Hafist hefur verið handa við að hreinsa upp blómahafið og aðra hluti sem skildir voru eftir við dómkirkjuna í Ósló til minningar um fórnarlömbin. Öllum kortum og bréfum verður safnað saman og þau geymd á bókasöfnum í framtíðinni. Þannig verður hægt að sjá hvað venjulegt fólk hafði að segja um voðaverkin 22. júlí.

thorunn@frettabladid.is



**HREINSAÐ TIL** Blómahafið og aðrir munir sem settir höfðu verið á torg fyrir framan dómkirkjuna í Ósló voru fjarlægðir í gær. Bréf og kort verða varðveitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýstárleg bílaleiga í Svíþjóð:

## Fá að leigja bíl nágrannans

**SVÍÞJÓÐ Fyrirtækið Flexidrive í Svíþjóð hefur sett á laggirnar þjónustu sem gerir neytendum mögulegt að leigja bíla annarra, til dæmis nágranna, sem vilja leigja bílana sína. Nú þegar er boðið upp á slíka þjónustu í Bandaríkjunum, Ástralíu, Englandi, Frakklandi og Þýskalandi.**

**Að sögn Magnus Engervall hjá Flexidrive skrá bíleigendur farartæki sín á heimasíðu fyrirtækisins. Þeir eiga jafnframt sjálfir að setja upp verð.** - ibs

Fimm handteknir í Írak:

## Skipulögðu árásir í Svíþjóð

**ÍRAK** Fimm menn eru sagðir hafa verið handteknir í Írak vegna gruns um fyrirhugaðar árásir í Svíþjóð og Frakklandi, að því er Svenska Dagbladet greinir frá. Yfirmaður hjá íraska innanríkisráðuneytinu, segir hina handteknu hafa tengsl við menn í Evrópu og tilheyra hópi tengdum al-Kaída.

Yfirvöld í Írak hafa hert leit að herskáum múslímum að undanförnu af ótta við hefndaraðgerðir vegna aftöku Osama bin Laden í maí síðastliðnum. -ibs

**DÓMSTÓLAR**

**Lögmannsréttindanámskeið**

Nefnd um próf til að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmaður hefur ákveðið að halda námskeið haustið 2011. Námskeiðið gefur réttindi sem héraðsdómslögmaður. Skráning er til og með 20. ágúst.



# Brostu!
# SPARIDAGAR
## eru byrjaðir

2011

Spari dagar

VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Í NÍU MÁNUÐI

Jamie Oliver
Tefal
EÐAL POTTAR OG PÖNNUR
20% afsláttur

brabantia
Heimsþekkt hönnun
20% afsláttur
BRAUÐBOX · FÖTUR

Pioneer XW-NAC3
EISA AWARD Best Product 2010-2011 SOUND STATION Pioneer XW-NAC3
iPod og iPhone vagga - spilar og hleður
Internet tengi fyrir internet útvarp og DLNA
Bluetooth tenging · USB tengi · Svört / rauð / hvít
á SPARIDÖGUM: **59.900**
Listaverð: 89.900 kr.

OLYMPUS FE 5050
14 milljón pixlar · 5x aðdráttur (super-wide)
Linsa: 26-130mm · Skjár LCD 6,9cm (2,7")
Litir: Silvur, gull og bleik
á SPARIDÖGUM: **18.900**
Listaverð: 29.900 kr.

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

TILBOÐ! AFSLÆTTIR! VERÐLÆKKUN!

SHARP XL-UH1H
Hljómtækjastæða
Geislaspilari og útvarpi
Magnari: 2x10W RMS
á SPARIDÖGUM: **23.900**
Listaverð: 29.900 kr.

SHARP LC40LE820
EISA AWARD Best Product 2010-2011 TV INNOVATION
Quattron
40" LED–Sjónvarp
á SPARIDÖGUM: **189.900**
Listaverð: 249.900 kr.

Þvottavél LAVAMAT 64840
AEG
1200 sn. / 6 kg
á SPARIDÖGUM: **99.900**
Listaverð: 119.900 kr.

Þurrkari LAVATHERM T55460
AEG
Barkalaus / Rakaskynjari / 6 kg.
á SPARIDÖGUM: **99.900**
Listaverð: 119.900 kr.

AEG
20% afsláttur
Ofnar og helluborð
– NÝ GLÆSILEG LÍNA –

**20% afsláttur af AEG**
*kaffivélum, brauðristum, straujárnum, handþeyturum, töfrasprotum, hraðsuðukönnum, espressovélum **o.m.fl.***

Þvottavél LAVAMAT 64840
AEG
1400 sn. / 6 kg
á SPARIDÖGUM: **109.900**
Listaverð: 129.900 kr.

Uppþvottavél FAVORIT 45010-W
AEG
12 manna stell / 5 þvottakerfi
á SPARIDÖGUM: **89.900**
Listaverð: 99.900 kr.

Pioneer DEH-4300UB
*Frábært bíltæki!*
Geislaspilari · Útvarp með 24 stöðva minni
4x50 W MOSFET magnari · USB og Aux in tengi
á framhlið · iPod og iPhone Ready
á SPARIDÖGUM: **25.900**
Listaverð: 35.900 kr.

SCOTT CSX98
ÚTVARPSVEKJARI
á SPARIDÖGUM: **4.990**
Listaverð: 6.900 kr.

Verbatim
20% afsláttur
Heyrnartól · Minniskort · Minnislyklar

OBH NORDICA
PIZZAOFN
á SPARIDÖGUM: **14.900**
POPPVÉL
á SPARIDÖGUM: **9.900**

*Draumaryksugan er frá* AEG
ÞÆR GERAST EKKI BETRI!
20% afsláttur
AF ÖLLUM AEG RYKSUGUM

# ORMSSON
**Lágmúla 8 · Sími 530 2800**
**www.ormsson.is**

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 |



**LEGIÐ MEÐ LJÓNYNJU** Úkraínski dýragarðseigandinn Alexander Pylyshenko ætlar að deila búri með ljónum í 35 daga til að vekja athygli á einkareknum dýragörðum. NORDICPHOTOS/AFP

Börn og unglingar taka þátt í skákmaraþoni í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina:

# Styrkja soltin börn í Sómalíu

**SKÁK** Efnilegustu ungu skákmenn landsins munu tefla við gesti og gangandi á skákmaraþoni í Ráðhúsi Reykjavíkur um næstu helgi. Mótherjar ungmennanna munu geta borgað upphæð að eigin vali sem rennur beint í söfnun Rauða kross Íslands vegna hungursneyðarinnar í Sómalíu og öðrum löndum Austur-Afríku.

Fyrir söfnunarféð verður keypt vítamínbætt hnetusmjör, sem er notað til að hjúkra alvarlega vannærðum börnum til heilbrigðis.

Á hverjum degi dreifir Rauði krossinn mat til þúsunda fjölskyldna í Mið- og Suður-Sómalíu og 5.500 börn njóta umönnunar í fjörutíu næringarmiðstöðvum Rauða krossins og Rauða hálfmánans víðs vegar um landið. Auk þess rekur Rauði krossinn tuttugu heilsugæslustöðvar í Sómalíu og vinnur að vatnsveituverkefnum á þurrkasvæðum.

Skákakademía Reykjavíkur og Skáksamband Íslands standa fyrir maraþonskákinni, sem hefst klukkan tíu á laugardag og stendur til klukkan sex síðdegis. Skákin heldur svo áfram á sama tíma daginn eftir. - sh



**NEYÐARÁSTAND** Um tólf milljónir Sómala eru taldar í lífshættu vegna þurrkanna sem hafa geisað þar undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

Notaður reiðfatnaður heim:

# Hestamenn semja um þrif

**DÝRAHALD Landssamband hestamanna semur nú við Fatahreinsunina Fönn um að taka við notuðum reiðfatnaði í rauða hliðinu á Keflavíkurflugvelli og þrífa fyrir eigendurna.**

**Með þessu er ætlunin að auðvelda hestamönnum að flytja notaðan reiðbúnað til landsins. Óheimilt er að flytja inn notaðan reiðfatnað nema að undangenginni hreinsun og sótthreinsun samkvæmt reglum Matvælastofnunar.**

- jss

Ögmundur skipar í embætti:

# Helgi Magnús skipaður vararíkissaksóknari

**STJÓRNSÝSLA Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur skipað Helga Magnús Gunnarsson í embætti vararíkissaksóknara.**



HELGI MAGNÚS GUNNARSSON

**Helgi Magnús er 46 ára og hefur veitt efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra forstöðu frá árinu 2007 en hefur verið í leyfi frá þeim störfum síðan haustið 2010, þegar hann var kosinn varasaksóknari Alþingis í málarekstrinum gegn Geir H. Haarde.** - sh


WISH



GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453


# Vilja auka hlut sveitarfélaga í almenningssamgöngum

**Sveitarfélög á Suðurlandi taka við umsjón almenningssamgangna á landi. Vegamálastjóri vonast til að semja við sveitarfélög um allt land fyrir lok næsta árs. Stefnt að hagræðingu og bættri þjónustu.**

**SAMGÖNGUR** Samgönguyfirvöld stefna að því að yfirumsjón með almenningssamgöngum á landi verði komin á hendur sveitarfélaga fyrir lok næsta árs. Þegar hefur verið undirritað sjö ára samkomulag við Samband sunnlenskra sveitarfélaga, sem fær 80 milljónir króna á ári í þeim tilgangi. Formaður Samtaka íslenskra sveitarfélaga segir hagræði geta falist í þessum breytingum en ríkið verði að standa við sitt.

Hingað til hefur ríkið styrkt ýmsar almenningssamgöngur á landinu í gegnum samgönguáætlun og Vegagerðin hefur haft yfirumsjón með ráðstöfun fjármuna.

Samkvæmt nýja fyrirkomulaginu, sem er hluti af nýrri tólf ára samgönguáætlun, mun vegur sveitarfélaganna aukast og munu þau skipuleggja almenningssamgöngur á landi. Í því felst framkvæmd útboða, val á leiðum og tíðni ferða. Ríkið ver árlega um 300 milljónum króna til þessara mála.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri segir í samtali við Fréttablaðið að markmiðið með þessum breytingum sé hagræði og bætt þjónusta.

„Sveitarfélögin þekkja betur þörfina á hverjum stað og geta stýrt fjármagni betur til að bæta þjónustu og ánægju með kerfið. Sveitarfélögin leggja nú þegar fé í skólaakstur og þess háttar og von er um að finna frekari hagræðingu með því að færa þessa hluti alla á sömu hendi.“

Hreinn segir að viðræður standi yfir við landshlutasambönd sveitarfélaga um yfirfærslu. Hann vonast til að flest verði í höfn á þessu ári eða því næsta.



**RÚTUFERÐIR TIL SVEITARFÉLAGA** Útboð sérleyfa fyrir rútuferðir er meðal þess sem verður í umsjón sveitarfélaga sem taka yfir umsjón almenningssamgangna á landi. Sveitarfélög á Suðurlandi hafa þegar samið við Vegagerðina um að taka við málaflokknum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



HREINN HARALDSSON

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir í samtali við Fréttablaðið að sambandið hafi ekki markað sér stefnu í þessum málum en mörg sveitarfélög hafi þó sýnt áhuga á að taka við þeim.

„Mér finnst mikilvægt að yfirsýnin sé sem mest á hendi heimamanna, þar sem með því er til dæmis hægt að samnýta skólaakstur, akstur með fatlaða og almenningssamgöngur.“

Halldór segir sveitarfélögin munu fylgjast grannt með því hvernig reynslan verði hjá þeim sveitarfélögum sem þegar hafa tekið við málaflokknum.

„Við munum líka ganga úr skugga um að ríkið skjóti sér ekki undan fjárhagslegri ábyrgð í þessum málum.“ thorgils@frettabladid.is

> Mér finnst mikilvægt að yfirsýnin sé sem mest á hendi heimamanna, þar sem með því er til dæmis hægt að samnýta skólaakstur, akstur með fatlaða og almenningssamgöngur.
>
> **HALLDÓR HALLDÓRSSON**
> FORMAÐUR SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


## Morgunhanar

**Fyrir þá sem vilja taka daginn snemma og taka vel á því**

**Góð blanda af þol- og styrktaræfingum**

Kennt á mán, mið og föst kl. 06.10 (4 vikur).

Þjálfari er Helga Sigmundsdóttir, lýðheilsufræðingur.

**Verð kr. 13.900 eða í áskrift á kr. 9.900 á mánuði**

Hefst 8. ágúst

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010.



HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is


Lögregla ekki tekið afstöðu til kæru vegna fjárdráttarmáls í Norðurlandaráði:

# Bíða gagna frá Sjálfstæðisflokknum

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla bíður nú gagna frá Sjálfstæðisflokknum áður en saksóknari tekur afstöðu til kæru sem flokkurinn lagði fram vegna meints fjárdráttar sem kom upp hjá Norðurlandaráði í vor, segir Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra.

Málið var kært til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, en greint var frá því í fjölmiðlum að grunur léki á að það fé sem starfsmaður Norðurlandaráðs er grunaður um að hafa dregið sér sé á annan tug milljóna króna.

Eins og fram hefur komið er starfandi innan Norðurlandaráðs svokallaður íhaldshópur sem er samstarfsvettvangur hægri manna á Norðurlöndum. Undanfarin ár hefur starfsmaður hópsins verið íslenskur með aðstöðu í Valhöll. Hann lét af störfum fyrr á árinu þar sem Finnar áttu að taka við keflinu.

Við mannaskiptin vaknaði grunur um að ekki væri allt sem skyldi varðandi fjármál hópsins. Fyrirspurnir frá Finnlandi leiddu til þess að bókhald var skoðað og vísbendingar bentu til þess að starfsmaðurinn hefði dregið sér fé.

Maðurinn hélt til útlanda eftir að grunurinn vaknaði. Ekki er vitað hvort hann dvelur erlendis eða hér á landi um þessar mundir.

Umræddur maður hefur ekki verið kallaður til yfirheyrslu þar sem rannsóknin er ekki hafin, að sögn Guðmundar. Hann segist ekki geta tjáð sig um innihald þeirra gagna sem beðið sé frá Sjálfstæðisflokknum. - jss



**VALHÖLL** Starfsmaðurinn hafði aðstöðu í Valhöll, höfuðstöðvum Sjálfstæðisflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör




GRILLAÐ
GRILLBÓK VÖLLA SNÆ
1.998 KR

**40% afsláttur**

GRÍSAKÓTELETTUR
FERSKAR

**1.229 kr/kg**
áður 2.049 kr/kg

# VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ




KINDA INNRALÆRI
FERSKT

**30% afsláttur**

**2.099 kr/kg**
áður 2.998 kr/kg



KINDAFILLET
KRYDDAÐ

**2.299 kr/kg**
áður 2.798 kr/kg

KJÖTSEL



KJÚKLINGALEGGIR
NETTÓ

**25% afsláttur**

**599 kr/kg**
áður 798 kr/kg




FANTA ORANGE/FRUIT TWIST
6X 33 CL

**34% afsláttur**

**395 kr/kg**
áður 598 kr/kg




EMERGE
ORKUDRYKKUR
250 ML

**30% afsláttur**

**69 kr/stk.**
áður 99 kr/stk.



APPELSÍNUR
Í LAUSU

**50% afsláttur**

**99 kr/kg**
áður 198 kr/kg




NETTÓ KAFFI
400 G

**379 kr/pk.**
áður 429 kr/pk.



SVEITAMARMELAÐI
400 G

**239 kr/stk.**
áður 299 kr/stk.

RABBARBARASULTA
400 G

**289 kr/stk.**
áður 344 kr/stk.

RIFSBERJAHLAUP
400 G

**231 kr/stk.**
áður 289 kr/stk.




VÖFFLUMIX
450 G

**299 kr/pk.**
áður 359 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 4. - 7. ágúst**
eða meðan birgðir endast

# neytendur
*hagur heimilanna*

**100%** **VERÐ Á BÍÓMIÐA** á venjulega kvikmyndasýningu hefur tvöfaldast síðan árið 1996. Þá kostaði miðinn 550 krónur en er nú 1.100 krónur.

## GÓÐ HÚSRÁÐ tyggjó í hári eða fötum

*Greitt úr tyggjóflóka*



Ef tyggjó festist í hárinu skaltu setja matarolíu eða smjörlíki í hárið þar sem tyggjóklessan er til að auðveldara sé að ná tyggjóinu úr hárinu. Bíddu í tvær til þrjár mínútur og greiddu tyggjóið varlega úr hárinu með greiðu. Þvoðu svo hárið með sjampói á eftir.

Ef tyggjó festist hins vegar í fötum seturðu flíkina í frysti og frystir. Þegar tyggjóið er alveg frosið getur þú mulið það úr.

■ **Eldsneyti**

## Bensínverð lækkaði um tvær krónur í gær



Skeljungur reið á vaðið í gær og lækkaði verð á bensíni og dísilolíu á bensínstöðvum Orkunnar og Shell um 2 krónur. Líklegt er talið að Atlantsolía, N1 og Olís fylgi fast á hæla Skeljungs.

Samkvæmt upplýsingum frá Skeljungi er ástæða lækkunarinnar lægra heimsmarkaðsverðs á olíu í kjölfar nýrra birgðatalna í Bandaríkjunum. Ódýrasti bensínlítrinn kostaði í gær 240,40 krónur og var það hjá Orkunni.

■ **Heilbrigðismál**

## Mengað vatn á Hveravöllum



Ekki er talið ráðlegt vegna saurgerlamengunar að drekka vatn úr krananum á Hveravöllum án þess að sjóða það. Sigurjón Þórðarson, fulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, segir í samtali við fréttastofu RÚV að löngu tímabært sé að koma upp betri aðstöðu á svæðinu. Ástandið sé algerlega óviðunandi. Hann segir ástæður mengunarinnar vera af ýmsum toga. Sorpmálin séu í ólagi, meðferð og geymsla á olíu og veitingasalan og aðstaðan þar sé ekki boðleg. Fólki á svæðinu er ráðlagt að sjóða allt drykkjarvatn áður en þess er neytt.

■ **Tryggingar**

## Engar bætur fyrir þjófnað á dekkjum



Eigandi bifreiðar fær tjón sitt ekki bætt úr kaskótryggingu ökutækis verði hann fyrir því að dekkjunum sé stolið undan bifreið hans. Er þetta samkvæmt skilmálum tryggingafélaganna; Sjóvá, TM, Varðar og VÍS, og kemur fram á vef Neytendasamtakanna.

Samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga er algengast að óheimilt sé að víkja frá ákvæðum þeirra með samningi, ef það leiðir til lakari stöðu þess einstaklings sem öðlast kröfu á hendur félaginu samkvæmt samningnum. Þegar lögin mæla hins vegar ekki fyrir um tiltekin atriði, eins og efni kaskótryggingar ökutækis, er tryggingafélögunum heimilt að semja um efni tryggingar og um leið takmarkanir á henni. Tryggingafélögin geta því undanskilið sig ábyrgð á tjóni tryggingartaka vegna þjófnaðar á dekkjum og felgum, að því tilskildu að slíkar takmarkanir komi fram í skilmálum tryggingarinnar.


FERÐAPOTTUR
- SMYRIL LINE -

Frábært verð til Færeyja frá 31. ágúst og út september

23.900

Verð frá 23.900 á mann fram og til baka sé bókað fyrir 8. ágúst.




Verðdæmi:
1 farþegi ásamt fólksbíl og tveggja manna klefa kr. 35.200
2 farþegar ásamt fólksbíl og tveggja manna klefa kr. 55.400
4 farþegar ásamt fólksbíl og fjögurra manna klefa kr. 95.600

Gildir fyrir fólksbíla að 1,9 metrum á hæð og 5,0 metrum á lengd.
Athugið að verðið hækkar sé bókað eftir 8. ágúst

WWW.SMYRIL-LINE.IS
AUSTFAR NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN
AUSTFAR - Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111
NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN - Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600


# Verðmerkja forpakkaðar kjötvörur í búðunum

**10-11 virðist vera eina matvöruverslanakeðjan sem setur verðmiða á forpakkaðar kjötvörur, að því er könnun Neytendastofu leiddi í ljós. Samkeppniseftirlitið gerði sátt við framleiðendur kjötvara fyrr á árinu um að þeir verðmerktu ekki framar forpakkaðar kjötvörur með leiðbeinandi verði. Það þýddi hins vegar ekki að verslanir mættu ekki sjálfar verðmerkja vörurnar.**




**VERÐSKANNI** Skannar eru stundum of langt frá hillunum þar sem forpökkuðu kjötvörurnar eru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Þetta virðist vera til fyrirmyndar hjá 10-11. Þeir keyptu skanna sem prentar út límmiða og setja miðana sjálfir á vöruna," segir Þórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri á neytendaréttarsviði Neytendastofu.

Sigurður Karlsson, rekstrarstjóri 10-11, segir þetta fyrst og fremst hafa verið gert til þess að viðskiptavinir gætu séð verðið á einfaldan hátt. „Þeir þurfa þá ekki að renna vörunni undir verðskanna til þess að sjá hvað hún kostar. Við höfum ekki þurft að ráða aukamannskap til þess að líma miða á vörurnar," greinir hann frá.

Þórunn Anna segir nokkrar minni verslanir verðmerkja hverja einingu en að verðskannar fyrir neytendur séu komnir í margar verslanir. Þyngd vörunnar er tilgreind á umbúðum og kílóverð á hillu. Til þess að sjá hvað ákveðið kjötstykki, sem er forpakkað, kostar þurfa neytendur að renna því undir skanna. „Það er hins vegar mismunandi milli verslana hversu margir og vel staðsettir þeir eru. Í sumum tilvikum eru þeir ekki nógu nálægt hillunum þar sem vörurnar eru. Við höfum sent verslunum ábendingar þar sem þetta er ekki í lagi og munum svo skoða þetta aftur."

Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups, segir að farið hafi verið að tilmælum Neytendastofu um að lækka verðskannana. „Við fengum ábendingu um að þeir væru of hátt uppi fyrir þá sem eru í hjólastólum og létum lækka þá."

Að sögn Gunnars Inga þyrfti að ráða fleira starfsfólk ef setja ætti límmiða með verði á hverja forpakkaða kjötvöru. „Kostnaður yrði meiri og það gæti leitt til hækkunar vöruverðs."

> Við höfum ekki þurft að ráða aukamannskap til þess að líma miða á vörurnar.
>
> SIGURÐUR KARLSSON
> REKSTRARSTJÓRI 10-11

Gunnar Ingi tekur það fram að hægt sé að skoða verð á öllum vörum í verðskönnum.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir í pistli á heimasíðu sinni að samkeppnin sé núna orðin blindandi. Hann segir að samkvæmt gamla laginu hafi allar upplýsingar verið aðgengilegar án fyrirhafnar og að breytingin hafi almennt orðið til að hækka verðið en ekki lækka það.

Þórunn kveðst ekki að öllu leyti sammála ráðherranum. „Upplýsingarnar voru ekki án fyrirhafnar. Neytendur þurftu að reikna út prósentuafslátt frá kílóverði og í mörgum tilvikum var ekki samræmi milli þess afsláttar sem tilgreindur var á umbúðum og þess sem veittur var á kassa. Neytendastofa hefur reyndar fengið ábendingar um að verð hafi hækkað en það hefur ekki verið kannað nánar. Það þyrfti jafnvel að gera í samráði við Samkeppniseftirlitið sem gerði þessa sátt til að stuðla að aukinni samkeppni."

Nýjar tölur sýna að flugvélar Iceland Express eru enn mikið á eftir áætlun:

# Tæplega 40% ferða á áætlun

Um 38 prósent flugferða Iceland Express frá Keflavík í júlímánuði voru á áætlun. Meðalseinkun brottfara var 34 mínútur og hlutfall þeirra véla sem komu í tíma var 36 prósent. Eru þetta upplýsingar frá vefsíðunni Túristi.is, sem hefur meðal annars gert kannanir á stundvísi flugfélaga.

Á síðasta þriðjungi júnímánaðar fór innan við fimmta hver vél Iceland Express í loftið frá Keflavík á réttum tíma. Eftir að þær tölur voru birtar báðust forsvarsmenn félagsins afsökunar með því að birta heilsíðuauglýsingu á síðum íslenskra dagblaða. Þar kom fram að markmiðið væri að þrjú af hverjum fjórum flugum héldu áætlun.

Samkvæmt mælingum Túrista hélt Icelandair áætlun í 78 prósentum tilvika þegar brottfarir frá Keflavík voru skoðaðar í júlí. Meðalseinkun var átta mínútur og hlutfall þeirra véla sem komu á tíma var 73 prósent.




**SKREYTT VÉL ICELAND EXPRESS** Hlutfall þeirra véla flugfélagsins sem fóru samkvæmt áætlun frá Keflavík var 38 prósent en 36 prósent komu á áætlun. MYND/ICELAND EXPRESS

Samkvæmt lögum um loftferðir ber flugrekanda að bjóða farþegum bætur í einhverju formi, tefjist flug þeirra um tvo klukkutíma eða meira. Bætur fara eftir lengd tafar og vegalengd flugs. - sv

# ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN AUGLÝSIR

**AÐEINS 8.995,-**
**DAM TASLAN NÆLONVÖÐLUR**
- með áföstum stígvélum.

**AÐEINS 15.995,-**
**RON THOMPSON NEOPRENVÖÐLUR**
- Stígvél með filtsóla.

**FRÁBÆRT VERÐ 24.900,-**
**ÖNDUNARVÖÐLU PAKKAR**
Ron Thompson Hydro-force öndunarvöðlur og Scierra Contour vöðluskór með filtsóla.

**FRÁBÆRT VERÐ 29.900,-**
**ÖNDUNARVÖÐLU PAKKAR**
Scierra CC3 öndunarvöðlur og Scierra Contour vöðluskór með filtsóla.

**AÐEINS 9.995,-**
**STERKASTA STÖNG Í HEIMI?**
Ron Thompson Tyran stöngin komin aftur. Fáanleg í nokkrum lengdum.

**AÐEINS 8.995,-**
**RON THOMPSON STEEL-HEAD KASTSTÖNG**
Vönduð stöng í silung og lax. Margar lengdir.

**AÐEINS 3.995,-**
**OKUMA ELECTRON VEIÐIHJÓL**
Girni og aukaspóla.

**AÐEINS 19.900,-**
**SCIERRA EMERGER FLUGU-VEIÐIPAKKI**
- á góðu verði. Fjögurra hluta stöng, gott hjól með vandaðri flotlínu og undirlínu. DVD með kastkennslu.

**AÐEINS 39.900,-**
**SCEIRRA EMERGER TVÍHENDUPAKKI**
- á óviðjafnanlegu verði. Fjögurra hluta stöng, vandað hjól og góð skotlína. DVD með kastkennslu.

**AÐEINS 3.995,-**
**RON THOMPSON VEIÐIVESTI**
Gott vesti með mörgum vösum.

**AÐEINS 12.995,-**
**RON THOMPSON ONTARIO VEIÐIJAKKI**
Hægt að renna ermum af.

**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 15.995,-**
**RON THOMPSON VEIÐI-JAKKI**
Vatnsheldur jakki með útöndun. Fullt verð 18.995.-

**AÐEINS 5.995,-**
**STÁL OG HNÍFAR**
Hnífasett, stál og bretti í handhægri tösku.

**TILBOÐ AÐEINS 8.995,-**
**REYKOFNAR Á TILBOÐI**
Töfraðu fram veislumáltið heima eða í veiðiferðinni.

**AÐEINS 5.995,-**
**RON THOMPSON ENER-GIZER FLUGULÍNA**
Flotlína fáanleg í línuþyngdum #5, #6, #7 og #8.

**VERÐ FRÁ 11.995,-**
**OKUMA SLV FLUGUHJÓL**
Af mörgum talin bestu kaupin í fluguhjólum. Hjólið sem er úr áli er létt og sterkt með öflugum bremsum.

## SPÚNAR Á BÆJARINS BESTA VERÐI?

ÓDÝRU SPÚNARNIR EINNIG Á WWW.VEIDIMADURINN.IS

TOBIE FRÁ 299,- BLEIKJUSPINNER 299,- ESJA 395,- BAULA 395,- HENGILL 395,- DYNGJA 395,- FAXI 395,- LAKI 395,- KATLA 395,- SNÆLDA 595,-

## SILUNGAFLUGUR Á FÍNU VERÐI

PEACOCK 220,- KRÓKUR 220,- KILLER 220,- WATSON FANCY 220,-

MÝSLA 220,- ALMA RÚN 220,- FLÆÐARMÚS 290,-

NOBBLER 290,- HÓLMFRÍÐUR 290,- BLACK GHOST 290,-

## BEITAN Í VEIÐIFERÐINA - ORMAR OG MAKRÍLL

# SPORTBÚÐIN

KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

*Í leiðinni úr bænum*

MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

# Skólaba

## fást hjá epli.is





### iPod Touch

Tónlist, vídeó, leikir, forrit, rafbækur, hljóðbækur, podvörp, ljósmyndir, Safari netvafri, póstforrit, kort, FaceTime, HD vídeóupptaka, Nike+iPod stuðningur

Aðeins 101 gramm
Allt að 40 klst rafhlöðuending

**Verð frá: 55.990.-**

### iPad 2

Nýr iPad 2! Hraðvirkari, 33% þynnri og allt að 15% léttari. FaceTime. HD upptaka. Tveggja-kjarna A5 örgjörvi.
í iOS 4.3 stýrikerfinu fyrir iPad fylgir m.a. netvafri, póstforrit, margmiðlunarspilari, dagatal, YouTube, skipuleggjari, skrifblokk og fleira. Hægt er að nálgast hundruði þúsunda „Apps“ eða forrit og leiki á App Store sem er innbyggt í iPad.

**Verð frá: 84.990.-**

# ekurnar



## MacBook Pro 13”

Allt að 2,7GHz 2-kjarna Intel i7 örgjörvi
Allt að 8GB DDR3 vinnsluminni
Allt að 750GB harður diskur

Thunderbolt tengi (10Gbps)
Tvö USB 2.0 tengi
FireWire 800 tengi
SDXC kortarauf
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth

Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 199.990.-**



## MacBook Air 11”

Allt að 1.8GHz Dual-Core Intel Core i7
Allt að 4GB vinnsluminni
Allt að 256GB SSD diskur

Thunderbolt tengi (10Gbps)
Tvö USB 2.0 tengi
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth

Þyngd 1.08 kg

Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 169.990.-**

Allt að 2.5x hraðari örgjörvar
Dual-core Intel Core i5/i7 örgjörvi sem gerir MacBook Air allt að 2,5x hraðvirkari en áður.

Öflugri grafík
Ný HD 3000 skjástýring frá Intel sem skilar glæsilegri grafík úr lítilli vél.

Ofurhratt Thunderbolt
Glænýtt tengi sem gerir manni kleift að færa gögn á ofurhraða og tengja við skjái.

FaceTime HD myndavél
Á næsta myndspjalli munu félagar þínir sjá þig þrisvar sinnum skýrari en áður!

Rafhlaða sem endist lengi
Þú færð allt að 7 klst. rafhlöðuendingu á nýju MacBook Air 13”, þrátt fyrir meiri kraft og betri grafík en áður.

epli.is

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt á land allt

Laugavegi 182, sími 512 1300 | Opið 10-18 mánudaga til föstudaga og 12-16 laugardaga | **www.epli.is**

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**12,1 MILLJARÐUR** króna er heildarvelta fasteignaviðskipta á höfuðborgarsvæðinu í júlí en veltan jókst um 58,8 prósent milli ára.

Launakönnun VR:

## Heimavinna færist í vöxt

**Sífellt fleiri félagsmenn VR vinna fjarvinnu. Samkvæmt niðurstöðum launakönnunar VR árið 2011 vinna 41,8 prósent félagsmanna hluta vinnutíma síns í fjarvinnu.**

**Árið 2004 unnu 23,3 prósent félagsmanna hluta vinnu sinnar í fjarvinnu. Sama hlutfall var 40,4 prósent í fyrra. Þá hefur meðalvinnutími utan vinnustaðar aukist um þrjár klukkustundir á viku milli ára og er nú 10,4. 49 prósent karla vinna fjarvinnu og 36 prósent kvenna.**

**Launakönnun VR er gerð árlega meðal fullgildra félagsmanna. Niðurstöður í heild sinni verða birtar í september.** - mþl

Sigrún Ragna Ólafsdóttir:

## Sigrún ráðin forstjóri VÍS

Sigrún Ragna Ólafsdóttir hefur verið ráðin forstjóri VÍS og Lífís. Hún hverfur úr starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs Íslandsbanka og hefur störf 1. september næstkomandi, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.



SIGRÚN RAGNA ÓLAFSDÓTTIR

Sigrún lauk cand.oecon prófi frá Háskóla Íslands árið 1987. Hún hlaut löggildingu sem endurskoðandi árið 1990 og lauk MBA-prófi frá HR árið 2007. - mþl

Kínverskt matsfyrirtæki lækkar mat Bandaríkjanna:

## Lækkar lánshæfismatið

Helsta matsfyrirtæki Kína, Dagong Global Credit Rating Company hefur lækkað lánshæfismat bandaríska ríkisins úr A+ í A. Þetta gerist þrátt fyrir að komist hafi verið hjá greiðslufalli þess á þriðjudag með samkomulagi milli þingflokka á síðustu stundu um hækkun skuldaþaks ríkisins.

Matsfyrirtækið varð í nóvember það fyrsta til að lækka lánshæfiseinkunn Bandaríkjanna úr AAA, sem er hæsta gefna einkunn, en hefur nú gengið skrefinu lengra. Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að efasemdir hafi aukist um getu bandaríska ríkisins til að standa við langtímaskuldbindingar sínar.

Ekkert stóru þriggja vestrænu matsfyrirtækjanna, Moody's, Standard & Poor's og Fitch, hefur lækkað lánshæfismat bandaríska ríkisins úr AAA. Moody's hefur hins vegar sagt líkurnar á lækkun matsins hafa aukist undanfarið. - mþl

# Íslenska leiðin bara ódýrari en sú írska

**Beinn kostnaður íslenska ríkisins af fjármálakreppunni sem skall á 2007 var meiri en nokkurs annars ríkis ef frá er skilið Írland, samkvæmt OECD. Ríkið lagði bankakerfinu til jafngildi 20 prósenta af landsframleiðslu frá 2007 til 2009.**

**EFNAHAGSMÁL** Ekkert land eyddi jafnmiklu í bankakerfið og Ísland, að frátöldu Írlandi, á árunum 2007 til 2009 vegna alþjóðlegu fjármálakreppunnar. Þetta kemur fram í nýlegri skýrslu OECD um Ísland, en fjallað er um málið í nýjasta tölublaði Vísbendingar, vikurits um viðskipti og efnahagsmál.

Fjármálakreppan á árunum 2007 til 2009 kostaði írska ríkið langmest, eða sem nemur 49 prósentum af landsframleiðslu. Kostnaður Íslendinga samkvæmt OECD var hins vegar 20,3 prósent af landsframleiðslu. Sú tala er þó nær örugglega of lág því hið opinbera hefur lagt meiri peninga inn í bankakerfið frá árinu 2009, svo sem til Íbúðalánasjóðs.

Þau ríki sem koma næst á eftir Íslandi eru Holland, Bretland og Lúxemborg með kostnað upp á 12,9 prósent, 8,7 prósent og 7,7 prósent af landsframleiðslu. Kostnaður annarra ríkja var undir fimm prósentum af landsframleiðslu.

Í Vísbendingu er þeirri spurningu velt upp hve miklu meiri kostnaður íslenska ríkisins hefði verið ef ákveðið hefði verið að verja bankakerfið til þrautar.

Er það mat greinarhöfundar að lán til Kaupþings daginn fyrir hrun bankans og hugmyndir um að ríkið keypti 75 prósenta hlut í Glitni sýni að ráðamenn hafi ekki gert sér grein fyrir því hve alvarleg staðan hafi verið. Það hafi því reynst Íslendingum lán í óláni hve tregar aðrar þjóðir reyndust til að lána Íslendingum haustið 2008. Sú kenning að Íslendingar hafi sloppið vel vegna ákvörðunar um að leyfa bönkunum að falla eigi hins vegar ekki við rök að styðjast.









**WALL STREET** Svartsýni virðist gæta á mörkuðum um horfur í efnahagsmálum í Bandaríkjunum og Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dow Jones-vísitalan lækkaði níu daga í röð:

## Svartsýni eykst á helstu mörkuðum

**NEW YORK, AP** Verð hlutabréfa lækkaði víðast hvar í heiminum í gær, að því er virðist vegna svartsýni um horfur í efnahagsmálum í Bandaríkjunum og Evrópu. Dow Jones-hlutabréfavísitalan í New York lækkaði níunda daginn í röð, sem hefur ekki gerst síðan árið 1978.

Barack Obama Bandaríkjaforseti skrifaði á þriðjudag undir lög um hækkun skuldaþaks bandaríska ríkisins. Þar með var komið í veg fyrir greiðslufall þess, sem hefði annars orðið síðar sama dag. Í kjölfarið virðast sjónir fjárfesta vestanhafs hafa beinst að teiknum um versnandi stöðu efnahagsmála í Bandaríkjunum.

Fyrir opnun markaða í gær var birt gildi þekktrar vísitölu um umsvif í bandaríska þjónustugeiranum fyrir júlímánuð. Leiddi hún í ljós hægasta vöxt í geiranum í sautján mánuði. Bættist sú niðurstaða í hóp nýlega birtra hagtalna um einkaneyslu, framleiðslu og hagvöxt, sem hafa allar þótt slæmar.

Áhyggjur af stöðu mikið skuldsettra ríkja evrusvæðsisins hafa magnast á ný síðustu daga. Helstu hlutabréfavísitölur í Evrópu hafa af þeim sökum fallið síðustu daga en í gær lækkaði vísitalan í Frankfurt um 3,5 prósent og vísitölur í London og París um 2,5 prósent.

Hrávöruverð hefur einnig lækkað síðustu daga ef frá er skilið gullverð, sem hefur aldrei verið hærra að nafnvirði. Þekkt er að fjárfestar leita í gull þegar svartsýni eykst á mörkuðum.

Þá hefur ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréfum Bandaríkjanna og Þýskalands lækkað töluvert, sem bendir til þess, eins og þróun gullverðs, að fjárfestar séu í leit að öryggi. - mþl

# LIFÐU VEL

# HEIMA HÚSIÐ
















**20% stgr.afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru**

HEIMA HÚSIÐ

**Opið virka daga 10-18**
**laugardaga 11-16**

Öndvegi mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET • FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Prófessor bendir á vitleysurnar um kjötútflutning.

## Kolruglaður kjötmarkaður

Í grein Þórólfs Matthíassonar hagfræðiprófessors í Fréttablaðinu í gær, sem víða hefur verið til umfjöllunar, hrekur hann alls konar vitleysu sem haldið er fram um útflutning á sauðfjárafurðum.

Þórólfur sýnir þannig fram á að það er rangt sem haldið hefur verið fram, að skattgreiðendur niðurgreiði ekki lengur útflutning kindakjöts. Þótt útflutningsbætur hafi verið aflagðar fyrir tæpum tveimur áratugum eru enn greiddar „beingreiðslur“ og „gæðastýringarálag“ (tvö af þessum gegnsæju orðum í landbúnaðarfrumskóginum) til bænda. Ef litið er á hlutfall þess kjöts innan „greiðslumarks“ sem flutt er út, fara 400 til 1200 milljónir af fé skattgreiðenda til að borga með útfluttu lambakjöti, samkvæmt útreikningi prófessorsins.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þórólfur bendir á að útflutningurinn, svo og sú venja að henda lambakjöti sem selst ekki í búðum, í stað þess að lækka verðið á því rétt fyrir síðasta söludag, haldi uppi verðinu á lambakjöti innanlands.

Þetta setur rökstuðninginn fyrir nýlegri hækkun á lambakjöti á innanlandsmarkaði í athyglisvert ljós: Kjöti er hent fremur en að lækka á því verðið. Lambakjöt er flutt út með styrk frá neytendum (sem eru sama fólkið og skattgreiðendur). Þannig er verði innanlands líka haldið uppi. Rökin fyrir enn frekari verðhækkun eru hins vegar að útflutningurinn gangi svo vel. Þannig er verðhækkun á kjöti sem íslenzkir neytendur hafa niðurgreitt ofan í útlendinga orðin rök fyrir því að þeir eigi að borga ennþá meira. Við það má bæta að samtökum bænda finnst alveg sjálfsagt að þeir fái að flytja út kjöt án tolla, til dæmis á markað í Evrópusambandslöndunum, en þau eru alveg á móti því að kjöt sé flutt inn til Íslands án tolla.

Svona röksemdafærsla viðgengst hvergi nema á hinum kolruglaða búvörumarkaði. Þórólfur Matthíasson hrekur fleiri vitleysur; til dæmis þá að útflutningur lambakjöts skapi dýrmætar gjaldeyristekjur. Ríkisstyrkirnir sem koma til þýða að peningarnir eru fyrst sendir upp í sveit, áður en þeir koma heim aftur sem gjaldeyristekjur. Og til að framleiða kjöt til útflutnings þarf heilmikinn innflutning; áburð, olíu, vélar, fóður og þar fram eftir götunum. Því að þótt bændur vilji sem minnstan innflutning í nafni matvælaöryggis, hefur hvorki tekizt að koma á olíu- né dráttarvélaöryggi. Ávinningurinn af útflutningnum er því sáralítill í samanburði við aðrar útflutningsgreinar.

Íslenzkt kindakjöt er frábær vara, sem á með réttu að selja um allan heim, ekki bara á Íslandi. En væri okkur öllum, líka framleiðendum lambakjöts, ekki greiði gerður með því að losa framleiðsluna og söluna út úr þessu fáránlega kerfi og innleiða viðskiptafrelsi í landbúnaðinum eins og öðrum greinum?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Tölvunámskeið í ágúst

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 42.000 hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 25 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax.

- Stafræn ljósmyndun fyrir 10-15 ára
- Flash margmiðlun fyrir 12-16 ára
- Excel og Access námskeið
- Vefsíðugerðarnámskeið
- Stafræn ljósmyndun
- Einkakennsla og fyrirtækjanámskeið

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Niðurrif stjórnlagaráðs

Margir hafa tjáð sig um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Sú umræða hefur um margt verið málefnaleg, ýmislegt gott má finna í drögunum, annað miður, sumt er of, annað van. Jón Magnússon lögmaður skrifar grein á Pressuna þar sem hann veltir því fyrir sér til hvers stjórnlagaráð hafi yfir höfuð verið skipað. Telur hann tillögurnar ekkert gildi hafa, í raun minna en þingmannafrumvarp um breytingar á stjórnarskrá. Á það er þó að benda að í þingsályktunartillögu um stjórnlagaráð er sérstaklega kveðið á um að ráðið skuli skila tillögum sínum til Alþingis í formi frumvarps til stjórnskipunarlaga. Það er allnokkuð og ber ekki að gera lítið úr því.



### Plagsiður

Sérkennilegur er sá plagsiður að láta eins og nauðganir séu eðlilegur fylgifiskur skemmtanahalds. Virðist á sumum sem það megi einfaldlega reikna með því að þar sem svo og svo margir komi saman verði svo og svo mörgum konum nauðgað. Slíkur hugsanaháttur gerir ekkert nema festa þá reginfirru í sessi að nauðgun geti á einhvern hátt verið eðlilegur fórnarkostnaður.



### Nýr flokkur

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins verður haldinn í haust. Flest bendir til þess að Bjarni Benediktsson muni áfram gefa kost á sér sem formaður. Enginn mótframbjóðandi hefur stigið fram. Eftir því er þó tekið að víða á vefjum hægrimanna eru lítt duldar sendingar um að forysta flokksins verði að standa sterk að loknum fundi. Gerist það ekki gæti myndast tómarúm fyrir nýjan flokk á hægri vængnum. Slík hótun hefur lengi vomað yfir Sjálfstæðisflokknum og ljóst er að þeir frjálslyndustu hafa lengi verið óánægðir með stefnu flokksins. Það skyldi þó ekki vera að flokkum landsins fjölgaði þegar líður á veturinn? kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Bragðgott kraftaverkameðal

Hungursneyð



Þórir Guðmundsson
sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða kross Íslands

Fyrir nokkrum dögum fór flugvél Alþjóða Rauða krossins frá Evrópu til Afríku með dýrmætan farm. Í vélinni voru 60 tonn af kraftaverkameðali – bætiefnaríku hnetusmjöri, sem ber vörumerkið Plumpy‘Nut.

Í 40 næringarstöðvum Rauða krossins í Sómalíu er verið að nota hnetusmjörið til að hjúkra alvarlega vannærðum börnum til heilbrigðis. Nú eru 5.500 börn í slíkum stöðvum. Daglega eru börn útskrifuð og ný koma inn. Verið er að fjölga þessum stöðvum til að bjarga fleiri börnum.

Plumpy‘Nut hnetusmjörið gegnir lykilhlutverki við að bjarga lífi alvarlegra vannærðra barna. Það tekur ekki nema tvær til fjórar vikur að hjúkra barni til heilbrigðis eftir að það kemur aðframkomið af hungri inn á næringarstöð Rauða krossins. Á þeim tíma byrjar barnið smám saman að borða hefðbundinn mat og braggast.

Sögu Plumpy‘Nut má rekja til þess að franski næringarfræðingurinn André Briend tók eftir krukku af Nutella hnetusmjöri á eldhúsborðinu, smyrju sem nýtur sívaxandi vinsælda meðal barna á Íslandi og um allan heim. Hann skoðaði innihaldslýsinguna og komst að því bætiefnin í smjörinu stemmdu við margt af því sem vannærð börn þurfa á að halda.

Hjálparsamtök um allan heim hafa á síðustu árum tekið Plumpy‘Nut fagnandi. Loksins er kominn fram matur sem auðvelt er að framleiða, flytja og dreifa. Ekki þarf að blanda smjörið drykkjarvatni, sem er víða af skornum skammti, og það þarf ekki einu sinni að elda Plumpy‘Nut, bara kreista það fram úr litlum poka. Það sem meira er – hnetusmjörið er bragðgott!

Yfirnæringarfræðingur Lækna án landamæra, Milton Tectonidis, líkir Plumpy‘Nut við pensilín, svo mikilvægt sé það sem meðal gegn alvarlegri vannæringu.

Rauði krossinn og fjölmörg önnur hjálparsamtök hafa því tekið Plumpy‘Nut í þjónustu sína. Þegar þetta er skrifað er verið að undirbúa sendingu á öðrum farmi frá Frakklandi til Sómalíu á vegum Alþjóða Rauða krossins.

Rauði kross Íslands hefur eyrnamerkt allt söfnunarfé vegna Sómalíu kaupum á Plumpy‘Nut. Fyrir 1.500 krónur sem dregnar eru af símreikningi þegar hringt er í 904-1500 má kaupa skammt af hnetusmjöri sem dugar til að hjúkra einu barni til lífs á næringarstöð Rauða krossins í Sómalíu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Að veðsetja eigur annarra

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Hugsum okkur mann, sem tekur bíl á leigu á mánudagsmorgni. Hann fær bílinn afhentan til leigu í fimm daga og greiðir t.d. 100 þúsund krónur fyrir fram fyrir leiguna til föstudagskvölds, eða 20 þúsund krónur á dag. Það, sem hann hefur í reyndinni keypt, er skírteini, sem veitir honum rétt til að nota bílinn í fimm daga. Skírteinið, það er leiguréttinn, getur maðurinn með leyfi bílaleigunnar framselt til annars manns, sem tekur þá á sig skuldbindingu hins fyrr nefnda, það er skylduna til að skila bílnum óskemmdum í vikulok. Skírteinið er 100 þúsund króna virði á mánudagsmorgninum og 80 þúsund króna virði á þriðjudagsmorgni, því að þá eru aðeins fjórir dagar eftir af leigutímanum. Leigutakinn gæti hugsanlega farið í bankann sinn beint úr bílaleigunni á mánudeginum og tekið lán til fjögurra daga að upphæð 20 þúsund krónur og lagt skírteinið frá bílaleigunni að veði með leyfi bílaleigunnar. Standi lánþeginn ekki í skilum við bankann á fimmtudeginum, yfirtekur bankinn skírteinið, sem er þá 20 þúsund króna virði og veitir bankanum afnot af bílnum á föstudeginum. Bankinn vill ekki veita hærra lán en 20 þúsund krónur með veði í leiguskírteininu vegna þess, að andvirði þess er komið niður í 20 þúsund krónur á fimmtudeginum. Aðeins óábyrgur eða óheiðarlegur bankastjóri myndi veita 100 þúsund króna lán með veði í leiguskírteininu, því að veðið myndi þá ekki bæta bankanum nema að 1/5 hluta vanskil á láninu.

Hugsum okkur nú annan mann í sömu sporum. Hann fer beint í bankann sinn á bílnum, sem er fimm milljóna króna virði, og tekur lán til fjögurra daga að upphæð fimm milljónir króna og 20 þúsund. Hann veðsetur þannig bílinn fyrir fimm milljónir og leiguskírteinið fyrir 20 þúsund. Ef hann stendur í skilum við bankann á fimmtudeginum, hefur hann fengið afnot af fimm milljónum og 20 þúsundum betur í fjóra daga og er að því leyti betur settur en hefði hann tekið aðeins 20 þúsund krónur að láni með skírteinið eitt að veði. Standi hann á hinn bóginn ekki í skilum við bankann á fimmtudeginum, getur bankinn gengið að manninum og tekið af honum leiguskírteinið, sem er 20 þúsund króna virði. Bankinn getur ekki gengið að bílaleigunni, enda hefði hún aldrei veitt leigutakanum heimild til að veðsetja bílinn. Bankinn tapar því fimm milljónum. Þannig hefur leigutakanum tekizt að ná fimm milljónum króna af bankanum í gegnum bílaleiguna.

Ekki bara það. Leigutakinn í dæminu hefur berlega framið umboðssvik í skilningi 249. greinar hegningarlaga, en þar segir: „Ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þyngja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi.“ Í þessu felast þau augljósu sannindi, að engum má haldast uppi að veðsetja eigur annarra í leyfisleysi.

Þessi einfalda dæmisaga lýsir hugsuninni á bak við auðlindaákvæðið í frumvarpi Stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár. Þar segir: „Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið þær, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og því má aldrei selja þær eða veðsetja.“ Í þessum orðum felst, að skip með kvóta megi veðsetja aðeins upp að því marki, sem nemur verðmæti skipsins sjálfs og veiðiréttarins með leyfi eigandans, það er almannavaldsins í umboði þjóðarinnar.

Í frumvarpinu segir einnig: „Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.“

Hugsum okkur loks útvegsmann, sem kaupir fiskiskip með kvóta, það er réttinn til að veiða 120 tonn af fiski á einu ári eða tíu tonn á mánuði. Hugsum okkur, að skipið sjálft sé 20 milljóna króna virði og aflinn 120 milljóna virði. Taki útgerðarmaðurinn lán í banka til eins árs með veði í skipi og veiðirétti, myndi gætinn bankastjóri ekki lána manninum meira en 20 milljónir. Það stafar af því, að standi lántakandinn ekki í skilum að ári, getur bankinn aðeins tekið yfir skipið, en ekki kvótann, því að hann er uppveiddur eftir árið og einskis virði. Banki, sem lánar manninum 140 milljónir út á skip og kvóta við upphaf árs, getur að ári liðnu aðeins endurheimt 20 milljónir og tapar 120 milljónum. Í þessu dæmi hefur útvegsmanninum tekizt að ná 120 milljónum króna af bankanum í gegnum kvótann. Svikull bankastjóri gæti séð sér hag í slíkum viðskiptum, einkum ef ríkið tekur á sig tapið á endanum. Af þessu má ráða hættuna, sem fylgir langtímaleigu aflaheimilda, sé ekki tekið fyrir veðsetningu þjóðareignarinnar. Sé kvóta úthlutað til margra ára í senn, margfaldast tapið, sem viðskipti af þessu tagi geta lagt á bankann og aðra, þar á meðal lánardrottna og hluthafa bankans og skattgreiðendur. Sjávarútvegsfyrirtæki þurfa að lúta sömu lögum og önnur fyrirtæki og annað fólk. Engum má haldast uppi að veðsetja eigur annarra án leyfis.

> Sé kvóta úthlutað til margra ára í senn, margfaldast tapið, sem viðskipti af þessu tagi geta lagt á bankann og aðra, þar á meðal lánardrottna og hluthafa bankans og skattgreiðendur.

ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

### Böðullinn í Damaskus

Yfirvöld í Sýrlandi beita miskunnarlausu ofbeldi. Um helgina voru yfir 100 drepnir. Umheimurinn má ekki láta einræðisherrann Bashar al-Assad komast undan. Um helgina herti sýrlenski herinn ofbeldisaðgerðir sínar. Skotið var úr vélbyssum og brynvörðum bílum á óvopnaða mótmælendur víðs vegar um landið. Það var greinilega tilraun Bashar al-Assads forseta til þess að brjóta mótmælin á bak aftur fyrir föstumánuðinn sem hófst á mánudaginn. Mótmælin hafa hingað til verið skipulögð í samræmi við föstudagsbænirnar. Í föstumánuðinum safnast múslímar saman í moskunum. Við þær aðstæður hefði krafturinn í uppreisninni getað orðið meiri. Það reynir Assad að koma í veg fyrir.

www.dn.se/ledare
**Úr leiðara Dagens Nyheter**






# Ísland, einungis fyrir auðmenn!

Samfélagsmál

Kristjana Björg Sveinsdóttir
framhaldsskólakennari



Höfum við efni á að búa lengur á Íslandi? Þessi spurning hlýtur að brenna á mörgum landsmönnum. Þróunin í efnahagsmálum hér á landi er mikið áhyggjuefni fyrir fjölskyldufólk og komin úr öllu samhengi við kostnað þess að lifa á Íslandi í dag. Það þarf ekki sérfræðinga til þess að komast að þessari niðurstöðu, þetta blasir við hvert sem maður lítur. Hinn vinnandi meðalmaður nær ekki lengur endum saman og tap íslenskra fjölskyldna virðist engan enda ætla að taka.

Það dapurlega er að það virðist heldur engin ásættanleg framtíðarsýn vera í mótun hjá stjórnvöldum fyrir starfandi fólk í landinu, og þó það liggi fyrir að skuldirnar sem almenningur tók og tekur enn á sig vegna hrunsins séu himinháar, eru raunverulegar afleiðingar hrunsins fyrir fólkið í landinu enn að mörgu leyti mjög óljósar. Útlitið er vægast sagt svart og því miður er það staðreynd að fólksflótti frá landinu er enn að aukast verulega.

Sá hópur fólks sem helst leggur á flótta er vel menntað fólk sem ekki fær laun í samræmi við þá vinnu sem það hefur lagt á sig með áralöngu háskólanámi og mikilli baráttu við að ná settum markmiðum í lífinu. Fyrir þetta fólk er kostnaðurinn orðinn of mikill við að búa á Íslandi. Með þessu fólki fara heilu fjölskyldurnar og eftir sitja aðstandendur sem oft eru í eldri kantinum og hefðu gjarnan viljað hafa sína afkomendur nálægt sér. Ekki eru öll kurl komin til grafar og afleiðingar hrunsins enn að koma í ljós. Getur t.d. einhver gert sér í hugarlund hvernig hið íslenska samfélag mun líta út eftir 10 ár?

Höfum við efni á að búa hér áfram? Margir komast nú að þeirri niðurstöðu að svo er ekki. Fólk sem fór „heiðarlegu leiðina“ í að sjá fjölskyldum sínum farborða og eiga fyrir útborgun í íbúð, situr nú uppi með gríðarlegt tap og þarf að sætta sig við að allt streðið við að koma undir sig fótunum var tilgangslaust í fjárhagslegu tilliti. Afraksturinn af öllu erfiðinu er enginn og stökkbreytt lán, námslán og óhagstæð ytri skilyrði eru þung byrði á fjölskyldunum, þar sem launin sem alla jafnan teldust þokkaleg, duga ekki lengur til þess að standa skil á pakkanum með góðu móti. Lífsbaráttan er orðin að stóru spurningarmerki og það er mjög letjandi fyrir einstaklinginn að leggja sig fram undir þessum kringumstæðum. Framtíðarsýn er af skornum skammti og í samfélaginu ríkir sífellt meiri ósátt og sundrung. Fólk þarf ekki einungis að sætta sig við að hafa í mörgum tilfellum misst sparnað sem það vann fyrir hörðum höndum, heldur á sér stað fádæma óréttlæti þar sem sumir fá afskriftir en aðrir ekki og í vali ríkisstjórnarinnar á því hverjir fá afskriftir virðast tilviljanir og heppni ráða ferðinni. Staðan, sem nú þegar er afkáraleg, versnar stöðugt og laun millistéttarfólks duga ekki lengur fyrir lágmarksútgjöldum. Það er því miður staðreynd að sú stétt er að hrynja niður í hóp fátækra í samfélaginu. Tilgangurinn með harkinu er því vandséður, hvort sem horft er til baka eða fram á veginn og auðskilið af hverju fólksflótti millistéttarinnar eykst sífellt.

Tapið eftir hrunið var gríðarlegt, en það sem vekur hjá manni óhug er að því virðast engin takmörk sett. Tap landsmanna felst m.a. í vaxandi óhagstæðum lífsskilyrðum, áframhaldandi spillingu og skorti á framtíðarsýn. Stjórnvöldum hefur mistekist það gríðarlega mikilvæga verkefni að gefa fólki von um réttláta framþróun, sátt og uppbyggingu velferðar hér á landi og það eina sem blasir við er áframhaldandi tap fyrir fólkið í landinu.

Er ekki löngu kominn tími á nýja byltingu?

# Heimspeki Þrastar Ólafssonar

Stjórnmál

Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra



Fram er komin ný og merkileg heimspekikenning ESB-sinnans Þrastar Ólafssonar (Fréttablaðið 2. ágúst síðastliðinn), sem leitast við að sannfæra að minnsta kosti sjálfan sig um að hugmyndin um frelsi sé annars vegar úrelt hippakenning og hins vegar sprottin úr kaldlyndri heimssýn nýfrjálshyggjunnar. Hann reynir síðan að útskýra hvernig standi á því að blómabörnin og nýfrjálshyggjumenn hafi náð saman en gengur illa að finna botninn á því máli og viðurkennir það sjálfur. Þröstur færist því mikið í fang og fetar slóð þeirra sem telja að hugmyndir um þjóðríkið muni nú láta undan síga, en framtíðin felist í stærri ríkjasamböndum og auknu samstarfi þjóða í millum. Það séu gildin, mannúð, samvinna, samstaða og samhjálp sem eigi að varða leiðina til framtíðar.

## Innanríkisráðherrann og frelsið

Orðrétt segir Þröstur: „Það virðist sitja fast í þeim jafnréttiskenningum sem uxu upp úr hreyfingu 68-kynslóðarinnar erlendis, sem segir að maðurinn sé frjáls, svo fremi engir utanaðkomandi aðilar hafi áhrif á gerðir hans. Þetta sjónarmið kom skýrt fram í skrifi innanríkisráðherrans nýlega. Hann sagði að það væru ekki endilega gjörningarnir frá Brussel sem mótuðu afstöðu hans, heldur að það væru aðrir en hann (Íslendingar) sem ákvæðu. Við erum þannig aðeins frjáls sem einstaklingar og sem þjóð, að við séum eingöngu upp á okkur sjálf komin og deilum engu með öðrum né tökum við neinu frá öðrum.“ Síðan útlistar Þröstur Ólafsson það hvernig „grunnurinn“ sé sá sami hjá „ysta vinstrinu“ og „nýfrjálshyggjunni“, nefnilega „hinn óháði, einstæði einstaklingur.“ Annað sé uppi hjá ESB. Þar séu menn að ná fram réttlæti með „tilurð mikilla tifærslusjóða“. Og áfram: „Sýn þessara baráttufélaga er ekki samhyggja einstaklinga, þar sem kjörum er deilt, fengið og gefið á víxl, heldur sérhyggja þar sem hver stendur einn og deilir kjörum með sjálfum sér. Þeir eru sammála í sýn sinni á manninn. Þessir samherjar segja afstöðu sína sprottna af þjóðernishyggju.“

Hér eru margar rangar staðhæfingar svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Alla vega kannast ég ekki við sjálfan mig í neinu af því sem þarna er sagt!

## Að rétta hjálparhönd

Fyrir utan hið skilgreiningarlega vandamál að þjóðríki geta augljóslega ekki haft samvinnu sín á milli nema að þau séu til; að ákvörðun verður að sjálfsögðu ekki tekin af þeim sem ekki hefur til þess einhvers konar rétt og að frjáls einstaklingur er að minnsta kosti alveg jafn líklegur til að rétta meðbróður sínum hjálparhönd og sá sem ekki ræður gerðum sínum, þá liggur kenningasmiðnum svo mikið á að hann gleymir að skýra út „þá tegund vinstrimanna sem deila hugmyndinni um einstaklinginn með nýfrjálsum, þó á öðrum forsendum sé…“ Þarna vantar allan botn og öll rök.

Ég velti fyrir mér hver staðan væri í heimspeki Þrastar og fleiri skoðanabræðra hans ef ESB yrði leyst upp og væri ekki lengur til. Hver væri vettvangur framvarðarsveitar hinna góðu gilda? Hvar myndu hermenn og hugsuðir samhjálpar og mannúðar beita sér í baráttunni til dæmis gegn „ysta vinstrinu“, sem þá væntanlega hefði á stefnuskrá sinni frelsi einstaklingsins, sjálfstæði þjóðarinnar, aðhylltist eins konar Monroe kenningu og væri tregt til að sinna meðbræðrum sínum í neyð?

## Þverr nú mönnum þrek

Mér finnst farið að þverra mjög andlegt þrek manna þegar allar hugsanir og allar setningar enda á ESB. Samúðin er í ESB. Mannúðin er í ESB. Samhjálpin er í ESB. Menningarleg vitund okkar er í ESB. Umræðan felst nú í að leysa úr einnar breytu jöfnunni x+ESB=Gott, þar sem x merkir: Allt sem er til í heiminum. Allt sem ESB gerir er gott. Hótanir ESB í garð íslenskra sjómanna vegna makrílveiða eru auðvitað bara umhverfisvernd. Krafan um Icesave-greiðslu er tilraun til uppeldis á óstýrilátu barni. Aðstoð við innheimtu óhóflegra bankalána gráðugra evrópskra banka er „hjálp“ til Grikkja. Krafan um að Grikkir standi við samninga um hergagnakaup af Þjóðverjum og Frökkum er „eðlileg forsenda“.

## Snert mína sál

Gagnrýni vinstrimanna á ESB hefur einkum og sérílagi verið gagnrýni á þá nýfrjálshyggjustefnu sem þar ræður ríkjum sem og skort á lýðræði í stjórnun og ákvarðanatöku. Þessari gagnrýni nenna ESB sinnar ekki að svara. Þeirra tal öðlast æ meir blæ trúarbragða, þar sem allt er hægt að skýra með afstöðu til ESB. Andúð á fjölmenningu, andúð á framförum og andúð á samvinnu á samkvæmt þeirra kokkabókum uppruna í að ESB hefur ekki náð að snerta sálu manna. Menn þurfa að sjá ljósið, frelsast. Það að vera gagnrýninn, hvað þá heldur andsnúinn ESB á rætur að rekja til öfgafullra nýfrjálshyggjutilhneiginga eða þess að vera frosinn fastur í einhverju óskilgreindu „ysta vinstri“. Geta menn (tala nú ekki um þýskmenntaða hagfræðinga) ekki séð muninn á félagshyggju og „tilfærslusjóðum“ sem hafa það eina markmið að tryggja samfélag frjálshyggju og kapítalisma? Eru menn svo langt leiddir í trúnni? Við megum samkvæmt ESB reglum ekki halda úti íbúðalánasjóði eftir okkar hentugleikum, við megum ekki reka samfélagslega póstþjónustu. Ég kalla þetta kreddur og fáir munu treysta sér til að kalla það félagshyggju.

## Hvað er ESB?

Það kann að vera að við munum einn góðan veðurdag ganga í ESB og það kann að vera að okkur muni líða ágætlega þar. Það kann líka að vera að við gerum það ekki. Það kann að vera að okkur muni farnast vel utan þess. Ætli það hafi svo mikið að gera með tilvistarhyggju Sartres, einstaklingshyggju Mills eða sósíalisma Marx? ESB er ekki nafn á heimspekikenningu. ESB er ekki stjórnmálaskoðun. ESB er efnahagsbandalag sem á sér draum um að verða stórríki. Og það sem meira er, ESB er rammi utan um ákvarðanatöku á sama hátt og sveitarfélagið og þjóðríkið eru það á sína vísu. Vilji menn svipta nærumhverfið þessum lýðræðislegu umgjörðum eru menn jafnframt að draga úr lýðræðislegum möguleikum fólks til ákvarðanatöku þar. Umhyggja fyrir þessum ramma hefur þannig hvorki með þjóðernishyggju né alþjóðahyggju að gera. Heldur fyrst og fremst lýðræðið og það form sem við teljum best til þess fallið að stuðla að frelsi og lýðræðislegri ákvarðanatöku. Það er síðan viðfangsefni félagslega sinnaðs fólks að nýta þennan ramma til að berjast fyrir hugsjónum sínum um samfélag jafnaðar.

## Á að reyna aftur?

Illa er nú komið fyrir mönnum sem mér skilst að vilji kenna sig við einhvers konar félagshyggju eins og Þröstur Ólafsson, þegar þeir gera lítið úr tilraunum til að auka frelsi einstaklingsins og efla lýðræðið. Hvort tveggja hefur í mínum huga alltaf verið óaðskiljanlegur hluti þeirrar félagshyggju sem ég aðhyllist og vil berjast fyrir. Þetta nefni ég þar sem Þröstur Ólafsson lætur svo lítið í grein sinni að leggja út af hugmyndum sem ég hef sett fram um frelsi einstaklingsins. Ég nefni þetta líka til mótvægis við þá sýn sem Þröstur talar fyrir. Samkvæmt því sem ég fæ skilið af skrifum hans skal nú skipuleggja réttlætið með risavaxinni miðstýringu í stórríki. Einhvern veginn rámar mig í að þetta hafi verið reynt áður.

> Ég velti fyrir mér hver staðan væri í heimspeki Þrastar og fleiri skoðanabræðra hans ef ESB yrði leyst upp og væri ekki lengur til. Hver væri vettvangur framvarðarsveitar hinna góðu gilda?




FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir

# Hvenær skiptir þú síðast um lás?

ASSA
ASSA ABLOY




**Örugg lyklavöld**

ASSA d12 eru öryggissýlinderar sem henta fyrir heimili og fyrirtæki. ASSA d12 sýlinderarnir eru fáanlegir í tveimur útfærslum. Annars vegar sýlinder þar sem handhafa lykils nægir að sýna lykil eða gefa upp kóða sem er á honum til að fá viðbótarlykla smíðaða.

Hins vegar sýlinder þar sem ekki er heimilt að smíða viðbótarlykla nema framvísa bláum lykli með sérstökum kóða hjá þjónustuaðila ASSA. Ef bláa lyklinum er ekki framvísað fást ekki smíðaðir viðbótarlyklar. Þannig má hafa stjórn á magni lykla í umferð. ASSA d12 öryggissýlinderar eru mjög slitsterkir. Þeir eru sérstaklega hannaðir til að koma í veg fyrir dírkun og með sérstakri borvörn.





**Sölustaðir:**
Lásaþjónustan ehf. Grensásvegi 16, Reykjavík, sími 800 5858
Láshúsið ehf. Bíldshöfða 16, Reykjavík, sími 557 5100

VÉLAR & VERKFÆRI

SKÚTUVOGUR 1 C ▾ 104 REYKJAVÍK ▾ SÍMI: 550 8500 ▾ FAX 5508510 ▾ WWW.VV.IS

Fiton/SÍA

# tímamót

timamot@frettabladid.is



50 **BARACK OBAMA** Bandaríkjaforseti er 50 ára í dag.

*„Ég er ekki á móti öllum stríðum. Ég er hins vegar á móti heimskulegum stríðum og vanhugsuðum stríðum.“*

## Merkisatburðir

1796 Hannes Finnsson Skálholtsbiskup deyr. Hann var einn menntaðasti Íslendingur sinnar tíðar. Af ritum hans má til dæmis nefna Um mannfækkun af hallærum á Íslandi.

1907 Ungmennafélag Íslands er stofnað og er fyrsti formaður þess Jóhannes Jósefsson.

1928 Ásta Jóhannesdóttir syndir frá Viðey til Reykjavíkur. Sundið tók tæpar tvær klukkustundir og er um fjórir kílómetrar.

1984 Efri-Volta tekur upp nafnið Búrkína Fasó.

1993 Alríkisdómari dæmir tvo lögreglumenn frá Los Angeles í þrjátíu mánaða fangelsi fyrir að hafa brotið á réttindum Rodney King.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LISTASAFN ASÍ: FAGNAR FIMMTÍU GÓÐUM ÁRUM MEÐ AFMÆLISSÝNINGU

# Breið mynd af safneigninni

Listasafn ASÍ fagnar fimmtíu ára afmæli um þessar mundir og opnar af því tilefni sýninguna Fimmtíu góðæri þar sem verk 65 ólíkra listamanna frá ýmsum tímum verða til sýnis. „Safnið er auðugt og á margar af helstu gersemum íslenskrar myndlistar. Við viljum með sýningunni gefa sem breiðasta mynd af safneigninni okkar,“ segir Kristín G. Guðnadóttir forstöðumaður safnsins, en því tilheyra 2.600 verk.

Safneignin hefur vaxið mikið á liðnum áratugum en upphaf safnsins má rekja til þess þegar Ragnar Jónsson, oftast kenndur við Smára, gaf Alþýðusambandi Íslands 120 málverk árið 1961. „Hann hafði safnað málverkum frá mörgum af frægustu listamönnum þjóðarinnar og vildi að allir fengju að njóta þeirra. Hann treysti Alþýðusambandinu best til að koma því í kring,“ segir Kristín.

Fyrstu árin var safnið til húsa á tveimur stöðum við Laugaveg en fluttist árið 1979 í nýtt húsnæði Alþýðusambandsins við Grensásveg 16. „Við það komst reksturinn í fastar skorður,“ segir Kristín. „Árið 1996 var Ásmundarsalur við Freyjugötu keyptur og eftir það hefur starfsemin blómstrað.“

Listamönnum er gefinn kostur á að sækja um að sýna í safninu og hefur fjöldi umsókna aukist ár frá ári. Nú berast að jafnaði um 80 umsóknir árlega um 10-12 sýningartímabil. „Áhersla hefur verið lögð á að hýsa vandaðar sýningar sem gefa margþætta innsýn í íslenska samtímalist og listhefð,“ segir Kristín.

Hún segir safnið frábrugðið öðrum söfnum að því leyti að settar eru á fót svokallaðar vinnustaðasýningar til að koma listinni út til fólksins. Þær eru á fjörtíu stöðum víðs vegar um land fólki til gleði og ánægju. Kristín segir safnið sjálft vel staðsett og í alfaraleið og það sé prýðilega sótt. „Að jafnaði er sett upp sýning á mánaðarfresti og því alltaf eitthvað nýtt að gerast. Afmælissýningin stendur til 11. september.

vera@frettabladid.is



*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erla Ólafsdóttir**

hárgreiðslumeistari, Sóltúni 9, Reykjavík,

lést sunnudaginn 31. júlí á dvalarheimilinu Skjóli. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 9. ágúst kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vildu minnast hennar eru beðnir um að láta líknarfélög njóta þess.

**Sigurður Sigurðsson**
**Sigurður Sigurðsson** **Loida Luisa Walker Ochoa**
**Anna Sigurðardóttir** **Sveinn Karlsson**
**Ólafur Sigurðsson** **Valdís Finnsdóttir**
**Haraldur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabarn**



*Hjartkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Sigurbjörg Sigurðardóttir**

Hólmi, Mýrum Hornafirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu á Höfn þann 31. júlí. Útför hennar fer fram frá Brunnhólskirkju á Mýrum laugardaginn 6. ágúst kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjúkrunarheimilið á Höfn.

**Guðjón Sigurður Arason**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Friðrik Pétur Valdimarsson**

Tunguvegi 4, Njarðvík,

lést á Bráðamóttöku Landspítala 30. júlí.

**Ólafía Friðriksdóttir** **Birgir Vilhjálmsson**
**Þórunn Friðriksdóttir** **Ragnar Halldórsson**
**Oddbjörg Friðriksdóttir** **Erlendur Borgþórsson**
**Anna Hulda Friðriksdóttir** **Árni Kl. Eiðsson**
**Sigrún Alda Jensdóttir** **Snorri Snorrason**
**afa- og langafabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gylfi Þór Eiðsson**

Túngötu 9a, Eskifirði,

lést á heimili sínu 1. ágúst síðastliðinn. Útför fer fram frá Eskifjarðarkirkju laugardaginn 6. ágúst kl. 11.00.

**Guðmundur Gylfason** **Sigrún Traustadóttir**
**Eiður Þór Gylfason** **Kirstine Jensen**
**Guðbjörn Gylfason** **Jónína Helga Ólafsdóttir**
**Járnbrá Hrund Gylfadóttir** **Ari Sigursteinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Elskulegur sonur minn, bróðir okkar og mágur,*

**Hallgrímur Rafn Pétursson**

Háaleitisbraut 16, Reykjavík,

lést 24. júlí síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 10. ágúst kl. 15.00 að hætti Ásatrúarmanna.

**Ragnheiður Hallgrímsdóttir**
**Björg Pjetursdóttir**
**Magnús Pétursson** **Júlíanna H. Friðjónsdóttir**
**Guðfinna Pjetursdóttir** **Guðmann Bjarnason**
**og systkinabörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma okkar,*

**Auðbjörg Hannesdóttir**

Gaukshólum 2, Reykjavík,

sem lést 27. júlí sl., verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 5. ágúst kl. 13.00.

**Ómar Guðmundsson** **Berglind M. Njálsdóttir**
**Tómas Árni Ómarsson**
**Auður Ómarsdóttir**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru kærleiksríku dóttur, móður, ömmu og systur,*

**Lydíu Einarsdóttur**

Megi blessun Guðs vernda ykkur.

**Einar Ingvarsson** **Sigrún Rosenberg**
**börn, barnabörn og systkini.**



**Brúðarkjóll Kate Middleton**, eiginkonu Vilhjálms Bretaprins, er nú til sýnis í Buckingham-höll ásamt skónum sem hún klæddist og eyrnalokkunum sem hún bar á brúðkaupsdaginn. Þar gefst fólki kostur á að skoða öll smáatriðin sem prýða kjólinn og myndbandsupptöku með viðtali við Söruh Burton hjá Alexander McQueen sem hannaði kjólinn.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457



NÝR OG GLÆSILEGUR!



teg YVONNE - fæst í D,DD,E,F,FF,G,GG,H,HH skálum á kr. 8.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugardögum í sumar.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur



Eirberg

**Stuðningssúla**
– öryggi á heimilinu

- Stillanlegt handfang
- Auðveld uppsetning
- Hámarksþyngd 136 kg.

Verð: 49.750 kr.




Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



ÚTSALA
60-80% afsláttur



Vertu vinur okkur á facebook

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777


**Arkitektinn Ahmad Azar býr til boli og töskur með áratugagamalli mynd.**



FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Áratugagömul hugmynd fékk loksins hljómgrunn

Íranski arkitektinn Ahmad Azar bjó á Íslandi og vann við teiknimyndagerð og grafíkvinnslu fyrir tæpum fjörutíu árum. Ýmis skemmtileg og áhugaverð verk liggja eftir hann frá þeim tíma. Þeirra á meðal er mynd af landinu í fánalitunum á plakati, sem átti ekki upp á pallborðið á sínum tíma en virðist ætla að fá hljómgrunn í annarri útfærslu.

„Mér fannst hugmyndin alltaf mjög góð en hún bara gekk ekki upp á sínum tíma þar sem markaðurinn hérna var of lítill,“ rifjar Ahmad upp en segir hana þó alltaf hafa togað í sig. „Svo þegar óvænt heimboð barst frá Íslandi ákvað ég að dusta af henni rykið og koma á framfæri í nýrri útgáfu; Plakatið varð að töskum og bolum en Íslandsmyndin hélst óbreytt.“

Lánið virðist að þessu sinni hafa leikið við Ahmad því fljótlega eftir komuna til Íslands bauðst honum að selja vöruna í verslunum Epal. „Forsvarsmenn fyrirtækisins sýndu þessu strax mikinn áhuga enda virðist áhugi og skynbragð landsmanna á hönnun hafa aukist til muna á þessum árum,“ segir Ahmad, sem finnst fleira hafa breyst hérlendis.

„Ég skildi á sínum tíma við lágreista byggð og fámenni og finnst því ótrúlegt að sjá öll háhýsin sem hafa risið síðan þá og mannmergðina á götum úti. Ég fer klárlega heim til Berlínar með allt aðra mynd í kollinum af landi og þjóð,“ segir hann glaðbeittur og hvetur alla sem vilja endurnýja kynnin til að hafa samband á azar.a@gmail.ge.

*roald@frettabladid.is*


SUMARTILBOÐ
OG NÝJAR VÖRUR



70% afsláttur af pífu pilsum á rúm
Er til rykkt og slétt, í mörgum litum og stærðum.

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

BOAS SVEFNSÓFI
Tilboð 127.425,-

Stóri stuðningspúðinn kominn aftur
19.900

Svefn & heilsa
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Djúpir og dökkir** haustlitir eru farnir að láta á sér kræla og minna margir á eðalsteina. Má þar nefna smaragðsgræna, rúbínrauða og safirbláa liti á bæði fötum og fylgihlutum.









Hönnun Rannveigar Gísladóttur hefur vakið lukku á meðal stjarnanna í Hollywood. MYND/ÚR EINKASAFNI



Steven Tyler mætti með eyrnalokk frá Rannveigu á frumsýningu Pirates of the Caribbean í vor. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hannar fyrir Hollywood

**Eyrnalokkar Rannveigar Gísladóttur fatahönnuðar eru vinsælir meðal stjarnanna í Hollywood. Söngvarinn Steven Tyler bar lokk í lokaþætti American Idol í vor og á frumsýningu Pirates of the Caribbean.**

Ameríski söngvarinn Steven Tyler bar eyrnalokka hönnuðarins Rannveigar Gísladóttur í lokaþætti American Idol og á frumsýningu Pirates of the Caribbean: On Stranger Tides í vor. Stílistar Rihönnu og Keishu hafa einnig keypt lokka Rannveigar fyrir skjólstæðinga sína en hún hefur þó enn ekki séð þær koma fram með þá.

Rannveig er búsett í Hollywood og þar hannar hún undir merki sínu Ranna Design. Hún segist selja hönnun sína í lítilli tískuverslun í Los Angeles. „Þetta er mjög fín búð og þar verslar mikið af frægu fólki og stílistum. Búðin er falin og ekki merkt,“ segir Rannveig og bætir við að Steven Tyler og stílistar Rihönnu og Keishu hafi keypt eyrnalokkana þar.

Rannveig segist hafa fengið talsverð viðbrögð eftir að Tyler birtist opinberlega með eyrnalokk sinn. „Þegar ég var einu sinni með svipaðan eyrnalokk og Steven Tyler var með var ég spurð úti á götu hvort þetta væri eins lokkur og hann var með,“ segir Rannveig glaðlega og finnst gaman að frægt fólk noti hönnun hennar.

Rannveig er 25 ára og útskrifaðist sem fatahönnuður úr Fashion Institute of Design and Merchandising síðasta vor. Hún hlaut verðlaun fyrir glæsilegan árangur í náminu við útskrift. Frá útskrift hefur hún meðal annars verið að vinna hjá sænska hönnuðinum Lottu Stensson og einnig hefur hún hannað búninga fyrir tónlistarmyndbönd og stuttmyndir. „Ég var meðal annars að vinna með plötusnúðnum Flying Lotus sem er þekktur hérna úti.“

Hvað er á döfinni hjá þér núna? „Ég ætla reyndar að koma heim núna í haust í eitt ár. Svo ætla ég að fara aftur út og halda áfram í skóla,“ segir Rannveig sem hefur til dæmis hug á að læra meira í búningahönnun. „Ég ætla líka að fara að byggja upp mína eigin línu þegar ég kem heim. Það verður kannski rólegra í öðrum verkefnum þá.“

*martaf@frettabladid.is*

Kalda, hönnun systranna Katrín Öldu Rafnsdóttur og Rebekku Rafnsdóttur, hefur hlotið mikla athygli undanfarið. Í nýjasta tölublaði breska Vogue birtist mynd af jakka úr línunni þeirra Rjúflandi. Einnig birtist hönnun þeirra í sænska tímaritinu Elle fyrir september og í breska blaðinu Time Out í júlí. Kalda hefur verið til sölu hjá bresku versluninni Liberty síðan í júní á þessu ári.






# Hálsbönd nýjasta æðið

**Hálsbönd eru nýjasta æðið í tískuheiminum en þeim sást bregða fyrir á tískupöllunum hjá öllum helstu tískuhúsunum í haust- og vetrarlínunum. Talsvert langt er síðan stutt hálsbönd voru síðast í tísku.**

Stutt hálsbönd voru áberandi á tískupöllunum síðasta vor þegar haust- og vetrarlínurnar voru kynntar. Allt frá látlausum og stuttum perlufestum Donnu Karan til gylltra hálsbanda Yves Saint Laurent, sem sett voru yfir ýmis konar klæðnað til dæmis kjóla í stíl fimmta áratugarins og pelsa. Einnig voru þau höfð undir skyrtum til að lífga upp á heildarútlitið.

*- mmf*



Hálsbönd sem litu út fyrir að vera samsett úr blómum lágu þétt að hálsi fyrirsætnanna á haust- og vetrarsýningu Valentino í vor.



Fylgihlutalína Chanel var spennandi en inn á milli lítilla handtaska, brjóstnála og blúnduhanska var hægt að sjá hálsbönd úr keðjum.

Bottega Veneta sýndi einnig hálsbönd en annars var haust- og vetrarlínan með óvenjulegum samsetningum og sérstökum smáatriðum.

Í línu Giambattista Valli gat að líta hálsbönd. Valli er þekktur fyrir kvenlegar pífur og slaufur, en hönnun hans er vinsæl meðal stjarnanna á rauða dreglinum.

Á tískusýningu Emilio Pucci í vor, sem var líkust ævintýri, virtust fyrirsæturnar allt eins geta átt sögulegu bygginguna sem sýningin fór fram í. Það vakti þó eftirtekt að þær báru stutt hálsbönd.

NORDICPHOTOS/GETTY


Vefverslunin Lakkalakk heldur fatamarkað á Dunhaga 20 í Vesturbænum í dag og á morgun. Markaðurinn er opinn í dag frá klukkan 14 til 20 og á morgun frá klukkan 12 til 19.

**Heimild: www. lakkalakk.is**

ÚTSALA HAFIN!



BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770


## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice**



## Síðustu geirfuglarnir

Í tískuheiminum er ekki einfalt að vera sjálfstæður hönnuður á okkar dögum. Flest tískuhús sem nöfnum tjáir að nefna enda seint og um síðir í höndum stórra samsteypna. Nefna má LVMH sem á Dior, Vuitton, Givenchy og ótal fleiri og PPR sem er eigandi Gucci, YSL, Balenciaga og fleiri. Sumir hönnuðir hafa ekki komist á skrið fyrr en fjársterkur aðili hefur opnað veskið sitt og þeir eru þannig frá upphafi þrælar fjármagnsins og sífellt undir þeirri kvöð að skila hagnaði.

Undantekningar frá reglunni finnast þó eins og Sonia Rykiel sem hefur í rúm fjörutíu ár verið drottning prjónapeysanna sem hún fann upp í Saint Germain des Près-hverfinu á umbrotaárinu 1968 og Jean-Paul Gaultier sem er sinn eigin herra þó hann hafi selt hluta af fyrirtæki sínu til Hermès.

Einnig má nefna önnur, ekki síður athyglisverð tískuhús sem öll eru sjálfstæð og búa við þó nokkra velgengni. Til dæmis Jean-Claude Jitrois sem sérhæfir sig í leðurhönnun. Hann fann upp hið svokallaða teygjanlega leður en það er gert með því að setja bómullarefni sem inniheldur teygju, innan á leðrið. Með þessum hætti er leðrið líkt og önnur húð á líkamanum. Marithé og François Girbaud eru líklega frægustu gallasérfræðingar Frakka og hafa fylgt öllum nýjungum í fjörutíu ár.

Agnès B. er fyrirtæki samnefndrar Agnesar sem árum saman hefur hannað og selt fatnað sem telst í miðlungsverðflokki. Heldur ódýrara en fínasti lúxusfatnaðurinn en töluvert dýrari en ódýrustu merkin. Fyrirtækið var stofnað 1973 en náði flugi 1979 með frægri jakkapeysu sem lokaðist með smellum í stað talna sem þótti mikil nýjung. Agnès B. er þekkt fyrir að vera harður andstæðingur „Made in China“ og neitar alfarið að láta framleiða ódýrari fatnað í Kína. Öll hennar tískuföt eru framleidd í Frakklandi. Sjálf segist hún kæra sig kollótta um tískuna, fötin séu sköpuð fyrir venjulegt fólk og þess daglega líf.

Samkvæmt Dominique Cuvillier, sem kennir í tískuskólum og er sérfræðingur í tískustraumum, er lykillinn að velgengni þessara sjálfstæðu hönnuða einmitt að þeir lifa í takt við neytandann. Þeir vita hvað viðskiptavinirnir vilja og hvað hentar þeim. Því seljast sköpunarverk þeirra sem aftur gerir þeim kleift að standa á eigin fótum. Tískan er þá framleidd fyrir notandann en ekki öfugt eins og þegar tískuhönnuður ákveður hvað notandinn eigi að kaupa, allt í nafni tískunnar.

*bergb75@free.fr*


ÚTSÖLULOK – VERÐHRUN



LOKADAGAR

1.000,-
3.000,-
5.000,-

- Kjólar
- Skokkar
- Mussur
- Toppar
- Bolir
- Gallakvartbuxur
- o.m.fl.

FLASH

**Laugaveg 54, sími: 552 5201**

Við erum á Facebook

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.

vísir

## BÍLAR & FARATÆKI

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR ÚTSALA ÚTSALA



Nýtt Coleman Sedona 8feta, 2ja ára ábyrgð, Truma miðstöð, ísskápur, omfl, Sumar sprengja verð aðeins 1590þús. kr, Húsinu er á staðnum,



Nýtt Coleman E1 9,5feta Off road, 2 ára ábyrgð, Truma miðstöð, öflugri dekk ofl, Sumar sprengja verð aðeins 2290þús. kr, Húsin eru á staðnum,



Nýtt Coleman Cheyenne 10feta, 2. ára ábyrgð, Geymslu hólf, Truma miðstöð omfl, Sumar sprengja verð aðeins 1990þús.kr, Húsin eru á staðnum,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**http://www.isband.is**

SUZUKI



Eigum EL-GO rafmagnsvespurnar til afgreiðslu strax, ekkert próf og ekkert bensín. Sama lága verðið kr.148.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

STÓRA BÍLASALAN



VW Sharan TDi 1.9 Árgerð 2007, ekinn 109, bsk, 7 MANNA sparibaukur. 6,5L í blönduðum akstri! Er á staðnum! Verð 2.780.000. Raðn. 152030. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

BÍLALIND.is



KAWASAKI KL 650 E8F 06/2008, ekið 13 Þ.KM, 5 gíra. Lækkað verð 990.000. Vill skipti á dýrari bíl (+max 1mkr) #192521 - Þetta skemmtilega ferðahjól er í salnum, kíktu við!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



VW POLO COMFORTLINE Árgerð 2006, ekinn 66 Þ.KM, bensín, 5 gírar Listaverð 1.250þ TILBOÐSVERÐ 1.090Þ Stgr. Rnr.170311. Topp bíll !!

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

City Runner



**Vorum að fá 50cc Bensín**
Flottar vespur í tvemur litum. Eru á 12 og 13" dekkjum. Verð 255Þ. Eigum til vespukassa og þjófavörn sem er hægt að fá aukalega, fyrir lítið verð. Erum á Facebook: http://www.facebook.com/city-runner

**City Runner ehf**
**Laugarvegur 168, 105 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Opið frá 13 til 18 mánudaga til föstudaga.**

100 bílar bílasala .is



LEXUS Rx400h Hybrid. Árgerð 2006, ekinn 57 Þ.KM, sjálfsk, leður, krókur, Mjög flottur og vel búinn bíll. Verð 5.490.000. Rnr.116299. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lokað á laugardögum.**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Nissan X-trail árg. 02 til sölu. Ekinn 82þ. Bensín. Sjálfskiptur. Ekki krókur. Engin skipti. Nagladekk fylgja. Verð kr. 1290þ. Ekkert áhvílandi. GSM. 897 3077.



VW Bjalla '99. Ek. 115þ Bensín 2000cc. Beinskiptur. Verð 720þ uppl.866-3904



Ford KA '00 Ek 95þ Bensín 1300cc. Beinsk Tímakeðja Nýsk Verð 400þ s. 8957504

**Bíll Til Leigu**
Ford Mondeo árg., 2002 til leigu í 3 mánuði. Verð 42.000 á mánuði. Upplýsingar í síma 772 6238.

### 0-250 þús.

50cc Vento vespa árg.08 til sölu! Ekin 3200km. Verðhugm. 115þús. S: 615-3535

### 500-999 þús.



MERCEDES-BENZ E 230 AVANTGARDE ÚTSALA!!Fallegur 1996, keyrður 240þkm. Leður og topplúga. Verð að selja strax V. 750þús.. Sími 692 5569.

### Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

Ódýr bifreið óskast. Vantar bifreið fyrir ca 60-120þ. Má þarfnast aðhl. S. 821 9887.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

### Jeppar

Ford Escape 2008, 68þ.km. Skoð.2012. Framhjóladr. 2.590þ. stgr. Fallegur, tjónlaus, vel með farinn fjölsk.bíll. Uppl. 8618801

### Pallbílar



Frábært verð ! Til sölu er Ford F150 2002, verð aðeins 890 þús. Viljum gjarnan taka upp í kven-mótorhjól. Upplýsingar veitir Jakob hjá www.bill.is

Pallbílar úr áli á Mitsubishi L200 til sölu. Passar á árg. frá 2007. Upplýsingar í síma 864 3448.

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Mótorhjól



Yamaha V-Star Classic 650, árg. 2005, 6000 mílur. Verð 750.000, áhvílandi 520.000. Uppl. í síma 662 6526 eftir kl. 12.



**Yamaha WR450F**
Til sölu WR450F götuskráð. Nýskráð 05 2006. Ekið ca.100 tíma. Fullt af aukahlutum, tilbúið í enduro ferðina. Upplýsingar í síma 899 3717

**Yamaha FZ1 '08**
Yamaha FZ1-S annar/'08 ek. 4þ. Vínrautt/svart með ýmsum aukahlutum. Uppl. s. 693 3066.

### Reiðhjól







**Kría Hjól**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com

### Hjólhýsi

**Hjólhýsi til leigu**
Hobby Prestige árg. '90 til leigu frá 9 ágúst . Mjög vel með farið. Upplýs. í síma 821 5824.

### Tjaldvagnar

Til sölu HoliCamp árg. 1997. Nýskoðaður.. Verð 220 þús. Upplýsingar í s:8943239.

### Kerrur



Þýskar gæðakerrur frá HUMBAUR í miklu úrvali. Verð frá 155.000 kr. fyrir 750 kg. kerru á 13" dekkjum. www.topplausnir.is Lyngás 8, Garðabæ s: 517 7718.

### Vinnuvélar






**Bakkó**
Bakkó fyrir þrítengi, ítalskt. Fyrir vélarstærð 25-50 hö. Frábært tæki. Verð aðeins 950 þús. Sími 869 5668.

### Bátar



Shetland bátur til sölu, mikið yfirfarinn, 115 hp. Mercury. Verð 1650 þús. Uppl. s. 864 8081.

### Bílaþjónusta




MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

### Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98, Baleno '98. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

### Garðyrkja






# heilsa

FIMMTUDAGUR 4. ÁGÚST 2011



## Kemur sterkur inn

**Gunnar Nelson býr sig undir hörkubardaga.**

SÍÐA 2.




NORDICPHOTOS/GETTY



### ● HVÍLD MILLI ÆFINGA EYKUR ÞOL



Nýleg rannsókn sýnir að það borgar sig að blanda kraftmiklum æfingum saman við rólegar eða taka stutt hlé á milli æfinga. Þátttakendur í rannsókninni voru einstaklingar á menntaskólaaldri í góðu formi.

Unga fólkinu var skipt í tvo hópa. Annar hópurinn hljóp 30 sekúndna spretti og hjólaði rólega eða hvíldi sig í fjórar mínútur milli æfinga. Hinn hópurinn tók enga hvíld. Eftir aðeins tvær vikur hafði 75% fyrrnefnda hópsins tvöfaldað þol sitt á meðan samanburðarhópurinn sem tók ekki hvíld sýndi enga aukningu í þoli.

Önnur rannsókn sýnir að æfingakerfi með hvíld milli æfinga eykur færni líkamans til að brenna fitu. Þátttakendur í þeirri rannsókn voru konur rétt yfir tvítugt. Voru konurnar beðnar um að hjóla af krafti í fjórar mínútur og hvíla í tvær, alls tíu sinnum til skiptis. Eftir tveggja vikna æfingar hafði fitubrennsla þeirra aukist um 36% við klukkustunda þjálfun.

### FYRIR ÁHUGAFÓLK UM KNATTSPYRNU

Nýtt íslenskt forrit fyrir knattspyrnuáhugafólk fór í loftið í gærmorgun. Forritið ber nafnið Lumman og safnar saman knattspyrnufréttum frá öllum helstu fréttamiðlum landsins, auk þess sem hægt er að fylgjast með stöðu mála í leikjum dagsins, bæði hér heima og erlendis. Notendur forritsins geta deilt fréttum með vinum og vandamönnum í gegnum Facebook, Twitter og aðra samskiptavefi.



Forritið verður fyrst um sinn einungis í boði fyrir Android-farsímanotendur. Forsvarsmenn félagsins segja iPhone-notendur þó geta haldið ró sinni því útgáfa fyrir þá gerð síma er rétt handan við hornið.

Nánari upplýsingar er að finna á www.lumman.is.



Sean Rose stýrir leiðangri yfir Vatnajökul í apríl á næsta ári. Rose er afreksmaður í íþróttum fatlaðra líkt og nokkrir í hópnum. NORDICPHOTOS/AFP

# Allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi

**Erlendir eldhugar láta fötlun ekki hindra sig í því að fara í snjódrekaflug yfir Vatnajökul.**

Hópur erlendra ofurhuga ætlar að freista þess að fara í snjódrekaflug þvert yfir Vatnajökul á næsta ári, sem væri ekki í frásögur færandi ef þrír væru ekki bundnir við hjólastól.

„Þetta er auðvitað alveg ótrúleg áskorun, klárlega ein sú erfiðasta sem fatlaðir íþróttamenn hafa tekið sér fyrir hendur. Við félagarnir höfum allir reynt sitthvað um ævina en ekkert í líkingu við þetta, því þarna glímum við ekki við venjulega andstæðinga heldur sjálfa náttúruna með sínum kúnstum og kenjum," segir hinn breski Sean Rose, sem hefur í hyggju að stýra leiðangrinum í apríl.

Óhætt er að segja að þar séu engir aukvisar á ferð. Rose hefur til að mynda unnið ýmis íþróttaafrek og er reyndur fjallagarpur og svipaða sögu er að segja um samlanda hans Ben Hooper og Kanadamanninn Tim Farr, sem eru einnig fatlaðir. Með í för verður tökumaður sem mun mynda allt ferðalagið og þrír aðstoðarmenn sem munu ferja búnað, matvæli og tjöld og hjálpa görpunum að komast áleiðis, þar sem ekki gefst kostur að láta kraftdreka draga sig áfram á snjóbretti.



Snjódrekaflug gengur út á að láta kraftdreka draga sig áfram á skíðum eða snjóbretti.

Hópurinn mun ferðast þvert yfir jökulinn, frá austri til vesturs. „Á korti eru þetta um það bil 150 kílómetrar en þá á eftir að reikna inn í dæmið ýmsa óvissuþætti vegna fjalla, hóla og hæða og veðurs sem gæti auðvitað sett strik í reikninginn," útskýrir Rose og getur þess að ferðin ætti ekki að taka nema tvo til þrjá daga, gangi allt að óskum. „Hins vegar erum við viðbúnir því að hún geti orðið allt að 300 kílómetra löng og teygst upp í viku."

Þrátt fyrir góða reynsla á hópurinn margt ólært og ætlar því að verja næstu mánuðum við undirbúning fyrir förina. „Við verðum í ströngum æfingum og aldrei að vita nema við skellum okkur í þjálfunarferð til Noregs," segir Rose og kveðst vona að ferðin komi til með að sýna fram á að allt sé hægt ef viljinn er fyrir hendi.

Nánar á vefsíðunni www.icelandic-challenge.com. *- rve*

# Býr sig undir erfiða keppni

Gunnar Nelson er þessa dagana að undirbúa sig fyrir erfiða keppni á slóðum Hróa Hattar í Nottingham í Englandi í september. Keppnin kallast Abu Dhabi Combat Club og er hugarfóstur sjeiksins Tahnoon Bin Zayed Al Nahyan frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum en hann heillaðist af uppgjafarglímu á námsárum sínum í Bandaríkjunum.

„Ég ætlaði að taka þetta ár í frí," segir Gunnar sem hefur ásamt umboðsmanni sínum hafnað mörgum boðum um þátttöku í stórum keppnum. „Ég vildi gera aðra hluti, gefa keppnunum frí í huganum á mér og sjá hvernig mér liði með það þegar ég byrjaði aftur. Glíman er svolítið taugatrekkjandi í hringnum og undirbúningur fyrir keppni getur haft áhrif á taugarnar líka," segir Gunnar sem er nýkominn heim úr mánaðardvöl í New York þar sem hann hefur verið við æfingar.

Þó að Gunnar hafi tekið sér frí frá keppnum er það aðeins hluti af stærra samhengi: „Þetta er æfing eins og hvað annað. Þetta snýst um að einbeita sér að því sem maður trúir á og finnst skipta máli. Því er mikilvægt að trufla ekki hugann með óþarfa tilfinningum eða neikvæðum hugarórum sem maður veit að skipta ekki máli," segir Gunnar, sem vill auðheyrilega vinna í sjálfum sér til að eiga meiri möguleika á sigri.

Gunnar ætlar þó að brjóta upp fríið því keppnin í Nottingham er óopinber heimsmeistarakeppni í uppgjafarglímu og heiðurinn mikill að fá að taka þátt. Þangað til ætlar hann að vera í faðmi fjölskyldunnar og næra sálina á Fiskideginum mikla í Dalvíkurbyggð um helgina. *- nlg*



Gunnar ætlar að leggja sig allan fram í Abu Dhabi Combat Club. FRÉTTTABLAÐIÐ/VALLI

Útsalan
hefst í dag kl 12.
50-70%
afsl. af öllum fatnaði.
30%
afsl. af skarti.
Næg bílastæði fyrir ofan hús.
SOHO MARKET
SOHO/MARKET Á FACEBOOK
Grensásvegur 16, sími 553 7300
Opið mán–fös 12–18 og laugd 12–17


FASHIONABLE
ACCESSORIES FOR
URBAN PEOPLE
OPNAR Í DAG GLÆSILEGA VERSLUN Í KRINGLUNNI
SIX



**VÖRUMST BLÖÐRUR** Flestir hlauparar hafa upplifað að fá blöðrur á fæturna, einkum hæla, tær og táberg. Blöðrurnar myndast undir húðinni þegar hún verður fyrir miklum núningi og þeim getur fylgt mikill sársauki.

Til að fyrirbyggja það að fá blöðrur er mikilvægt að hlaupa aldrei í nýjum skóm heldur venjast þeim smátt og smátt. Einnig er reynandi að nota sérstaka hlaupasokka. Þeir eru gerðir úr efnum sem verja fæturna gegn ertingu, hita og svita. En ef illa fer, þrátt fyrir alla varúð, eru til sérstakir blöðruplástrar í apótekum.

*Heimild: aflid.is*



**NÆG HVÍLD NAUÐSYNLEG** Svefn er undirstaða góðrar heilsu. Hvort sem um afreksmenn í íþróttum er að ræða eða ofurvenjulegt fólk sem gengur til sinna daglegu verka, er þörfin fyrir nægan svefn sameiginleg öllum. Þegar gengið er til náða er því mikilvægt að reyna að firra sig svefntruflunum með öllu móti, nota eyrnatappa ef hávaði er í nágrönnum og augnhlífar ef birta heldur fyrir mönnum vöku.

**TÓNAR LÍKAMANN** Heitt djúpvöðva fitness, eða HD fitness, er nýtt æfingakerfi fyrir konur sem sækjast eftir tónuðum líkama. Æfingarnar eru gerðar í heitum sal og byggjast á rólegum styrktaræfingum og djúpum teygjum. Eingöngu er unnið með eigin líkamsþyngd. Sérstök áhersla er á styrkingu djúpvöðva í kvið og baki og á djúpar teygjuæfingar sem lengja og styrkja alla helstu vöðva líkamans. Hitinn í salnum hitar líkamann fljótt og vel og auðveldara er að ná djúpum teygjum. HD-fitness nýtur meðal annars vinsælda hjá stjörnum á borð við Jennifer Aniston og **Gwyneth Paltrow.** Nýtt þriggja vikna námskeið hefst í Hreyfingu á mánudag.



**TAI CHI HJÁLPAR SYKURSJÚKUM** Nýjar rannsóknir benda til þess að kínverska æfingakerfið Tai Chi efli ónæmiskerfið og jafni blóðsykursójafnvægi hjá fólki með sykursýki 2. Rannsóknin var gerð af Dr. Kuender D. Yang og teymi hans frá Chang Gung Memorial Hospital í Taívan. Þátttakendur í rannsókninni voru 32 einstaklingar með sykursýki. Æfðu þau Tai Chi í klukkustund þrisvar sinnum í viku yfir tólf vikna tímabil.

Eftir þann tíma hafði magn A1C lækkað verulega en það segir til um langtíma blóðsykursjafnvægi hjá fólki með sykursýki. Einnig hafði jafnvægi T-frumna aukist mikið en þær frumur hjálpa ónæmiskerfinu að berjast á móti óæskilegum örverum í líkamanum.

Einstaklingar með sykursýki 2 eiga yfirleitt við langvarandi og síendurteknar bólgur í líkamanum að stríða. Því geta erfiðar æfingar stundum verið skaðlegar fyrir sykursjúka. Tai Chi æfingarnar eru hins vegar byggðar upp af flæðandi og mjúkum hreyfingum. Þær hafa góð áhrif á hjarta, lungu, allt blóðflæði líkamans og eru jafnframt styrkjandi fyrir ónæmiskerfið, eins og rannsóknin sýnir. Undir lok rannsóknarinnar var augljós munur á ónæmiskerfi, hjarta, lungum og bólguviðbrögðum. Blóðsykur hélst einnig í mun betra jafnvægi og almenn heilsa varð betri.



Nýtt glæsilegt, einkarekið apótek hefur opnað í Garðabæ:

# HAGSTÆTT LYFJAVERÐ




## GÓÐ OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA

**Opið 10-19 alla virka daga og 12-18 laugardaga**

Við hliðina á Hagkaup!

Apótek Garðabæjar

Litlatúni 3 ■ 210 Garðabæ ■ Sími 577 5010 ■ Fax 577 5030

## Verslun

7 rósir 990 kr.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120



**Útsala!**
Kjóll 3.843,- hálsmen fylgir, til í mörgum litum. Peysa 3.885,- Fatnaður og skart með 30% - 70% afslætti. Súpersól Hólmaseli 2 567-2077 / 587-0077 Erum á facebook.



ÚTSALA, ÚTSALA!! 15-70% afsláttur. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu fríán prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Kínverskur læknir/nuddari í Hamraborg 20A. Nálastunga sem er gott fyrir heilsuna. Sími 564-6969.

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Faglærður nuddari. Bið upp á gott slökunar og djúp nudd. Kem einnig í heimahús. S. 894 4817.

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

The Academy of Colour and Style

**Viltu verða stílisti?**
The Academy of Colour and Style býður upp á nám í bæði fatastíl & litgreiningu og innanhússtílistanámi. Nánari upplýsingar í síma 533-5101. www.utlit.is

## Flug



Flugskóli Íslands býður upp á kynningarflug alla daga.Upplýsingar í síma 825 1500

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Vel með farinn ljósgrár hornsófi m. lausum púðum ásamt skemli til sölu á 25þ. s. 898 2777

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet Silunganet**
Mikil úrval. Heimavík, S. 892 8655 www.heimavik.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

170fm íb. í 108, Jöldugróf. Upplýsingar í síma 863 8892.

Til leigu lítið stúdíó herbergi fyrir einstakling í 101, nálægt HÍ. Verð 47 þús. Uppl. í s. 861 5412.

Til leigu 2. herb. kjallaraíbúð á Langholtsvegi. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3 hb. íbúð til leigu í póstnr. 203 kóp. e-mail:eythor@fiskistofa.is

Herbergi til leigu miðsv. í Hafnarfirði. Stutt í Iðnskóla og Flensborg. Kr 24000. S. 777 9848.

## Húsnæði óskast



Til sölu málverk eftir Sigurð Benediktsson, vatnslitir. Var með Kjarval í skóla. Óska eftir bílskúr til leigu helst miðsvæðis. Uppl. í síma 821 4756.

**Óskum eftir langtímaleigu**
Óskum eftir góðri 3-4 herb. íbúð til langtímaleigu á höfuðborgarsvæðinu. Erum reyklaus, reglusöm og skilvís. Uppl. í síma 893 6994.

Reglusamt par frá Ísafirði óskar eftir 2-3 herbergja íbúð til langtímaleigu í RVK, helst miðsvæðis eða í Kópavogi. Erum með hund. s. 866-0932.

**Skilvís vill leigja**
Leita að 2herb. íbúð miðsvæðis. Skilvís m/meðmæli. Helst langtímaleiga. S. 845 4103 Petrína.

Bráðvantar 3ja herbergja íbúð í hverfi 105 Rvk. Erum reyklaus, reglusöm og að vestan. S: 8498820/8663128

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Rizzo Pizzeria

**Pizza bakara vantar/ Pizza baker needed**
**Vantar vanan pizzubakara sem fyrst. áhugasamir hafi samband við Billy á Grensásvegi 10, milli kl 11-18 í dag og á morgun. rizzo@rizzo.is**

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Pizza Hut

**Vaktstjóri á Pizza Hut**

**Pizza Hut leitar af vaktstjóra í framtíðarstarf.**

**Starfið felst í: Stjórnun vakta, Þjónustu í sal,**

**Mannastjórnun í samráði við veitingastjóra.**

**Hæfniskröfur: Reynsla af stjórnun, mikil þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum.**

**Lágmarks aldur er 25 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is**

**Upplýsingar veitir Linda í síma 533 2000.**

**Nonnabiti**
**Duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabitum. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Ekki yngra en 20 ára. Upplýsingar á Nonnabita Hafnarstræti 9 eða í s. 899 1670**

**Joger Booztbar Kringlunni**

**Óskar eftir að ráða verslunarstjóra. Vinnutími 8:30-16:30 mán - föstd. Lágmarksaldur 22 ár. Þarf að geta byrjað strax. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**

**Vinsamlegast sækið um á cyrus@simnet.is merkt „verslunarstjóri"**

**Joger Booztbar Kringlunni**

**Óskar eftir að ráða starfsfólk á dagvaktir 8:30-16:30, heilsdags og hálfsdags og í hlutastarf seinnipart og um helgar. Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. sendist á cyrus@simnet.is.**

Jói Fel

**„FULLT STARF Í KRINGLUNNI"**

**ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA STRAX HÖRKUDUGLEGAN STARFSKRAFT Í FULLT STARF, Í BAKARIÍÐ HJÁ JÓA FEL , KRINGLUNNI. EKKI YNGRI EN 20.ÁRA, ÍSLENSKUKUNNÁTTA ALGJÖRT SKILYRÐI**

**ÁHUGASAMIR HAFI SAMBAND VIÐ HULDU Í SÍMA 695-2933**

**Þjónn óskast á skemmtilegt veitingahús í 105 Rvk.**
**Starfið er fólgið í afgreiðslu og að þjóna í sal. Undirbúningur og að ganga frá. Skúringar og þrif. Símsvörun. Umsækjandi verður að hafa góða íslensku og enskukunnáttu, vera eldri en 22 ára. Reynslu af veitingastörfum er æskileg. Jákvæðni og geta til að vinna undir álagi skilyrði. Upplýsingar í s. 561 0990 eða 821 7909 eða job@eldhrimnir.is**

Opin og ófeimin manneskja óskast til samstarfs. Uppl. á nuddstofa09@gmail.com

Óska eftir duglegum mönnum í málingarvinnu. Uppl. í síma 770 7997/772 6070 eða mail: fyirtak@fyrirtak.is

Prikið óskar eftir starfsfólki í sal á daginn. Reynsla og góð íslenskukunnátta skilyrði Uppl. í 692 0446

ÓSKUM AÐ RÁÐA HÁRSNYRTI TIL STARFA STRAX. FRÁBÆR VINNUSTAÐUR. UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 6161.

**Atvinna!**
Vantar nokkra harðduglega menn í vinnu hjá Nesbyggð til 1.desember 2011. Unnið í tíu daga lotum og fjögurra daga frí. Vinnustaður: Rif, Snæfellsbæ. Uppl. í s. 421 2700 eða á www.nesbyggd.is

**Rafvirki óskast**
Vanur rafvirki/rafvélavirki óskast hjá litlu rafverktakafyrirtæki í Rvk mikil fjölbreytni. Umsóknir sendist á umsokn@hotmail.com

Starfsmaður óskast til afgreiðslu og þjónustu á kaffihús. 25 ára eða eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Uppl. í s. 899 1965.

Gröfumaður óskast til starfa á hjólavél. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. uppl. gefur Pétur í síma 699-3090. e-mail: tvok@internet.is

Manneskja óskast til þrifa á hóteli. Bílpróf æskilegt. Umsóknir skulu sendast á rs29@simnet.is

Vélstjóra vantar frá næstu mánaðarmótum á Gullhólma SH201 sem gerður er út frá Stykkishólmi til línuveiða. Vélarstærð 1038 kw. Uppl. í s. 892 7171.

**Kaffi Zimsen**
Óskum eftir vönu starfsfólki í í vinnu, bæði í fullt starf og aukavinnu á aldrinum 18 til 30 ára. Uppl. S. 772 0388.

Óskum eftir fólki í vaktavinnu. 20 ára og eldri og íslenskumælandi. Uppl gefur Viggó í 553-6688 og viggo@tmi.is

## Atvinna óskast

Ég er danskur stúdent og óska eftur tímabundinni vinnu til 20.nóv '11. Hef starfað nokkur sumur í fiski á Íslandi, er með góða tölvuþekkingu og er til í hvað sem er. Tala dönsku, ensku og nokkra íslensku. Friðrik. magnusson.fridrik@gmail.com heimasími. 567 1012 gsm. +4560682625

óska eftir aukavinnu með skóla, er með allt meiraprófið. margt kemur til greina. s 7772125 email ggh@internet.is

Byggingarfyrirtæki getur bætt við sig öllum alhliða verkefnum. Sendið póst á askur@talnet.is.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Risa sölubasar**
**3 stórfjölskyldur flytja úr landi. Allt á að seljast. Opið til 12-18, fös, lau og sun. Allt frá barnavörum upp í raftæki og húsgögn. Þrastarnes 11, 210 Garðabæ.**

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5050**
Opið allan sólarhringinn.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Fasteignir

FASTEIGNASALAN BYGGÐ

TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955

**Hringteigur 3, Akureyri**



Skipti í eign á Stór Reykjavíkursvæðinu kemur til greina.Einstaklega falleg 3-4ra herbergja raðhúsaíbúð á einni hæð um 120 fm. að stærð. Fallegt útsýni út á Pollinn og einnig til fjalla. Stutt er í verslun, framhaldsskóla, sundlaug o.fl. Verð 25,9 m.kr.
**Nánari upplýsingar veitir Fasteignasalan Byggð á Akureyri í síma 464-9955.**

## Fasteignir

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Grenigrund 18-Kópavogi.

5 herb. efri sérhæð auk bílskúrs.

**OPIÐ HÚS Í DAG, FIMMTUDAG FRÁ KL. 17.30-19.00**




Falleg og vel skipulögð 109,0 fm. efri sérhæð í fjórbýli auk 24,0 fm. bílskúrs. Eldhús með nýlegum innréttingum og góðri borðaðstöðu. Rúmgóð stofa með útgangi á stórar svalir til suðurs. 4 herbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar og geymsluloft yfir íbúð. Hús að utan nýlega viðgert og málað. Afar góð staðsetning innst í götu. **Verð 35,2 millj. Íbúðin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**

# GARÐATORG EIGNAMIÐLUN

GARÐATORGI 7
210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is
Þóroddur S. Skaptason löggiltur fasteignasali

## Sunnubraut 6 Kópavogi

**Opið hús í dag milli kl. 18.-19.**




Til sölu eitt af vinsælustu húsunum við sjávarsíðuna í Kópavogi. Húsið er arkitektahannað, með stórum gluggaflötum með sjávar útsýni til suðurs. Húsið er einfalt og nýtískulegt og hannað þannig að öll íveru-rými fljóta saman (opið plan). Húsið er sérstaklega hannað sem lúxushús fyrir hjón. Húsið er samtals 219 m2, þar af 25,6 m2 bílskúr.
**Upplýsingar veitir Sigurður sími 8983708**

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

10 ÁRA
FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA
Allt sem þú þarft

## Atvinna

# Nesbyggð

*við byggjum fyrir þig*

## Atvinna Pípari:

Nesbyggð ehf vantar röskan og sjálfstæðan pípulagningamann.
Upplýsingar í síma 840-6100 Páll

## Hótel – Næturvarsla – Gestamóttaka

**Hótel á höfuðborgarsvæðinu auglýsir eftir starfsmanni í næturvörslu - gestamóttöku.**
**Þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Reynsla af sambærilegum störfum.
Um er að ræða vaktavinnu.
Tölvukunnátta æskileg og reglusemi skilyrði.

*Umsóknir sendist á box@365.is ásamt ferilskrá, farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.*

## Fasteignasalan Miklaborg óskar eftir sölumanni til starfa!

Vegna mjög góðrar verkefnastöðu framundan vantar Mikluborg kraftmikinn sölumann til starfa sem fyrst.

Hæfnisskilyrði:

- Hreint sakavottorð og heiðarleiki
- Kraftur og áræðni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku

Fasteignasalan Miklaborg ehf. er leiðandi fasteignasala á Íslandi og býður upp góða tekjumöguleika fyrir sölumenn.

Allar nánari upplýsingar veitir Óskar R. Harðarson framkvæmdastjóri Mikluborgar í síma 661-2100. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

# MIKLABORG

**569-7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Tilkynningar

FISKISTOFA

## Leyfi til veiða á sæbjúgum fiskveiðiárið 2011/2012

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um leyfi til veiða á sæbjúgum fiskveiðiárið 2011/2012, sbr. reglugerð nr. 1051, 28. desember 2009, um veiðar á sæbjúgum, með síðari breytingum.

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, og skulu þeim fylgja upplýsingar um veiðar umsækjenda á sæbjúgum þrjú síðustu fiskveiðiár.

**Umsóknarfrestur er til 16. ágúst 2011.**

*Fiskistofa 3. ágúst 2011*

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FLEIRI MÖRK OG FASTARI SKOT Á BOLTAVAKT VÍSIS

Fylgstu með Pepsideildinni í Boltavaktinni á Vísi. Beinar textalýsingar allra leikja, útvarpslýsing á leik í hverri umferð í Boltavarpinu og umfjöllun strax að loknum leik. Myndbönd með viðtölum öll mörkin í sjónvarpi Vísis. Vertu á Boltavaktinni með Vísi í sumar.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Bolta varpið í beinni á Vísi
vísir Meiri Vísir.

## Fasteignir

## Þrastarimi 4

800 Selfoss
Stórt og íburðarmikið einbýlishús

Stærð: 217,9 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1991
Fasteignamat: 28.600.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Bær









**Bókið skoðun í síma 8648090**

**Verð: 39.900.000**

Fallegt einbýlishús í barnvænu hverfi. Húsið er timburhús klætt með múrsteini. Nýlegt stallað járn á þaki. Viðhald hússins mjög gott m.a. nýtt gler, nýjar innihurðir og fataskápar. Fallegur garður og steypustimpluð stétt með snjóbræðslu. Innra skipulag: Forstofa, forstofusalerni, fjögur góð herbergi og fimmta herbergið tekið af bílskúr en auðvelt að breyta til baka í upphaflegt form. Rúmgóð stofa með uppteknum loftum, sjónvarpshol og eldhús með nýlegri innréttingu. Rúmgott baðherb. SKIPTI SKOÐUÐ



Snorri
Lögg. fasteignasali
**8648090**
ss@remax.is

Hvers virði er eignin þín? WWW.SOLUVERDMAT.IS



ZIK ZAK
TÍSKUHÚS

## ZIK ZAK STÆKKAR VIÐ SIG Í KRINGLUNNI

**20%** OPNUNARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM NÝJUM VÖRUM ÚT ALLA HELGINA Í ZIK ZAK KRINGLUNNI OG Í SMÁRALINDINNI

VERIÐ VELKOMNAR!



## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** dóms, **6.** belti, **8.** flík, **9.** slæða, **11.** karlkyn, **12.** nautnalyf, **14.** smápeningar, **16.** tímabil, **17.** kvk nafn, **18.** hækkar, **20.** mun, **21.** málhelti.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** frá, **4.** markmið, **5.** stykki, **7.** bergtegund, **10.** spil, **13.** ískur, **15.** sefun, **16.** tímabils, **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** mats, **6.** ól, **8.** fat, **9.** lín, **11.** kk, **12.** ópíum, **14.** aurar, **16.** ár, **17.** gró, **18.** rís, **20.** ku, **21.** stam.
**LÓÐRÉTT:** **1.** póló, **3.** af, **4.** takmark, **5.** stk, **7.** líparít, **10.** níu, **13.** urg, **15.** róun, **16.** árs, **19.** sa.







FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN


# Kláraðu af disknum

BAKÞANKAR Söru McMahon



Það ríkir mikil neyð í Austur-Afríku og samkvæmt starfsmönnum hjálparstofnanna er enn mikil þörf á aðstoð til nauðstaddra á þurrkasvæðunum. Talið er að tólf milljónir manna séu í lífshættu vegna matarskorts og nú ríkir hungursneyð í tveimur héruðum í Sómalíu, sem hefur orðið hvað verst úti í þurrkunum. Verði ekki aukið við aðstoðina gæti hungursneyðin breiðst út til fleiri héraða landsins.

**HJÁLPARSTOFNANIR** reyna hvað þær geta að vekja athygli umheimsins á ástandinu, sem fer versnandi dag frá degi, en framlögin hafa hingað til dugað skammt. Enn vantar rúmlega 1.400 milljónir Bandaríkjadala, eigi að sporna við neyðinni sem fjöldi fólks stendur frammi fyrir, og talið er að um það bil sjö hundruð þúsund manns dvelji nú í flóttamannabúðum í Eþíópíu og Keníu við mjög bágar aðstæður.

**SAMEINUÐU** þjóðirnar segja dánartíðnina í júnímánuði hafa verið 7,4 á hverja tíu þúsund á dag og til samanburðar má nefna að fari dánartíðnin í ríkjunum sunnan Sahara upp í 0,5 á dag er lýst yfir neyðarástandi.

**MYNDIRNAR** sem varpað er á sjónvarpsskjái landsmanna þessa dagana minna um margt á þær sem bárust okkur frá Eþíópíu á níunda áratugnum; grátandi, soltin börn í örmum mæðra sinna. Þá var ég of ung til að skilja það sem var á seyði, ég man bara að ég neyddist til að belgja mig út af kvöldmatnum vegna þess að í Afríku bjuggu sveltandi börn. Og ég man enn eftir litla barninu sem prýddi söfnunarbauka Hjálparstarfs kirkjunnar og hvað mér þótti það sorgmætt á svip og magurt.

**SÍÐAN** eru liðin meira en tuttugu ár. Á þeim tíma hef ég vitanlega elst og þroskast og þó að ég geti enn ekki alltaf klárað af disknum mínum skil ég betur þá miklu neyð sem ríkir í Austur-Afríku um þessar mundir. Þess utan er ég betur meðvituð um þær leiðir sem ég get lagt þeim lið sem standa frammi fyrir matarskorti og hungursneyð. Það þarf ekki annað en að skrá sig inn á Einkabankann og millifæra svolitla upphæð á reikning hjálparstofnana því aðeins 1.500 krónur sjá einu barni fyrir vítamínbættu hnetusmjöri í allt að fjórar vikur.

**ÞAÐ** er sorglegt að heyra þær sögur sem berast frá Austur-Afríku og vita af þeim hörmungum sem fólkið þarf að glíma við daglega. Nú ríður á að veita fólkinu þá aðstoð sem það nauðsynlega þarf á að halda.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

















# Síðustu dagar útsölunnar

TOMMY HILFIGER - DKNY - *PrettyBallerinas*

# Couture

Laugavegi 86-94 - Sími 511 1060

# menning

menning@frettabladid.is

**GUÐJÓN SIGVALDASON** sýnir myndverk á Gallerí/Bar 46 við Hverfisgötu til 20. ágúst. Einnig verða sýndar valdar DVD-upptökur af leiksýningum sem Guðjón hefur sett upp og hannað leikmyndir við.

## Hinsegin í Hörpu

Hinsegin dagar í Reykjavík efna til klassískra tónleika í Norðurljósum í Hörpu, föstudaginn 5. ágúst kl. 20. Á tónleikunum verður flutt sýnishorn af þeirri tónlist sem samkynhneigð tónskáld hafa fært heiminum, allt frá 17. öld og til dagsins í dag.

Fram koma Sigrún Eðvaldsdóttir og Gunnhildur Daðadóttir fiðluleikarar, Guðný Jónasdóttir sellóleikari, Einar Jóhannesson klarínettleikari, Bergþór Pálsson, Eyjólfur Eyjólfsson, Hafsteinn Þórólfsson og Herdís Anna Jónasdóttir, söngvarar, og Anna Guðný Guðmundsdóttir, Árni Heimir Ingólfsson og Tinna Þorsteinsdóttir, píanóleikarar.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

27.07.11 -02.08.11




**1** Frelsarinn - kilja
Jo Nesbø




**2** Íslenskur fuglavísir - nýr
Jóhann Óli Hilmarsson




**3** Það sem aldrei gerist - kilja
Anne Holt




**4** Einn dagur - kilja
David Nicholls




**5** Ófreskjan
Roslund & Hellstrom




**6** Hefndargyðjan
Sara Blædel




**7** 10 árum yngri á 10 vikum
Þorbjörg Hafsteinsdóttir




**8** Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir




**9** Nemesis - kilja
Jo Nesbø




**10** Skindauði - kilja
Thomas Enger

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Óperan tengir leiklistina og sönginn ágætlega saman

**Sigríður Ósk Kristjánsdóttir messósópran hefur sungið einsöng í virtum tónleikasölum eins og Royal Albert Hall, Kings Place og Íslensku óperunni. Nú syngur hún í Selinu á Stokkalæk á sunnudaginn og í Sigurjónssafni á þriðjudag.**



**SIGRÍÐUR ÓSK** „Pabbi glamrar á píanó og oft þegar ég kom heim úr leikskólanum þá spilaði hann og ég söng," segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

„Þegar ég var með heimþrána úti í London langaði mig svo að syngja eitthvað íslenskt og norrænt. Þó svo gaman sé að flytja framandi tónlist þá er mjög auðvelt líka að túlka og tengja við það sem stendur manni nærri," segir messósópransöngkonan Sigríður Ósk Kristjánsdóttir sem ásamt Hrönn Þráinsdóttur píanóleikara, ætlar að flytja dagskrána Norrænir tónar tan ta ra dei á Stokkalæk á Rangárvöllum og í Sigurjónssafni í Laugarnesi á næstu dögum. Þar eru meðal annars á íslenskar söngperlur, lög eftir J. Sibelius, Carl Sjöberg og sex sönglög eftir E. Grieg við ljóð sem fjalla öll um ástina. Á Stokkalæk verður boðið upp á sveitakaffi í skemmtilega uppgerðri hlöðu, eftir tónleikana sem hefjast klukkan 16. Eftir að hafa lokið píanókennaraprófi og áttunda stigi í söng við Tónlistarskólann í Reykjavík nam Sigríður Ósk söng við óperudeildina í Royal College of Music í London. Þaðan útskrifaðist hún vorið 2009. „Ég var búin að vera svo lengi burtu að ég var farin að sakna þess að vera kringum fjölskylduna mína, íslensku sundlaugarnar," segir hún brosandi. Kveðst þó fara til London reglulega. Nýverið söng hún þar á tvennum tónleikum, öðrum í Cadogan Hall með Southbank Sinfóníunni undir stjórn Simons Over og var tónleikunum útvarpað á bresku útvarpsstöðinni Classic FM. En hver er Sigríður Ósk og hverra manna?

„Ég ólst upp í vesturbænum í Reykjavík. Foreldrar mínir eru Kristján Jóhannsson, ekki óperusöngvari, og Ingibjörg Sigurðardóttir. Flestir í minni fjölskyldu eru í viðskiptum en tónlistaráhuginn er samt fyrir hendi. Til dæmis er ég alin upp við að það sé sungið þegar fólk kemur saman. Pabbi glamrar á píanó og oft þegar ég kom heim úr leikskólanum þá spilaði hann og ég söng þar til við fórum að borða. Sama gerðist þegar ég heimsótti afa, Hrafn Pálsson djasspíanista. Þannig varð söngurinn partur af mér. Á tímabili hafði ég áhuga á að fara í leiklist en óperan tengir leiklistina og sönginn ágætlega saman." Hún viðurkennir að ekki hafi verið sjálfgefið að komast inn í svo virtan skóla sem Royal College of Music. „Sérstaklega er erfitt að komast inn í óperudeildina, þar eru bara teknir inn tveir í hverri röð," lýsir hún.

En sér Sigríður Ósk sig hér á landi í framtíðinni? Nú kemur hik. „Ég vil eiginlega bara vera á ferðinni og fara þangað sem verkefnin bjóðast." Þetta kallar á spurningu um einkalífið. Í ljós kemur að daman er lofuð en barnlaus. Segir kærastann, Kristin Má Ingvarsson, óþreytandi að þvælast með henni. Í söngferð í Mývatnssveitina í síðasta mánuði hafi þau skötuhjú haft með sér gamalt skátatjald frá 1960 til að gista í á leiðinni. „Fyrir norðan sváfum við samt innanhúss. Það er dálítið erfitt að klæða sig í tónleikakjólinn í svona tjaldi."

**gun@frettabladid.is**

## Leikið utandyra þegar veður leyfir

Djasstónleikar verða alla laugardaga í ágúst og september á veitingastaðnum Munnhörpunni í Hörpu frá klukkan 15 til 17, að undanskilinni Menningarnótt 20. ágúst. Þar koma fram margir af helstu djasslistamönnum landsins. Kvartett Kristjönu Stefánsdóttur ríður á vaðið nú á laugardaginn. Í honum eru, auk söngkonunnar Kristjönu, þeir Ómar Guðjónsson á gítar, Andri Ólafsson á bassa og Matthías Hemstock á trommur.

Tónleikaröðin í Munnhörpunni kemur í beinu framhaldi af sumardjasstónleikaröð Jómfrúarinnar í Lækjargötu, enda sömu menn sem reka báða staðina. Sami háttur er hafður á og í Jómfrúnni, leikið utandyra ef veður leyfir en annars í Munnhörpunni í anddyri Hörpu, þar sem hátt er til lofts og vítt til veggja.

Hér er um nýja menningarstarfsemi að ræða í Hörpu, ókeypis tónlist fyrir alla sem heyra vilja.

**- gun**



**DJASSSÖNGKONAN** Kristjana Stefáns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BÓKMENNTAGANGA** Sameinar hreyfingu og skemmtun.

## Reykjavík í skáldsögum

**Kvöldganga verður úr Kvosinni í kvöld þar sem Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur bendir á mismunandi birtingarmyndir borgarinnar í skáldskap. Lesarar með henni verða Einar Ólafsson og Sunna Björk Þórarinsdóttir.**

**Reykjavík þótti ekki merkilegur sögustaður lengi vel en dæmið snerist við um miðja síðustu öld og nú á megnið af íslenskum sagnaskáldskap sér stað í höfuðborginni.**

**Það eru Borgarbókasafn, Ljósmyndasafn, Minjasafn og Listasafn Reykjavíkur sem standa fyrir göngunni. Lagt verður af stað frá Grófarhúsi í Tryggvagötu klukkan 20 og þátttaka er ókeypis.** **- gun**

Á HÓTEL EDDU ERU FYRSTA FLOKKS VEITINGASTAÐIR SEM LEGGJA SÉRSTAKA ÁHERSLU Á AÐ MATREIÐA ÚR ÍSLENSKU HRÁEFNI. Í SUMAR TÖFRUM VIÐ MEÐAL ANNARS FRAM GÓMSÆTA LAMBAKJÖTSRÉTTI ALLAN HRINGINN.

## NJÓTTU AFURÐA ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU Á HÓTEL EDDU Í SUMAR!

# BROSANDI ALLAN HRINGINN







## 13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum
6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

Lambakjöt
LAMBAKJOT.IS


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPNUM KL.11:00 MÁNUDAGA-FIMMTUDAGA Í SUMAR OP
1995 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
695 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
KYCKLINGFILÉ
1498 KR.900G
EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
257 KR. KG
Dole
Frábær næring fyrir sanngjarnt verð
249 KR. 1 KG
BARILLA SPAGHETTI 1 KG 249 KR. PAKKINN.
298 KR.STK
NÝTT KJÖTFARS 620 GRÖMM
BITAFISKUR ÝSA 200G
Já 162 grömm af próteini í einum poka. Ein próteinríkasta fæða sem völ er á og í eitt kíló af harðfiski þarf u.þ.b. 14,5 kg af ferskum fiski upp úr sjó.
1398 KR. 200G POKI
HEINZ TOMATO KETCHUP
198 KR. 570G
HEINZ TÓMATSÓSA 570 GRÖMM
Ali
598 KR.KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
998 KR.KG
FERSKT BLANDAÐ HAKK NAUT&GRÍS 100% KJÖT
198 KR.KG
KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA FROSIN LAMBASVIÐ
Góður tilbúinn matur fyrir 3-4 aðeins 998 kr.bakkinn
BÓNUS HEILSURÉTTUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK
ÓDÝRT -FLJÓTLEGT ÞÆGILEGT
ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
Afgreiðslutími
Fimmtudagur
11:00-18:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NUM KL.11:00 MÁNUDAGA-FIMMTUDAGA Í SUMAR

# Senseo®




# 12.900 kr.

**Philips Senseo kaffivélin fyrir kaffipúða verð *12.900 kr.***

## 500 kaffivélar í boði á þessu verði !

## HVERT ER ÞITT *EFTIRLÆTIS* KAFFI ?




EUROSHOPPER KAFFIPÚÐAR 36 STK 359 KR.

RENE KAFFIPÚÐAR 36 STK 398 KR PAKKINN.

GEVALÍA RAUÐUR 500G 579 KR.

EUROSHOPPER KAFFI 500G 298 KR.




EUROSHOPPER KORNFLEKS 750g

BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR

BÓNUS PYLSUR 10 STK (u.þ.b. 480g) 598 KR.KG

BÓNUS PYSLUBRAUÐ

LÍFRÆNN KOLSÝRÐUR **ENGIFERDRYKKUR**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

**Afgreiðslutími**
Fimmtudagur
**11:00-18:30**



BERTEL ÓLAFSSON (RUDDINN)



SNORRI HELGASON

## > Í SPILARANUM

**Ruddinn** - I Need A Vacation
**Snorri Helgason** - Winter Sun
Wild Beasts - Smother

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Segjast ekki vera að hætta

Caleb Followill, söngvari Kings of Leon, hefur tjáð sig í fyrsta sinn síðan hljómsveitin aflýsti tónleikaferð sinni um Bandaríkin, alls 28 tónleikum. Ástæðan sem var gefin upp var vandamál Followills með röddina og ofþreyta en sumir telja að annað búi að baki.

Ákvörðunin um að aflýsa tónleikaferðinni var tekin eftir að Followill gekk af sviðinu á tónleikum í Dallas þegar aðeins nokkur lög voru eftir. „Ég er bara að reyna að jafna mig,“ sagði Followill. Spurður hvers vegna hann hefði gengið af sviðinu kenndi hann röddinni um og sagði hana illa farna.



**EKKI AÐ HÆTTA** Hljómsveitin Kings of Leon er ekki að hætta að sögn Nathans Followill.

Blaðið US Weekly hélt því fram að félagar Followills í sveitinni hefðu hvatt hann til að fara í meðferð vegna óhóflegrar drykkju sinnar. Trommarinn Nathan Followill hefur vísað því á bug á Twitter að Kings of Leon sé að hætta. Bassaleikarinn Jared Followill segir aftur á móti að hljómsveitin glími við stór vandamál innan sinna herbúða.





## > PLATA VIKUNNAR

Steindinn okkar - Án djóks samt djók

★★★★

„Foooookk hvað þetta er skemmtileg plata!“ - TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Fer sínar eigin leiðir*

Tyler Okonma er eitt heitasta nafnið í hip-hop heiminum í dag. Hann kallar sig Tyler the Creator og er hluti af Odd Future-teyminu. Tyler, sem er frá Los Angeles, rappar, býr til takta og myndbönd og hefur verið ótrúlega afkastamikill síðustu tvö ár. Odd Future er reyndar stytting á OFWGKTA (Odd Future Wolf Gang Kill Them All). Í hópnum eru m.a. auk Tylers rappararnir Hodgy Beats, Earl Sweatshirt og Domo Genesis og taktasmiðirnir Left Brain og Matt Martians.

Tyler og félagar hafa farið sína eigin leið til þess að skapa sér nafn. Framan af var plötunum þeirra dreift ókeypis á netinu, en fyrsta hefðbundna útgáfa Tylers, Goblin, kom út hjá breska fyrirtækinu XL Recordings í vor. Tyler segist ekki bera mikla virðingu fyrir bandarísku rappsenunni. Hann hefur engan áhuga á „fyrirtækjum köllum sem rappa um Gucci“ og öfugt við flesta hip-hop tónlistarmenn síðustu áratuga þá nota Odd Future-menn ekki brot úr tónlist annarra í taktana sína: „Hef enga þörf fyrir það,“ segir Tyler í nýlegu viðtali. „Af hverju ætti ég að nota annarra manna hljóð? Af hverju ekki að búa til sín eigin?“



**TYLER OKONMA** Tyler Okonma og félagar í Odd Future hafa hrist upp í rappheiminum undanfarið.

Myndbönd Odd Future-manna eru líka ólík þessum dæmigerðu rapparamyndböndum. Gott dæmi er myndband Tylers við lagið Yonkers af nýju plötunni. Það er einfalt að gerð og í svart-hvítu og Tyler sjálfur er það eina sem þú sérð. Engar léttklæddar stelpur, ekkert kampavín, ekkert partí. Textarnir hjá Odd Future-mönnum hafa farið fyrir brjóstið á mörgum. Þeir þykja yfirfullir af ofbeldi, klámi og hómófóbíu og Tyler hefur notað slagorð eins og „Kill people, burn shit, fuck school“. Ýmis samtök vestanhafs hafa mótmælt við tónleikastaði þar sem Odd Future hefur troðið upp.

Ef ástæðan fyrir öllum orðasoranum var að vekja athygli á Odd Future hefur það tekist. Gömlu rappararnir eru fullir aðdáunar. P Diddy steig á svið með hópnum á SXSW-hátíðinni í vor og Jay-Z hefur kallað Yonkers-myndbandið það besta á árinu.





**WILD BEASTS** Ensku popparanir hafa fengið frábæra dóma fyrir tvær síðustu plötur sínar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Silkimjúkt indí-draumpopp

**Síðustu tvær plötur ensku popparanna í Wild Beasts hafa fengið flotta dóma. Hljómsveitin spilar á Big Chill-hátíðinni á morgun.**

Enska hljómsveitin Wild Beasts gaf út sína þriðju plötu, Smother, fyrr á árinu. Platan hefur fengið frábæra dóma og telja tónlistarspekúlantar líklegt að hún lendi ofarlega á hinum ýmsu árslistum í desember.

Wild Beasts var stofnuð árið 2002 í bænum Kendal á Englandi. Hljómsveitin hét upphaflega Fauve (villiköttur á frönsku) og stofnmeðlimir voru þeir Hayden Thorpe og Ben Little. Fauve var upphaflega dúó en þegar trommarinn Chris Talbot gekk til liðs við sveitina var nafninu breytt í Wild Beasts. Síðar meir átti bassaleikarinn Tom Fleming eftir að bætast í hópinn.

Eftir að hafa gefið út tvær EP-plötur og flutt til borgarinnar Leeds gerði hljómsveitin útgáfusamning við Bad Sneakers Records og skömmu síðar við Domino Records. Fyrsta platan í fullri lengd, Limbo, Panto, vakti athygli á sveitinni og töldu tónlistarblaðamenn hana líklega til vinsælda. Falsettusöngstíll Thorpe þótti fyrirtak rétt eins og silkimjúkt poppið og nýir aðdáendur skriðu fram úr fylgsnum sínum.

Næsta plata, Two Dancers, sem kom út 2009, sló í gegn og varð ofarlega á mörgum árslistum. Í framhaldinu var sveitin tilnefnd til Mercury-verðlaunanna í Bretlandi árið 2010 en verðlaunin féllu í skaut The XX.

Tónlist Wild Beasts hefur verið lýst sem blöndu af indítónlist og draumpoppi. Hljóðgervlar eru áberandi á nýju plötunni, sem hefur fengið fantagóða dóma, þar á meðal fjórar stjörnur hjá Q og The Guardian og 9 af 10 hjá Clash og NME.

Til að fylgja Smother eftir er Wild Beasts á leið í stóra tónleikaferð um Evrópu og Norður-Ameríku og verða fyrstu tónleikarnir á The Big Chill-hátíðinni á Englandi annað kvöld. Þar stíga einnig á svið The Chemical Brothers, Robert Plant og Kanye West. freyr@frettabladid.is





Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing





FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft

## LAGALISTINN

Vikuna 28. júlí - 3. ágúst 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Páll Óskar | La Dolce Vita |
| ▶ | 2 | Of Monsters and Men | Little Talks |
| ▼ | 3 | Coldplay | Every Teardrop Is a Waterfall |
| ▶ | 4 | Bubbi Morthens | Háskaleikur |
| ▲ | 5 | Steindi JR / Bent / Matti Matt | Gull af mönnum |
| ▲ | 6 | Berndsen & Bubbi | Úlfur Úlfur |
| ✱ | 7 | Jón Jónsson | Wanna Get It |
| ▼ | 8 | Steven Tyler | It Feels so Good |
| ▼ | 9 | Adele | Set Fire to the Rain |
| ✱ | 10 | Mugison | Stingum af |

## TÓNLISTINN

Vikuna 28. júlí - 3. ágúst 2011

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Helgi Björns & Reiðmenn... | Ég vil fara uppí sveit |
| ▲ | 2 | Steindinn okkar | Án djóks ... samt djók |
| ▲ | 3 | Björgvin & Hjartagosarnir | Leiðin heim |
| ▼ | 4 | Gus Gus | Arabian Horse |
| ▼ | 5 | Bubbi | Ég trúi á þig |
| ▼ | 6 | Jón Jónsson | Wait for Fate |
| ▼ | 7 | Valdimar | Undraland |
| ▼ | 8 | Ýmsir | Pottþétt 55 |
| ▲ | 9 | Ýmsir | Miklu meira veistu hver ég var? |
| ✱ | 10 | Ýmsir | Stuð stuð stuð |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is


Ný snyrtivöruverslun!
www.facebook.com/ZebraShop.is
ZEBRA
cosmetique
EVELINE
Frískandi gel á augnsvæði
1.375 kr.
Rakagefandi andlitskrem
1.595 kr.
Anti-cellulite krem
1.375 kr.
Push-up brjóstakrem
1.745 kr.
Butterfly collection
Augnskuggar - 9 litir í boxi
1.290 kr.
Augn- og varablýantar
490 kr.
Naglalakk í 180 litum
425 kr.
Perfect matt andlitsfarði
785 kr.
Bell
Glam & sexy varalitur
945 kr.
French Manicure
665 kr.
Wow! Gloss
835 kr.
Derma intensive hyljari
845 kr.
Donegal
Púðurbursti
1.280 kr.
Gerviaugnhár
820 kr.
Augnhárabrettari
795 kr.
Snyrtitaska
8.850 kr.
VOLLARÉ COSMETICS
Augn- og varablýantur
365 kr.
Cashmir andlitsfarði
590 kr.
Lashes Extension maskari
990 kr.
Cool Eyes maskari
990 kr.
Laugavegur 62 - Sími: 445-4000 Opið mán-lau: 10:00-18:00 / sun: 11:00-17:00



**350 MYNDIR** af söngkonunni Lady Gaga prýða nýja ljósmyndabók eftir Terry Richardson sem kemur út í nóvember. Hann elti hana með myndavélina á lofti í tíu mánuði og tók myndir af bókstaflega öllu sem gerðist í lífi Lady Gaga, að hennar sögn.



**ÍSLENSKT ÞJÓÐLAGAPOPP** Snorri Helgason er vel hærður í andlitinu eins og sjá má á þessari mynd.



**SKEGGJAÐUR** Robin Pecknold úr bandarísku hljómsveitinni Fleet Foxes skartar myndarlegu skeggi. NORDICPHOTOS/GETTY

# SKEGGJAÐIR ÞJÓÐLAGAPOPPARAR

**Skeggvöxtur tónlistarmanna er mismikill eins og gengur og gerist. Mikið skegg gefur þó vísbendingu um að viðkomandi aðhyllist frekar þjóðlagatónlist en aðrar tónlistarstefnur.**

Skegg hefur verið mjög í tísku í þjóðlagatónlistinni undanfarin ár. Forsprakkar hljómsveita á borð við Fleet Foxes, Bon Iver og Band of Horses eiga það allir sameiginlegt að vera vel skeggjaðir og virðist þessi tíska skipta miklu máli vilji menn vera teknir alvarlega í faginu. Um leið eru menn mögulega að nota skeggið til að sýna fram á þroska sinn og kannski aðgreina sig frá meginstraumspoppinu þar sem oft er lögð meiri áhersla á hégómann en góðu hófi gegnir.

Ekki skemmir fyrir ímyndinni ef þjóðlagapopparar einangra sig uppi í fjallakofa til að semja lög á kassagítarinn sinn og sömuleiðis er gott að vera sveitalega klæddur, enda á nútíma þjóðlagatónlist rætur sínar að reka til bandarískrar sveitatónlistar frá síðari hluta sjöunda áratugarins. Þar fóru fremstir í flokki flytjendur á borð við The Byrds, The Grateful Dead, Buffalo Springfield og Neil Young.

Íslenskir þjóðlagapopparar eru ekki margir. Fremstur í flokki fer Snorri Helgason, sem nýverið gaf út aðra sólóplötu sína, Winter Sun. Hann hefur breyst í útliti síðan hann gerði garðinn frægan með Sprengjuhöllinni og skartar nú vænu skeggi, eins og svo margir kollegar hans. Á meðal annarra íslenskra tónlistarmanna sem aðhyllast mikinn skeggvöxt eru Mugison og Högni í Hjaltalín þó svo að þeir tilheyri ekki beint sömu tónlistarstefnu og Snorri. - fb



**MUGISON** Tónlistarmaðurinn er jafnan skeggjaður.

**IRON AND WINE** Samuel Beam, forsprakki Iron and Wine, er virtur söngari og lagahöfundur.

**HÖGNI Í HJALTALÍN** í lopapeysu með skegg.

**Í FJALLAKOFA** Forsprakki Bon Iver samdi sína fyrstu plötu í fjallakofa.



**ÁHRIFARÍKUR** Will Oldham, betur þekktur sem Bonnie „Prince" Billy, hefur haft mikil áhrif á þjóðlagatónlistina.



**BEN BRIDWELL** Söngvari Band of Horses er vel skeggjaður.

EMAMI LOKAR*

Rýmingarútsalan hefst í dag.
Allt á að seljast.

*Vefverslun okkar verður áfram opin á www.emami.is

Verslun EMAMI
Laugavegi 66
101 Rvk
www.emami.is

EMAMI

# Bradley Cooper í stað Marks Wahlberg

**Leikarinn Bradley Cooper er í viðræðum um að hlaupa í skarðið fyrir Mark Wahlberg sem aðalleikari gamanmyndarinnar The Silver Linings Playbook. Hún er byggð á samnefndri skáldsögu Matthews Quick. Wahlberg þurfti að draga sig út úr myndinni vegna anna og því var ákveðið að hefja viðræður við Cooper, sem er með fleiri verkefni í bígerð.**

**Tökur standa yfir þessa dagana á The Place Beyond the Pines þar sem hann leikur á móti Ryan Gosling og Evu Mendes. Hann fer einnig með hlutverk Lúsífers í Paradise Lost sem er byggð á epísku ljóði Johns Milton.**



**Í VIÐRÆÐUM** Bradley Cooper er í viðræðum um að leika í The Silver Linings Playbook.



winwin.is

„The winner takes it all!“

# Við opnum winwin.is í dag!
# kl. 18:15

- **Sólarlandaferðir á ótrúlegu verði**
- **Magnaðir tónleikar**
- **Íslenskir hönnuðir**
- **Flottustu veitingahús landsins**

Like

Farðu á www.winwin.is, skráðu þig á póstlistann okkar, skelltu þér svo á Facebook og smelltu á „like“.

Skannaðu kóðann til að fara inn á Facebook síðuna okkar

www.winwin.is

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE RISE OF THE PLANET OF THE APES | 5, 7.30 og 10 |
| CAPTAIN AMERICA - 3D | 5, 7.30 og 10 |
| BRIDESMAIDS | 5, 7.30 og 10 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN | Sýnd kl. 5:30(2D) - 8(3D) - 10.30(3D) | 12 |
| GREEN LANTERN LUXUS VIP | Sýnd í 2D kl. 8 - 10.30 | VIP |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd í 2D kl. 5:30 - 8 - 10:30 - 10:40 | 12 |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 5.30 | L |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 5.30 | L |
| CARS 2 textalaus | Sýnd í 2D kl. 11 | L |
| CARS 2 LUXUS VIP | Sýnd í 2D kl. 5.30 | VIP |
| HARRY POTTER | Sýnd í 3D kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER | Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 | Sýnd í 2D kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN (3D) | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali (2D) | kl. 5:40 | L |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER (2D) | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | kl. 8 - 10.30 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR 2 m/ísl tali 3D | kl. 2:30 - 5 | L |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 2:30 | L |
| GREEN LANTERN 3D | kl. 2:30 - 5 - 8 - 10:30 | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 5 - 8 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | kl. 8 - 10:45 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 2:30 - 5 - 10:45 | 12 |
| HARRY POTTER 3D | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN | Sýnd í 3D kl. 5:30 - 8 - 10.30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | Sýnd í 3D kl. 8 - 10:30 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd í 2D kl. 8 - 10.20 | 12 |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 5.30 | L |
| SUPER 8 | kl. 5:45 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN DIGITAL-3D | kl. 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA DIGITAL-3D | kl. 10:30 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2D | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 – 8 – 10.20 | 12 |
| RISE OF THE PLANET.... Í LÚXUS | KL. 5.40 – 8 – 10.20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ZOOKEEPER | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| BAD TEACHER | KL. 8 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3.30 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 – 8 – 10.20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| HARRY POTTER 3D | KL. 5.20 – 8 – 10.40 | 12 |
| ZOOKEEPER | KL. 5.45 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |



## SHEEN VÍKUR FYRIR KUTCHER

Persóna **Charlie Sheen** í þáttunum Two and a Half Men verður jörðuð í næstu þáttaröð. **Ashton Kutcher** tekur við keflinu af Sheen sem aðalleikari þáttanna.

# Charlie verður jarðaður

**Piparsveinninn Charlie Harper verður jarðaður í næstu þáttaröð af Two and a Half Men. Framleiðandinn Chuck Lorre kemur þannig fram hefndum.**

**178** Charlie Sheen lék í 178 þáttum af Two and a Half Men frá 2003 til 2011.

Persóna Charlie Sheen í sjónvarpsþáttunum vinsælu Two and a Half Men verður ekki aðeins látin deyja í næstu þáttaröð heldur verður hún einnig jörðuð.

Sheen varð hæstlaunaði sjónvarpsleikarinn í Hollywood fyrir hlutverk sitt í þáttunum. Eftir að hafa móðgað framleiðanda þáttanna og einn af höfundum þeirra, Chuck Lorre, í mars síðastliðnum og hagað sér almennt eins og fábjáni var Sheen rekinn og Ashton Kutcher ráðinn í hans stað. Nú virðist Lorre hafa komið fram hefndum sínum með því að jarða hinn kvensama piparsvein, Charlie Harper, í eitt skipti fyrir öll. Mikil leynd hvílir yfir söguþræðinum en samkvæmt heimildarmönnum fer jarðarförin fram í fyrstu tveimur þáttunum í nýju þáttaröðinni og hefjast tökur á næstu dögum.

Samkvæmt síðunni Deadline Hollywood deyr Charlie og hús hans í Malibu verður sett á söluskrá í byrjun þáttaraðarinnar. Þá kemur persóna Kutchers, Raymond, til sögunnar sem mögulegur kaupandi. Kutcher hefur áður getið sér gott orð í sjónvarpi sem hrekkjalómur í Punk´d og sem Michael Kelson í gamanþáttunum That 70´s Show. Hann ætti því að kunna vel við sig í sjónvarpinu en hvort honum tekst að fylla skarðið sem Sheen skilur eftir sig á eftir að koma í ljós.

Sheen hefur gert samning um að leika í nýrri sjónvarpsþáttaröð, Anger Management. Engin bandarísk sjónvarpsstöð hefur þó enn sem komið er fest kaup á henni.

# Björk minnist reifpartía í Manchester

Björk minntist skemmtilegra reifskemmtistaða sem hún sótti í borginni Manchester hér á árum áður í viðtal við útvarpsstöðina XFM.

„Á árunum 1989 og 1990 fór ég þangað í reifpartí. Ég laumaðist í burtu, eins og ég væri að halda fram hjá indíhljómsveitinni minni [Sykurmolunum] og tók þátt í reifdansinum langt fram á nótt. Leiðsögumennirnir mínir í 808 State voru með mér í för," sagði hún. „Maður fór í kjallara klukkan fimm eða sex um morguninn og einhver plötusnúður blandaði saman tveimur lögum sem pössuðu ekki saman. Svo var hann með hljóðgervil og spilaði yfir lögin. Ég hafði aldrei heyrt þetta áður."

Björk frumflutti einmitt Biophilia-verkefnið sitt í Manchester fyrr á árinu. Samnefnd plata er væntanleg 27. september og sex Biophilia-tónleikar eru fyrirhugaðir hér á landi í október. Uppselt er á þá alla.



**DANSINN DUNAÐI** Björk dansaði við reiftónlist í Manchester á árum áður.



**BÚIÐ SPIL** Alexa Chung og Alex Turner, söngvari Arctic Monkeys, á meðan allt lék í lyndi. NORDICPHOTO/GETTY

# Hætt saman

**Eftir fjögurra ára samband eru þáttastjórnandinn Alexa Chung og Alex Turner, söngvari hljómsveitarinnar Arctic Monkeys, hætt saman. Það var talskona Chung sem staðfesti sambandsslitin við fjölmiðla eftir miklar vangaveltur slúðurmiðla vestanhafs.**

**Alexa Chung hefur skotist hratt upp á stjörnuhimininn og er ein helsta tískufyrirmynd nútímans. Hún er nýflutt til New York-borgar þar sem hún undirbýr tökur á þáttaröðinni 24-Hour Catwalk, raunveruleikaþætti fyrir fatahönnuði framtíðarinnar.**

BÍÓ ★ PARADÍS
Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

# Risaútsala

# í fullum gangi



## allt að

**90% afsláttur**

**minnst 50%**

**Opið:**
virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 12 og 17

**vörur frá:**

Kaupfélagið
Kringlan - Smáralind

ecco®
Kringlan - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

# Toppskórinn Outlet

*VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109*

**ódýrastir í skóm**

# sport

sport@frettabladid.is



**GUNNLEIFUR GUNNLEIFSSON**, markvörður FH og aðalmarkvörður landsliðsins síðustu ár, var ekki valinn í landsliðið fyrir vináttuleik við Ungverja í Búdapest í næstu viku. Grétar Rafn Steinsson er ekki heldur í liðinu en hann hefur tekið sér persónulegt leyfi frá landsliðinu út þetta ár. Valsmaðurinn Haraldur Björnsson og KR-ingarnir Hannes Þór Halldórsson og Guðmundur Reynir Gunnarsson koma hins vegar nýir inn hjá Ólafi Jóhannessyni. Það má sjá allan hópinn inn á Vísir.is.

## Breiðablik 0-1 FH

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1.282 – Þóroddur Hjaltalín (6)

*0-1 Emil Pálsson (30.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–14 (3–3) |
| Varin skot | Ingvar 2 – Gunnleifur 2 |
| Horn | 7–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–17 |
| Rangstöður | 1–2 |

| BREIÐAB. 4–3–3 | | FH 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Þór Kale | 7 | Gunnleifur Gunnleifs. | 7 |
| Jökull I Elísabetarson | 4 | Guðmundur Sævars. | 6 |
| (74., Andri Yeoman | -) | Tommy Nielsen | 6 |
| Þórður St. Hreiðarss. | 4 | Freyr Bjarnason | 7 |
| Arnór Sv. Aðalsteinss. | 5 | Björn Daníel Sverris. | 6 |
| Kristinn Jónsson | 7 | Hákon Atli Hallfreðss. | 7 |
| Finnur Orri Margeirs. | 5 | Hólmar Örn Rúnarss. | 7 |
| Guðmundur Kristjáns. | 4 | Emil Pálsson | 7 |
| Kristinn Steindórsson | 5 | (69., Bjarki Gunnl. | 5) |
| Olgeir Sigurgeirsson | 2 | ***Ólafur Páll Snorr.** | **8** |
| (55., Árni Vilhjálmss. | 5) | Atli Guðnason | 8 |
| Rafn Andri Haraldss. | 4 | (82. Hannes Þorst. | -) |
| (82., Viktor Unnar | -) | Matthías Vilhjálmss. | 6 |
| Dylan McAllister | 5 | | |

**Maður leiksins*

## Valur 1-1 Grindavík

Vodafonevöllur, áhorf.: 885 – Örvar Sær Gíslason (4)

*0-1 Magnús Björgvinsson (41.)*
*1-1 Matthías Guðmundsson (52.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 21–3 (5–2) |
| Varin skot | Haraldur 1 – Óskar 4 |
| Horn | 9–1 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–5 |
| Rangstöður | 1–2 |

| VALUR 4–3–3 | | GRINDAV. 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Haraldur Björnsson | 5 | ***Óskar Pétursson** | **7** |
| Jónas Tór Næs | 5 | Matthías Örn Friðrik. | 4 |
| Atli Sveinn Þórarins. | 5 | Ólafur Örn Bjarnason | 5 |
| Halldór Kristinn Hall. | 5 | Jamie McCunnie | 5 |
| Pól Justinussen | 5 | Alexander Magnúss. | 6 |
| Rúnar Már Sigurjóns. | 6 | (71., Bogi Rafn Einar. | -) |
| Guðjón Pétur Lýðss. | 7 | Derek Young | 4 |
| (81., Andri Fannar | -) | Jóhann Helgason | 6 |
| Christian Mouritsen | 4 | Scott Ramsay | 4 |
| Arnar Sveinn Geirss. | 5 | (61., Orri F. Hjaltalín | 5) |
| Ingólfur Sigurðsson | 5 | Magnús Björgvinsson | 5 |
| (86., Hörður Sveinss. | -) | Óli Baldur Bjarnason | 4 |
| Matthías Guðmunds. | 7 | Robert Winters | 5 |
| | | (81. Haukur Ingi Guð. | -) |

**Maður leiksins*

## Víkingur 1-1 Stjarnan

Víkingsvöllur, áhorf.: 1.112 – Valgeir Valgeirsson (5)

*0-1 Sjálfsmark Gunnars Einars.(62.)*
*1-1 Björgólfur Takefusa (90.+5)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 5–15 (3–3) |
| Varin skot | Magnús 2 – Ingvar 2 |
| Horn | 3–9 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–10 |
| Rangstöður | 9–2 |

| VÍKINGUR 4–5–1 | | STJARNAN 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Magnús Þormar | 6 | Ingvar Jónsson | 6 |
| Kristinn Jens Bjartm. | 5 | Baldvin Sturluson | 5 |
| Gunnar Einarsson | 5 | (83., Tryggvi Bjarnas. | -) |
| Mark Rutgers | 5 | Daníel Laxdal | 6 |
| Hjalti Már Hauksson | 3 | Nikolaj Pedersen | 5 |
| Colin Marshall | 6 | Hörður Árnason | 6 |
| Halldór Smári Sigurð. | 4 | Þorvaldur Árnason | 6 |
| (46., Kristinn Mag. | 4) | (76., Bjarki Páll Eyst. | -) |
| Þorvaldur Sveinn Sv. | 4 | ***Jesper Jensen** | **8** |
| Viktor Jónsson | 4 | Halldór Orri Björnss. | 6 |
| (36., Gunnar Helgi | 4) | Jóhann Laxdal | 6 |
| Magnús Páll Gunnars. | 4 | Ellert Hreinsson | 7 |
| (62., Björgólfur Takef. | 7) | Garðar Jóhannsson | 6 |
| Helgi Sigurðsson | 4 | (83., Atli Jóhannss. | -) |

**Maður leiksins*

## Pepsi-deild karla - staðan

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **11** | **8** | **3** | **0** | **25-7** | **27** |
| ÍBV | 12 | 8 | 1 | 3 | 19-10 | 25 |
| **Valur** | **13** | **7** | **3** | **3** | **19-10** | **24** |
| FH | 13 | 6 | 4 | 3 | 27-18 | 22 |
| **Stjarnan** | **13** | **5** | **4** | **4** | **23-21** | **19** |
| Fylkir | 13 | 5 | 3 | 5 | 21-24 | 18 |
| **Keflavík** | **12** | **5** | **2** | **5** | **17-17** | **17** |
| Þór | 13 | 5 | 2 | 6 | 20-23 | 17 |
| **Breiðablik** | **13** | **4** | **3** | **6** | **20-25** | **15** |
| Grindavík | 13 | 3 | 3 | 7 | 16-27 | 12 |
| **Víkingur R.** | **13** | **1** | **5** | **7** | **10-22** | **8** |
| Fram | 13 | 1 | 3 | 9 | 7-20 | 6 |

# Eyjamenn gefa ekkert eftir

## Eyjamenn minnkuðu forskot KR-inga á toppnum í tvö stig eftir 3-1 sigur á Fylki í Árbænum. FH vann Íslandsmeistara Blika og Grindavík tók stig á Hlíðarenda.

**FÓTBOLTI** Eyjamenn ætla að fylgja KR-ingum eftir í toppbaráttu Pepsi-deildar karla og FH-ingar eru ekki alveg búnir að segja sitt síðasta í toppbaráttunni í sumar eftir sigur á Íslandsmeisturum Breiðabliks. Valsmenn töpuðu hins vegar stigum fjórða leikinn í röð og eru að missa af lestinni.

ÍBV hefur oft áður gengið illa í fyrsta leik eftir Þjóðhátíð á undanförnum árum en í þetta sinn gerðu Eyjapeyjar einmitt hið gagnstæða og pökkuðu slökum Fylkismönnum saman í Árbænum í gær, 3-1.

Tryggvi Guðmundsson átti stórleik fyrir ÍBV en hann skoraði tvö mörk og lagði upp það þriðja upp fyrir Þórarin Inga Valdimarsson sem lék óvænt í fremstu víglínu í gær.„Þetta var mjög sannfærandi og fyrri hálfleikur með því betra sem við höfum sýnt í sumar," sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, eftir leikinn. „Þeir fengu nánast ekki færi í leiknum nema kannski í lokin þegar þeir skoruðu. Þá vorum við orðnir kærulausir. En annars var varnarleikurinn góður og þetta var góður sigur fyrir liðsheildina."

Hann segir að verslunarmannahelgin hafi nýst liðinu vel. ÍBV tapaði fyrir Þór í bikarnum í síðustu viku og gerði Heimir fimm breytingar á sínu liði fyrir leikinn í gær. „Við æfðum stíft um helgina og ég reyndi að velja þá sem voru tilbúnir í bardagaleik eins og þeir verða oft gegn Fylki í Árbænum."

Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, var eðlilega ósáttur við sína menn og ítrekaði þá kröfu sína að leikmenn legðu sig fram og myndu berjast fyrir félagið. „Menn verða að átta sig á því að þeir hafa sínum skyldum að gegna," sagði Ólafur. Hann nefndi reyndar einnig þá staðreynd að liðið hefur lítið sem ekkert styrkt sig á undanförnum þremur árum. „Við höfum verið að sækja mikið í yngri flokkana og það tekur langan tíma að búa til gott lið úr því. Félagið hefur ekki verið tilbúið að sækja leikmenn og því hef ég ekki úr neinu að moða. Það er einfaldlega fullt af gæðum farið úr liðinu."



**GÓÐUR Í GÆR** Tryggvi Guðmundsson var í ham í Árbænum, skoraði tvö mörk og lagði upp eitt. Hér er hann í baráttu við Kristján Valdimarsson í leiknum í Ábænum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

**Basl á Blikum**

Íslandsmeistarar Breiðabliks eru komnir í níunda sæti Pepsi-deildarinnar eftir 0-1 tap gegn FH. Eftir góða byrjun hrundi leikur Blika. Liðið virkaði andlaust, menn hengdu haus og liðið er augljóslega rúið öllu sjálfstrausti.

„Þetta er eðlilega alvarleg staða. Við verðum nú að líta í báðar áttir. Ekki bara hvað er fyrir ofan heldur líka hvað sé fyrir neðan. Við munum gera það. Ég mun halda áfram að reyna að berja sjálfstraust í drengina. Það er það eina sem við getum gert núna," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, eftir leikinn.

FH-ingar hefðu getað unnið stærri sigur en spiluðu skynsamlega og sigldu sigrinum rólega og varlega í höfn.

„Við náðum góðum tökum á leiknum um miðjan fyrri hálfleik og við héldum þetta vel út. Blikarnir opnuðu okkur ekkert og við lönduðum þremur sanngjörnum stigum. Það var líka ánægjulegt að halda hreinu," sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH.

**Valsmenn náðu aðeins stigi**

Valsmenn náðu aðeins stigi gegn Grindvíkingum á Hlíðarenda. Grindvíkingar nýttu sitt eina færi í leiknum undir lok fyrri hálfleiks þegar Magnús Björgvinsson skallaði boltann í netið af stuttu færi. Matthías Guðmundsson jafnaði fyrir Valsmenn í upphafi síðari hálfleiks. Heimamönnum, sem áttu á þriðja tug marktilrauna, gekk illa að hitta á markið og tókst ekki að koma boltanum yfir línuna.

„Við vorum í sókn allan seinni hálfleikinn og ég snerti ekki boltann. Það er svekkjandi að hafa ekki náð að klára þetta," sagði Haraldur Björnsson markvörður Vals.

**- esá, hbg, ktd, óój**

## Fylkir 1-3 ÍBV

Fylkisvöllur, áhorf.: 1.052 – Guðmundur Ársæll (6)

*0-1 Þórarinn Ingi Valdimarsson (8.)*
*0-2 Tryggvi Guðmundsson (24.),*
*0-3 Tryggvi Guðmundsson (43.)*
*1-3 Ásgeir Örn Arnþórsson (88.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–12 (4–5) |
| Varin skot | Fjalar 2 – Albert 3 |
| Horn | 4–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–12 |
| Rangstöður | 3–2 |

| FYLKIR 4–3–3 | | ÍBV 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson | 5 | Albert Sævarsson | 7 |
| Andri Þór Jónsson | 4 | Arnór Eyvar Ólafsson | 6 |
| (78., Trausti Björn | -) | Rasmus Christiansen | 7 |
| Kristján Valdimarss. | 4 | Eiður Aron Sigurbj. | 7 |
| (46., Þórir Hanness. | 5) | (84., Yngvi Magnús | -) |
| Davíð Þór Ásbjörnss. | 4 | Matt Garner | 6 |
| Kjartan Ág. Breiðdal | 4 | Finnur Ólafsson | 6 |
| Ásgeir Börkur Ásgeirs. | 5 | (42., Tony Mawejje | 6) |
| Valur Fannar Gíslas. | 4 | Brynjar Gauti Guðj. | 7 |
| Ingimundur Níels Ó. | 3 | ***Tryggvi Guðm.** | **8** |
| (58., Rúrik Andri | 5) | Ian David Jeffs | 5 |
| Ásgeir Örn Arnþórss. | 4 | Guðmundur Þórar. | 6 |
| Jóhann Þórhallsson | 3 | Þórarinn Ingi Valdim. | 7 |
| Albert Brynjar Ingas. | 5 | (79., Denis Sytnik | -) |

**Maður leiksins*

## Þór 3-0 Fram

Þórsvöllur, áhorf.: 1.000 – Vilhjálmur Alvar Þór. (7)

*1-0 Gunnar Már Guðmundsson (6.),*
*2-0 Sigurður Marinó Kristjánss. (78.)*
*3-0 Jóhann Helgi Hannesson (89.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 5–8 (2–3) |
| Varin skot | Rajkovic 2 – Ögmundur 0 |
| Horn | 2–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 7–13 |
| Rangstöður | 0–1 |

| ÞÓR 4–3–3 | | FRAM 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Srdjan Rajkovic | 8 | Ögmundur Kristinss. | 3 |
| Gísli Páll Helgason | 7 | Allan Lowing | 4 |
| Þorsteinn Ingason | 7 | Kristján Hauksson | 4 |
| Janez Vrenko | 8 | Hlynur Atli Magnúss. | 6 |
| Ingi Freyr Hilmarsson | 6 | Sam Tillen | 4 |
| ***Gunnar Már Guð.** | **8** | Halldór Hermann Jó. | 4 |
| Atli Sigurjónsson | 6 | (86., Jón Gunnar Eys. | -) |
| Clark Keltie | 6 | Steven Lennon | 4 |
| David Disztl | 6 | Hólmbert Aron Friðj. | 5 |
| (55., Jóhann Helgi H. | 7) | Arnar Gunnlaugsson | 6 |
| Ármann Pétur Ævars. | 6 | (86., Orri Gunnarss. | -) |
| (88., Baldvin Ólafss. | -) | Almarr Ormarsson | 4 |
| Sveinn Elías Jónsson | 6 | (88. Hjálmar Þórar. | -) |
| (55., Sigurður Marinó | 7) | Samuel Hewson | 3 |

**Maður leiksins*

Varamaðurinn Björgólfur Takefusa tryggði Víkingum fyrsta stigið undir stjórn Bjarnólfs Lárussonar í gær:

# Þórsarar eru komnir upp í áttunda sætið

**FÓTBOLTI** Þórsarar eru á miklu skriði og fjarlægðust fallsætin með 3-0 sigri á Fram í Pepsi-deildinni í gær. Norðanmenn eru hreinlega óstöðvandi á Þórsvellinum þessa dagana. Framliðið er hins vegar í slæmum málum og ekki er staða Víkinga mikið betri þrátt fyrir að liðið næði í stig á móti Stjörnunni í gær. Björgólfur Takefusa sneri aftur eftir slæm meiðsli og skoraði jöfnunarmark Víkinga í uppbótartíma eftir að hafa komið inn á sem varamaður í leiknum.

Ótrúleg markvarsla Srjdans Rajkovic var vendipunkturinn á Akureyri þar sem Þór vann 3-0 sigur á Fram. Gunnar Már Guðmundsson kom Þór yfir en Srjdan varði stórkostlega þegar Almarr Ormarsson komst einn í gegn rétt fyrir hálfleikinn.

Þór skoraði svo tvö mörk undir lokin, Sigurður Marínó Kristjánsson af stuttu færi og Jóhann Helgi Hannesson með skoti sem fór í varnarmann og inn.

Framarar voru mikið með boltann en virðast ráðalausir á botni deildarinnar. Enn eitt tapið staðreynd og ekkert nema fall blasir við í Safamýrinni.

Þór er aftur á móti á góðu skriði og virðast leikmenn vera í góðu líkamlegu formi. Þeir berjast allan leikinn og uppskera eftir því, mörk þeirra á lokamínútunum hafa verið mörg og liðið siglir nú lygnan sjó um miðja deild.



**FYRSTA STIGIÐ Í HÚS** Bjarnólfur Lárusson, þjálfari Víkinga, sést hér stjórna sínum mönnum í leiknum á móti Stjörnunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, segir að liðið sé samt nógu gott til að halda sér uppi.

„Við sýndum það til dæmis núna, við vorum betri aðilinn gegn hinu liðinu sem sparkaði langt og hátt og notaði löng innköst. Menn hafa mismunandi hugmyndafræði í fótbolta og menn leggja hlutina mismunandi upp. En þetta snýst um að vinna leiki," sagði Þorvaldur sem skaut einnig föstum skotum að dómara leiksins.

**Víkingur stal sigri á móti Stjörnunni**

Víkingur stal stigi af Stjörnunni þegar Björgólfur Takefusa jafnaði metin á 95. mínútu og tryggði 1-1 jafntefli. Stig sem getur gert gæfumuninn í fallbaráttunni ef Víkingur nær að nýta það sem stökkpall þar sem liðið er enn fjórum stigum á eftir Grindavík.

Stjarnan var mun sterkari aðilinn í leiknum en það er ekki spurt að því og mjög mikilvægt stig Víkings staðreynd.

„Þetta er stökkpallur fyrir framhaldið. Það er ekkert áunnið en þetta er gott fyrir lið í svona stöðu og með það sem hefur gengið á hér í Víkinni frá því í vetur. Þetta gefur okkur byr undir báða vængi og trú leikmanna eykst og það viljum við byggja á til loka tímabils," sagði Bjarnólfur Lárusson, þjálfari Víkings, í leikslok.

**- hþh, gmi**




## Nákvæmlega það sem þú vilt

**Dell Inspiron N5110** með Intel® Core™ i5 örgjörva er verkfæri, eins og hamar eða blýantur, bara aðeins flóknari. Það sem skiptir máli er hvað þú gerir við hana. Notarðu **HD myndavélina** til að spjalla við vini eða í eitthvað enn sniðugra? Notarðu **útskiptanlegu bókin** til að sýna hvaða smekk þú hefur eða til að senda kennaranum skilaboð? Læturðu **Intel** örgjörvann sýna krafta sína í tölvuleikjum eða við kvikmyndagerð? Þú ert það sem þú gerir **- gerðu það með Dell!**



## Dell Inspiron

fartölvur á skólatilboði frá

**79.900 – 179.900**

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and/or other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.

Grensásvegi 10
108 Reykjavík | Tryggvabraut 10
600 Akureyri | 440 9000
sala@ejs.is | Vefverslun
www.ejs.is

DELL | EJS | HLUTI AF SKÝRR




# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**3** **ÁR FRÁ SÍÐASTA SIGRI** Tigers Woods á risamóti. Hann á fjórtán risatitla í safni sínu, en vantar en fjóra til að jafna met Jacks Nicklaus.

# Skagastrákur með sterk fótboltagen fór holu í höggi

**Tólf ára strákur af Skaganum gerði sér lítið fyrir og fór holu í höggi á Hamarsvelli. Hann hefur mikinn áhuga á golfi en stefnir á atvinnumennsku í fótbolta, sem kemur ekki á óvart ef Íslendingabók er skoðuð.**

Stefán Teitur Þórðarson, 12 ára kylfingur, náði þeim glæsilega árangri að fara holu í höggi á 16. brautinni á Hamarsvelli í Borgarnesi fyrir skömmu. Hann tók þar þátt í Íslandsmóti unglinga í holukeppni.

Sextánda brautin er mjög sérstæð. Flötin er á manngerðri eyju úti í tjörn.

„Þetta var svona rúmlega 60 metra högg. Ég notaði 56 gráðu fleygjárn og það var náttúrulega alveg frábært að sjá boltann fara ofan í holuna. Þetta er í fyrsta skipti sem ég fer holu í höggi og ekki leiðinlegt að gera það á svona holu.“

Það kemur kannski ekki á óvart að drengur sem ber nafnið Stefán Teitur Þórðarson sé ættaður ofan af Skaga. Eins og lesendur hafa kannski þegar getið sér til er hann fæddur inn í mikla fótboltafjölskyldu. Faðir hans er Þórður Þórðarson, sem lék í marki með ÍA um árabil og þjálfar nú meistaraflokk liðsins. Frændur drengsins eru meðal annars Ólafur Þórðarson, Teitur Þórðarson og Stefán Þórðarson en allir eru þetta kunnir knattspyrnukappar. Langafi Stefáns Teits er Þórður Þórðarson, sem lék í gullaldarliði Skagamanna hér á árum áður.

„Hann er ótrúlega sleipur í golfi en fótboltinn á samt hug hans allan,“ segir Þórður um strákinn. „Ég hef nú passað mig á því að vera ekkert að ýta Stefáni Teiti eða bróður hans, Þórði Þorsteini, út í íþróttir. Áhuginn er algjörlega sjálfsprottinn og maður þakkar bara fyrir það enda geta börn eytt tímanum í margt verra en að stunda íþróttir.“

Sjálfur segist Þórður hafa mjög gaman af golfi þótt hann komist ekki oft út á völl.



**STEFÁN TEITUR OG ÞÓRÐUR** Feðgarnir eru báðir á kafi í íþróttum. Stefán Teitur æfir bæði golf og fótbolta og Þórður hefur þjálfað meistaraflokk ÍA með frábærum árangri.

> Ég notaði 56 gráðu fleygjárn og það var náttúrulega alveg frábært að sjá boltann fara ofan í holuna.
>
> **STEFÁN TEITUR ÞÓRÐARSON**
> KYLFINGUR OG FÓTBOLTAMAÐUR

„Það fer auðvitað mikill tími í að þjálfa. Ætli ég fari ekki svona tíu sinnum á ári í golf. Það góða við þessa íþrótt er að maður þarf ekki að eiga nema eitt gott högg eða eina góða holu til þess að komast í gott skap.“

Stefán Teitur, sem verður 13 ára í október, segist hafa byrjað að æfa golf fyrir fjórum árum. Hann og margir vinir hans séu bæði í fótbolta og golfi. Á sumrin gefist því lítill tími í annað en þetta tvennt.

„Ég æfi golf fjórum sinnum í viku með Golfklúbbnum Leyni og ætla að halda því áfram.“

Stefáni Teiti gekk ljómandi vel í holukeppninni á Hamarsvelli. Hann komst í sextán manna úrslit en þess má geta að hann lék í flokki 14 ára og yngri. Þegar blaðamaður spurði Stefán Teit hvort það væri rétt sem faðir hans hefði sagt – að honum þætti fótboltinn skemmtilegri stóð ekki á svari. „Ég ætla að verða atvinnumaður í fótbolta,“ segir Stefán Teitur. „Ég spila með fjórða flokki ÍA – á miðjunni. Mér finnst samt mjög gaman í golfi en bara enn skemmtilegra í fótbolta.“

Stefán Teitur og Þórður játa því að mikið sé talað um íþróttir á heimilinu, sérstaklega fótbolta. Þeir halda að sjálfsögðu báðir með ÍA hér heima en leiðir skilja í enska boltanum.

„Ég held með Arsenal og pabbi Liverpool en við erum samt góðir vinir.“

trausti@frettabladid.is

Tímamót þegar frægasti kylfingur heims snýr aftur eftir langvinn meiðsli:

# Tiger Woods mætir án Williams

Tiger Woods stígur út á keppnisvöllinn í dag í fyrsta sinn í þrjá mánuði þegar hann hefur leik á Bridgestone Invitational heimsmótinu á Firestone-vellinum í Ohio-fylki. Hann verður þó án kylfusveinsins Steve Williams sem hann sagði upp störfum á dögunum eftir tólf ára samstarf.

Ferill Tigers hefur verið í uppnámi í næstum tvö ár, fyrst vegna vandamála hans í einkalífinu og þrálátra meiðsla. Hann hefur verið frá keppni undanfarið vegna meiðsla í hné og hásin, en sagði í blaðamannafundi á þriðjudag að sér hefði ekki liðið eins vel í mörg ár.

Kylfusveinninn Steve Williams verður fjarri góðu gamni, en Tiger sagði honum upp fyrir stuttu eftir rúmlega tólf ára samstarf þar sem Tiger vann þrettán af fjórtán risatitlum sínum.

Williams tók fréttunum illa og sagði meðal annars í sjónvarpsviðtali í heimalandi sínu Nýja-Sjálandi að hann hafi sóað síðustu tveimur árum ferils síns.

„Ég hef staðið að baki Tigers og sýnt honum fádæma hollustu. Ég er ekki vonsvikinn yfir að hafa misst vinnuna, það er hluti af bransanum, en tímasetningin er ótrúleg.“

Williams bætti því við að margir hefðu ráðlagt honum að yfirgefa Tiger á sínum tíma, en hann hafi ekki tekið það í mál.

Williams bar pokann fyrir ástralska kylfinginn Adam Scott í tveimur síðustu risamótum, án þess að bera það undir Tiger eftir því sem sögur herma. Hann hefur nú fengið fasta vinnu hjá Scott.

Spurður um uppsögnina sagði Tiger einungis að honum hefði fundist „kominn tími á breytingu“ og hann væri mjög sáttur við ákvörðun sína.

„Við Stevie höfum átt frábæran tíma. Steve er óneitanlega hörku kylfusveinn. Hann hefur hjálpað mér mikið og ég held að ég hafi hjálpað honum líka.“

Tiger tjáði sig ekki um ummæli Williams um að síðustu tvö ár hafi verið sóun.



**VÍK MILLI VINA** Steve Williams segist illa svikinn að hafa verið sagt upp störfum hjá Tiger Woods fyrir skömmu. Í tólf ára samstarfi unnu þeir tugi móta um allan heim, þar af þrettán risamót. NORDICPHOTOS/AFP

„Það eru hans orð og hans skoðun.“

Tiger verður með æskuvin sinn, Byron Bell, á pokanum í næstu mótum og keppir að því að landa sínum fyrsta sigri í tæp tvö ár og vinna sér þátttökurétt í úrslitakeppni PGA mótaraðarinnar.

Tiger er sem stendur í 28. sæti heimslistans og hefur ekki verið neðar síðan hann hóf keppni af fullum krafti á PGA mótaröðinni árið 1996. - þj

Tímamótatitill Yani Tseng:

# 22ja ára með fimm risatitla

Yani Tseng frá Taívan er á góðri leið með að skrifa nýja síðu í sögubækur kvennagolfsins þar sem hún vann sitt fimmta risamót um síðustu helgi með því að verja titil sinn á Opna breska meistaramótinu, aðeins 22 ára að aldri.



**YANI TSENG**

Tseng hefur verið á mikilli siglingu síðustu tö ár og situr á toppi heimslistans eftir sjö sigra á síðustu tveimur árum, þar af eru fjögur risamót. - þj

Íslandsmót unglinga:

# Færri komast að en vilja

Íslandsmót unglinga í höggleik hefst á Grafarholtsvelli á laugardaginn.

Stefán Garðarsson, hjá GSÍ, segir mikla ásókn í mótið enda sé þetta hápunktur sumarsins hjá ungum kylfingum. Alls fá 144 að taka þátt í mótinu en ríflega 180 sóttu um. Tugir ungmenna eru því á biðlista fyrir mótið sem stendur í þrjá daga. - th



RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÚTILÝSING
Við Fellsmúla - Reykjavík
INNFELLD LED LJÓS Í PALLA, VEGGI OG LOFT
9.995
5W - garðsett 3 stk. m/spenni
8.995
1W - garðsett 3 stk. m/spenni
NIÐURGRAFIN LJÓS, LED OG 12V
12V 6.995
LED 7.795
ÚTIKASTARAR, LED OG 12V
LED 5.995
12V 3.590
12V 2.995
INNFELLD LED LJÓS Í VEGGI OG PALLA
8.995
7.995
7.995
ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR
5.995
5.995
ÚTILJÓS LÝSA UPP OG NIÐUR
4.795
4.995
4.995
5.995
G9 25W
INNFELLD LJÓS Í VEGGI OG LOFT
2.995
ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR
5.995
5.995
ÚTI OG INNILJÓS Litir: króm og hvítt
4.495
með sparperu 28W
3.795
með sparperu 16W
4.295
með sparperu 28W
3.395
með sparperu 16W
ÚTILJÓS
995
ÚTILJÓS
3.295
3.295
ÚTILJÓS
995
995
995
ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt
1.995
1.995
1.995
1.995
ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt
3.995
3.995
ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt
3.995
3.995
3.595
3.595
ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt
3.995
3.995
3.595
3.595
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ:
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16

## > Bradley Cooper

„Ég var í skóstærð 44 þegar ég var 10 ára, svo ég hélt að ég myndi verða rúmir tveir metrar á hæð. Markmið mitt var að geta troðið í körfubolta. Ég endaði á að verða 185 cm og nota skóstærð 46,5. Þetta var ekki alveg að gera sig.“



***Bradley Cooper leikur í gamanmyndinni The Hangover, sem fjallar um þrjá menn sem vakna eftir steggjun í Las Vegas með verstu timburmenn ævi sinnar. Myndin er sýnd á Stöð***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ REYNIR AÐ VERA EÐLILEGUR Í SÉR

# *Eini auður minn er spekin. Eina stolt mitt vizkan*

„Hefur nokkurn tíma verið uppi Íslendingur sem er eins eðlilegur í sér og ég?“ Svo spyr Þórbergur Þórðarson í þeirri stórkostlegu bók Ofvitanum. Spurningin á fullan rétt á sér, þótt reyndar sé um fáa menn jafn óumdeilt að hafi ekki verið eðlilegir, hvað sem það nú þýðir, og einmitt Þórbergur. Hann gelti og hrein, talaði skringileg orð með sérkennilegum hreim, dansaði í sjónvarpssal og gerði Mullersæfingar við Ægisíðu.

Ofvitann er, líkt og með fleiri verk Þórbergs, erfitt að flokka niður. Endurminningum og skáldskap er blandað saman með ríkulegu magni af húmör. Útkoman er eitt af höfuðverkum íslenskrar tungu, sagan af lífsbaráttu ofvitans unga sem reynir að finna sig í heimi sem hann passar illa við.

„Hvað er ég?

Aðeins örsnauður einstæðingur, skinhoraður og skítugur kokkræfill, áreiðanlega snauðastur allra hinna snauðu, lingerður og ónýtur til allra líkamlegra stritverka, hjartabilaður síðan ég var á öðru ári æfinnar. Eini auður minn er spekin. Eina stolt mitt er vizkan.“



Þannig lýsir ofvitinn sjálfum sér og fáu er við það að bæta. Fróðleiksþorsta Þórbergs var við brugðið og sem betur fer kom hann honum og uppskeru hans ríkulega á framfæri við lesendur.

Ofvitinn er kvöldsaga Ríkisútvarpsins þessi dægrin og er óhætt að hvetja lesendur til að leggja við hlustir í kvöld klukkan 21.30, þegar lestur Þorsteins frá Hamri, frá árinu 1973, er endurtekinn. Best er líklega að ljúka þessum pistli með orðum Sobbega sjálfs, orðum sem margir mættu gera að sínum:

„Þeir, sem misþyrmdu lífi sínu með söfnun auðæfa, gerðu sig að strefandi þrælum mannvirðinga, tortímdu heill sálar sinnar í stríði til valda, – þeir voru þá fyrir mínum sjónum óskiljanlegir vanskapnaðir. Það var ekki fyrr en átta árum síðar, að ég skildi, að þeir ættu að eiga heima á geðveikrahælum þjóðanna.“

## RÚV

**15.40 Íslenski boltinn** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Gurra grís** (4:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil** (6:52)
**17.40 Einmitt þannig sögur** (2:10)
**17.55 Geymslan**
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Skassið og skinkan** (17:20)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Grillað** (4:8) Matreiðslumennirnir Völundur Snær Völundarsson, Sigurður Gíslason og Stefán Ingi Svansson töfra fram girnilegar krásir.
**20.10 Drottningarfórn** (3:3) (Drottningoffret) Elizabeth Meyer og Charlotte Ekeblad ætla sér að ná völdum aftur fyrir sósíaldemókrata í Svíþjóð, en flokksformaðurinn Meyer þarf vernd leyniþjónustunnar vegna hótana nýnasista og glímir þar að auki við Alzheimer.
**21.10 Sönnunargögn** (6:13) (Body of Proof) Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Heimsmeistaramót íslenska hestsins** (3:5)
**22.45 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV)
**23.30 Þrenna** (6:8) (Trekant)
**00.00 Fréttir** (e)
**00.10 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Billy Madison**
**10.00 The Rocker**
**12.00 Stuart Little**
**14.00 Billy Madison**
**16.00 The Rocker**
**18.00 Stuart Little**
**20.00 The Hangover**
**22.00 The Last Time**
**00.00 Marilyn Hotchkiss Ballroom Dancing and Charm School**
**02.00 Comeback Season**
**04.00 The Last Time**
**06.00 The Last Song**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (3:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.55 The Mentalist** (7:23)
**11.45 Gilmore Girls** (6:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Wordplay**
**14.40 The O.C. 2** (21:24)
**15.25 Sorry I've Got No Head**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (7:24)
**19.45 Modern Family** (8:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem eru nálægt því sem við sjálf þekkjum.
**20.10 The Amazing Race** (12:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.
**20.55 The Closer** (2:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe verðlauna sex ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnsons.
**21.40 The Good Guys** (2:20)
**22.25 Sons of Anarchy** (2:13)
**23.10 The Whole Truth** (6:13)
**23.55 Lie to Me** (18:22)
**00.40 Damages** (11:13)
**01.25 Next**
**03.00 Apocalypto**
**05.15 The Simpsons**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin**
**08.10 Pepsi mörkin**
**18.00 Rey Cup mótið** Sýnt frá Rey Cup, alþjóðlegu knattspyrnumóti sem haldið er í Reykjavík fyrir börn og unglinga. Leikið er í 3. og 4. flokki karla og kvenna. Umsjónarmaður þáttarins er Guðjón Guðmundsson.
**18.40 Fylkir - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**20.30 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
**21.40 The U** Einstök heimildarmynd um ótrúlegan árangur háskólaliðsins Miami Hurricanes í ameríska fótboltanum í upphafi níunda áratugar síðustu aldar. Þjálfarinn tók þá umdeildu ákvörðun að sækja blökkumenn í fátækustu hverfin í Flórída og setja þá í lið háskóla sem hafði hingað til nær eingöngu verið með hvíta nemendur.
**23.30 Chelsea - Man. Utd.**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.55 Michael Owen** Skemmtileg þáttaröð um bestu knattspyrnumenn allra tíma.
**17.20 Season Highlights 2003/2004** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**18.15 Barcelona - Man. Utd.** Útsending frá æfingaleik Barcelona og Manchester United.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.30 Community Shield 2011 - Preview Show** Hitað upp fyrir hinn árlega leik um Samfélagsskjöldinn þar sem meistarar meistaranna í enska boltanum eru krýndir. Það eru Englandsmeistarar Manchester United og bikarmeistarar Manchester City sem mætast á Wembley.
**21.00 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.30 Airtricity XI - Man. City** Útsending frá leik Manchester City gegn úrvalsliði írksu deildarinnar í Dublin Super Cup 2011.
**23.15 Inter - Celtic** Útsending frá leik Celtic og Inter í Dublin Super Cup 2011.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Dynasty** (16:28)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 My Generation** (6:13) (e)
**19.00 Real Housewives of Orange County** (5:17)
**19.45 Whose Line is it Anyway?**
**20.10 Rules of Engagement** (14:26)
**20.35 Parks & Recreation** (13:22) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Ann og Leslie lenda í fyrsta sinn á ævinni í slagsmálum.
**21.00 Running Wilde** (9:13) Bandarísk gamanþáttaröð frá framleiðendum Arrested Development. Stjúpmóðir Steves mætir á svæðið til að skera niður óhófleg útgjöld erfingjans á meðan Steve sjálfur planar miklar bókhaldsbrellur.
**21.25 Happy Endings** (9:13) Bandarískir gamanþættir. Alex og Dave eru par sem eiga frábæran vinahóp. Dave er himinlifandi þegar hann fréttir að kennari hans úr gaggó sem hafði mikil áhrif á hann í æsku er staddur í borginni.
**21.50 Law & Order: Los Angeles** (20:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í borg englanna, Los Angeles.
**22.35 The Good Wife** (8:23) (e)
**23.20 Californication** (8:12) (e)
**23.50 In Plain Sight** (5:13) (e)
**00.35 CSI** (18:23) (e)
**01.20 Smash Cuts** (18:52) (e)
**01.45 Law & Order: LA** (20:22) (e)
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**06.40 The Greenbrier Classic** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.50 The Greenbrier Classic** (4:4)
**16.45 Golfing World**
**17.35 Inside the PGA Tour** (31:42)
**18.00 World Golf Championship** (1:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2006 - Official Film**
**23.50 ESPN America**

## EXTRA

**19.45 The Doctors** (163:175)
**20.30 In Treatment** (41:43) Athyglisverð þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum. Gabriel Byrne hlaut á dögunum Golden Globe verðlaunin sem besti leikari í sjónvarpsþáttaröð.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Hot In Cleveland** (3:10) Frábærir gamanþættir sem fjalla um þrjár frábærar vinkonur frá Los Angeles, rithöfundinn Melanie Morretti, augnabrúnasérfræðing stjarnanna, Joy Scroggs, og fyrrverandi sápuóperuleikkonuna Victoriu Chase. Líf þeirra breytist til frambúðar þegar flugvélin þeirra, sem var á leið til Parísar, stoppar óvænt í Cleveland og vinkonurnar ákveða að dvelja þar um tíma og hefja nýtt líf.
**22.15 Cougar Town** (3:22) Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilega gamanþætti með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess enda finnst henni hún engan veginn samkeppnishæf.
**22.40 Off the Map** (9:13)
**23.25 Diamonds** (2:2)
**00.55 In Treatment** (41:43)
**01.20 The Doctors** (163:175)
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Róbert Guðfinnsson ræðir um sinn gamla heimabæ, Siglufjörð.
**21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur**
**21.30 Kolgeitin**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**
**The Amazing Race**

Það er komið að spennandi lokaþætti í kapphlaupinu um heiminn og liðin þrjú sem eftir eru halda nú til Havaí þar sem endamarkið er að þessu sinni. Sigurliðið fær eina milljón dollara í verðlaun.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Sól skín í heiði - Elskan mín hefur falleg brjóst **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Konur, geðveiki og sköpunarþráin **19.40** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Erótík í skáldsögum Halldórs Laxness **23.20** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**11.15** Monarch of the Glen **12.05** Keeping Up Appearances **12.35** New Tricks **13.30** New Tricks **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Deal or No Deal **16.05** Keeping Up Appearances **16.35** ‚Allo ‚Allo! **17.00** ‚Allo ‚Allo! **17.30** Jane Eyre **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.10** Live at the Apollo **23.55** QI **00.25** Little Britain **00.55** My Family **01.25** Jane Eyre **02.15** Jonathan Creek **03.10** Top Gear

## DR 1

**14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Fandango **15.00** Kærlighed i ukendt land **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** På optagelse med Livets planet **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet Sommer **17.45** Sommervejret **18.00** Sporløs **18.30** 90'erne tur retur **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.30** Post Danmark Rundt 2010 **19.55** Vore Venners Liv **20.55** Elskerinder **21.45** Trekant **22.15** Min italienske drøm **04.00** Rasmus Klump **04.05** Chiro **04.10** Den lille røde traktor **04.20** Humf

## NRK 1

**11.05** Niklas' mat **11.30** Lisa goes to Hollywood **12.00** Hvilket liv! **12.30** I Zlatans fotspor **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Ut i nærturen **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 80-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Landsskytterstevnet **18.25** Mat i Norden **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sommeråpent **20.15** Drikker jeg for mye? **21.10** Kveldsnytt **21.25** Ein idiot på tur **22.10** John Adams **23.10** De kaller oss artister **23.40** Blues jukeboks

## svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** En svensk sommar i Finland **14.45** Livet på landet **15.15** Vid lägerelden **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Spisa med Price **16.45** Genialt eller galet **17.05** K-märkta ord **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Svaleskär **18.30** Mitt i naturen **19.00** The Cove **20.30** Angels in America **21.25** Allsång på Skansen **22.25** Uppdrag Granskning **23.25** Rapport







## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Hamborgarabúllan. Ég fæ mér alltaf bernaiseborgarann."*

Davíð Kristinsson, rekstrarstjóri Glaumbars.

# Keppt í uppistandi á Prikinu

„Þetta hefur ekki verið gert síðan fyndnasti maður Íslands var síðast krýndur," segir grínistinn Halldór Halldórsson, Dóri DNA.

Dóri, Steindi Jr. og Ágúst Bent setjast í dómarasætið á Prikinu á morgun þar sem keppni í uppistandi fer fram klukkan átta. Dóri segir skráningu í keppnina ganga vel, en þeir sem vilja spreyta sig geta ennþá skráð sig til leiks með því að senda póst á bokanir@prikid.is.

Að hverju eruð þið að leita?

„Það eru rosalega margir frumlegir og með steiktar pælingar sem eru fyndnar. Það sleppur oft. En sá sem kemur á sviðið, skín af sjálfsöryggi og hefur lag á tímasetningu brandara ber sigur úr býtum á morgun," segir Dóri ákveðinn.

Hann segir sigur í svona keppni geta opnað ýmsar dyr og bendir á að Margrét Björnsdóttir, úvarpskona á FM957, hafi fyrst vakið athygli eftir sigur í uppistandskeppni Verslunarskólans. „Ég held að fyndnir menn og fyndnar konur á Íslandi eigi alltaf góða möguleika," segir Dóri.

Sjálfur kom hann fyrst fram á Prikinu ásamt Bergi Ebba Benediktssyni. Upp úr því spratt uppistandshópurinn Mið-Ísland, sem hefur slegið í gegn og byrjar með þátt á Stöð 2 í vetur. „Nú erum við bara á leiðinni í sjónvarpið og ég er með aflitað hár og allir halda að ég sé orðinn geðveikur," grínast Dóri, sem þurfti að breyta háralit sínum fyrir sjónvarpsþáttinn.

- afb



**AFLITAÐUR DÓMARI** Dóri dæmir uppistandskeppnina á Prikinu á morgun ásamt Steinda Jr. og Ágústi Bent. Breytt hár hans má ekki túlka sem yfirlýsingu dómara, heldur var það aflitað í þágu væntanlegs sjónvarpsþáttar Mið-Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Buxum var stolið frá Árna Plúseinum og félögum í hljómsveitinni FM Belfast á tónlistarhátíðinni Rocken an Brocken í Þýskalandi um síðustu helgi. Atvikið átti sér stað þegar hljómsveitarmeðlimir fóru úr buxunum eins og venjan er í laginu vinsæla Underwear. Það vildi ekki betur til en svo að æstur aðdáandi gat ekki á sér setið og stal einum buxum. FM Belfast-liðar hafa óskað eftir liðsinni hjá tónleikagestum hátíðarinnar við að finna buxurnar. - fb














ALEXANDER STRÖM: ÞETTA ER HIN FULLKOMNA LIÐSÍÞRÓTT

# Vinirnir hætta í íshokkí til þess að gerast klappstýrur

„Þetta er vinaleg íþrótt sem leggur mikið upp úr góðum liðsanda og jákvæðni," segir sænski klappstýrumeistarinn Alexander Ström, sem ásamt félaga sínum Pétri Sveinssyni ætlar að kynna klappstýruíþróttina fyrir Íslendingum og standa fyrir námskeiði um helgina. „Ég er viss um að Íslendingar eru forvitnir að vita um hvað íþróttin snýst," segir Pétur og bætir við að klappstýring sé íþróttagrein og ekki einungis klapp frá hliðarlínunni á öðrum íþróttaleikjum.

Vinsældir klappstýruíþróttarinnar fara vaxandi í Skandinavíu, á meginlandi Evrópu og í Bandaríkjunum. Alexander er til að mynda margfaldur sænskur meistari í íþróttinni og sá um að kynna hana fyrir Pétri. „Ég fór á eitt mót í Svíþjóð fyrir fimm mánuðum og varð uppnuminn af íþróttinni. Það er svo mikil orka og jákvæðni sem streymir í gegn að ég vildi strax fara að æfa," segir Pétur, sem hefur hvorki æft dans né fimleika áður. „Ég hef bakgrunn úr fótbolta og það að ég geti æft þessa íþrótt sýnir að allir geta verið með."

Alexander tekur undir þessi orð Péturs og bætir við að það sé einn af kostum íþróttarinnar. „Allir fá sitt hlutverk óháð líkamlegri getu og stærð. Þetta er hið fullkomna liðssport þar sem allir verða að leggjast á eitt og treysta hver öðrum."

Alexander hefur verið staddur hér á landi í þrjár vikur og það kom honum skemmtilega á óvart hversu góða aðstöðu Ísland hefur upp á að bjóða. „Það er ekkert skrýtið að þið náið langt í íþróttum því þið hafið allt til alls. Ég er viss um að Ísland getur náð langt í íþróttinni og verið á toppnum eftir nokkur ár."

En hvað vill hann segja við þá sem halda að íþróttin sé bara fyrir stelpur? „Lítið á mig. Auðvitað eru fleiri stelpur en strákar í þessu núna en hún er samt karlmannleg. Ég hef til dæmis fengið vini mína til að yfirgefa íshokkí og byrja að æfa klappstýruíþróttina frekar."

Alexander og Pétur hvetja alla til að skrá sig á námskeiðið sem haldið verður í Fagralundi um helgina. Ekkert aldurstakmark og enginn sérstakur íþróttalegur bakgrunnur er nauðsynlegur. Þeir ætla svo að sýna afrakstur námskeiðsins víðs vegar um borgina um helgina.

Hægt er að skrá sig og fá nánari upplýsingar á vefsíðunni http://www.icelandcheer.com/.

alfrun@frettabladid.is



**ÍÞRÓTT FYRIR ALLA** Þeir Alexander Ström og Pétur Sveinsson ætla að kynna klappstýruíþróttina fyrir Íslendingum um helgina. Ström er margfaldur sænskur meistari í íþróttinni, sem er mjög vinsæl úti í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hönnuðir flykkjast til Köben

„Þetta er í þriðja sinn sem við förum hingað út. Alltaf gaman þó að auðvitað séu þetta fyrst og fremst viðskipti," segir Jóel Pálsson, annar eigenda fatamerkisins Farmers Market.

Jóel var að lenda í Kaupmannahöfn ásamt eiginkonu sinni, Bergþóru Guðnadóttur, þegar Fréttablaðið náði af honum tali. Danska tískuvikan hefst í dag og er Kaupmannahöfn stútfull af innkaupafólki og fatahönnuðum víðs vegar að úr heiminum.

„Við erum með bás á CPH Vision og ætlum að sýna sumarlínuna 2012 en það er í fyrsta sinn sem við erum með sérstaka sumarlínu," segir Jóel, en Farmers Market hefur hingað til verið þekkt fyrir lopapeysur og aðrar vetrarvörur.

Fleiri íslenskir hönnuðir leggja leið sína til Kaupmannahafnar um helgina til að koma nafni sínu á framfæri. Íslandsstofa heldur uppteknum hætti og styrkti þrjú íslensk fatamerki til fararinnar í ár. Það eru merkin Lúka art & design, Kron by KronKron og Diza by Alprjón.



**SUMARLÍNA** Þau Bergþóra Guðnadóttir og Jóel Pálsson eru stödd með sumarlínu Farmers Market fyrir árið 2012 á tískuvikunni í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einnig er fatamerkið Andersen & Lauth í Kaupmannahöfn en þau eru með bás í Galleri-sýningarhöllinni. Þess má því vænta að íslensk tíska veki verðskuldaða athygli í Kaupmannahöfn yfir helgina. - áp



# ÚTSÖLUBYRJUN!

**20-70**% afsláttur

af dömu, herra og barnavörum.




**GULA HÚSIÐ**

**FAXAFENI 8**

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

**ÓDÝRT & GOTT**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



RIKKA kvenfataverslun

Göngugötunni á Akureyri

kello ELTON DELUCA PARDON CHOISE


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stefán lætur undan

Einn þrautseigasti bloggari landsins er formaður Samtaka hernaðarandstæðinga, **Stefán Pálsson**. Svo lengi sem elstu menn muna hefur Stefán haldið úti sínu bloggi á vefsvæðinu kaninka.net og þrátt fyrir ótal gylliboð hefur engum tekist að lokka hann á aðrar slóðir. Það er þangað til núna. Í gær upplýsti Stefán nefnilega að hann væri meðal nýrra bloggara á endurreistri Smugu, vefritinu sem er að hluta til í eigu Vinstri grænna (þótt hann haldi reyndar áfram til á Kaninkunni líka). Líklega þykjast æðstráðendur Smugunnar hafa himin höndum tekið með því að tryggja sér krafta Stefáns, en það er hins vegar einn galli á þeirri gjöf: Stefán er eiginlega hættur að blogga.



### Engin Ellen

Allt ætlaði um koll að keyra í gær þegar fréttir bárust af komu spjallþáttastjórnandans **Ellen DeGeneres** til landsins. Talsmenn Gay Pride-hátíðarinnar lýstu yfir mikilli ánægju með komu hennar til landsins, enda hefur hún barist ötullega fyrir réttindum samkynhneigðra í gegnum tíðina, og sögðust þeir vona að hún kæmi í Gleðigönguna á laugardaginn. Gleðin var þó skammvinn þar sem Vísir birti frétt um að Ellen væri ekki á landinu, heldur þýskur tvífari, Caroline Koch. Koch skemmti sér konunglega yfir fréttunum af frægu tvífaranum sínum og sagðist vera mikill aðdáandi hennar.

- afb, sh



## Mest lesið vísir

1. Stórstjarnan Ellen Degeneres í Smáralind
2. Auðmannsdóttir með sprengju um hálsinn
3. Mataræði og lífsstíll geta lengt ævina um 15 ár
4. Heiðmerkurmorðinginn ósakhæfur
5. Katrín Middleton fær þjálfun hjá sérsveitamönnum


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir

herra GARÐURINN

-klæðir þig vel

Útsölulok!

fimmtudag til sunnudags

50%

afsláttur

af öllum

útsöluvörum

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS HUGO SAND strellson eterna POLO RALPH LAUREN

PETER VAN HOLLAND VAN KOLLEM FINUCCI bugatti gardeur TINO COSMA LLOYD